

skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




Óður til Helenu og Óðins
*Jana María Guðmundsdóttir og Ívar Helgason flytja söng- og sögudagskrá helgaða Helenu Eyjólfsdóttur og Óðni Valdimarssyni í Salnum í kvöld.*
**allt** 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**16. september 2011**
216. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Nýtt tvíeyki**
*Leikstjórinn Baldvin Z gerir bíómynd eftir handriti Bigga í Maus.*
**fólk** 34

**Hjálpað í Esjuhlíðum**
*Dagur íslenskrar náttúru haldinn í fyrsta sinn í dag.*
**tímamót** 18



**KR aftur á toppinn**
*Stjarnan vann ÍBV og KR nægði jafntefli til að endurheimta efsta sætið.*
**Sport** 28 og 30

**veðrið í dag**




**RIGNING S- OG V-TIL** í dag verður SA 5-13 m/s. Úrkoma S- og V-lands en sínu mest SA-til. Úrkomulítið NA-lands. Hiti 8-15 stig.
**VEÐUR** 4

# Obama fyrirskipar aðgerðir gegn Íslandi vegna hvalveiða

**Bandaríkjaforseti hefur ákveðið að Íslendingar skuli beittir diplómatískum þvingunaraðgerðum vegna hvalveiða. Hvatt til þess að þátttaka í samstarfi um Norðurskautið verði skilyrt við breytta hvalveiðistefnu.**

**UTANRÍKISMÁL** Barack Obama Bandaríkjaforseti fyrirskipaði í gær að grípa skyldi til ýmiss konar diplómatískra þvingunaraðgerða gegn Íslendingum vegna hvalveiða í atvinnuskyni. George W. Bush gaf út sams konar fyrirmæli árið 2004 á grundvelli svokallaðs Pelly-ákvæðis í þarlendri fiskveiðilöggjöf.

Fyrirmælin sem Obama hefur kynnt ríkisstjórn sinni og þinginu eru í sex liðum og snúa eingöngu að pólitískum samskiptareglum. Fyrirmælin nú eru mun sértækari og nákvæmari en þau sem Bush gaf út fyrir sjö árum.

Viðskiptaráðherra Bandaríkjanna lagði til við forsetann um miðjan júlí að grípa til aðgerðanna. Forsetinn hafði þá sextíu daga til að bregðast við tilmælunum, sem hann gerði formlega í gær og tók í einu og öllu undir tillögur ráðherrans. „Ég tel að þessar aðgerðir séu vænlegasta leiðin til að fá Íslendinga til að draga úr hvalveiðum sínum,“ segir Obama í yfirlýsingu sinni vegna málsins.

Samkvæmt fyrirmælunum skulu bandarískar sendinefndir viðra áhyggjur sínar af hvalveiðum Íslendinga á öllum fundum með íslenskum stjórnvöldum og leita leiða til að hindra þær.

Bandarískir ráðherrar skulu meta það hversu viðeigandi það er að heimsækja Ísland í ljósi stöðunnar og innanríkisráðuneytinu er gert að fara yfir samstarfsverkefni um Norðurskautið og skilyrða þátttöku Bandaríkjamanna í þeim eins og kostur er við breytingar á hvalveiðistefnu Íslands. Síðustu þrír liðirnir snúast svo um að stofnanir ytra skuli fylgjast náið með vendingum í málaflokknum og þrýsta áfram á íslensk stjórnvöld að stöðva veiðarnar.

Hægt er að beita þjóðir viðskiptaþvingunum á grundvelli hins fjörutíu ára gamla Pelly-ákvæðis, en til þess ráðs hefur hins vegar aldrei verið gripið. Viðskiptaráðherrann hefur nokkrum sinnum lagt það til vegna veiða annarra þjóða en forsetinn aldrei fallist á það.

> Ég tel að þessar aðgerðir séu vænlegasta leiðin til að fá Íslendinga til að draga úr hvalveiðum sínum.
>
> **BARACK OBAMA**
> BANDARÍKJAFORSETI

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, lýsti því yfir í júlí að það væri fráleitt af hálfu Bandaríkjamanna að beita Íslendinga þvingunum vegna málsins og honum þætti ósennilegt að af því yrði. Jón vildi ekki tjá sig frekar um málið í gærkvöldi. Ekki náðist í Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. **- sh**



**KVENNALANDSLIÐIÐ GLEÐUR BÖRNIN** Margrét Lára Viðarsdóttir og hluti kvennalandsliðs Íslands í knattspyrnu glöddu börn sem dvelja á Barnaspítala Hringsins með gjöfum í gær. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari segir bæði landslið karla og kvenna líta orðið á það sem lið í upphitun fyrir landsleiki að heimsækja börnin á spítalann. Kvennalandsliðið tekur á móti Norðmönnum á Laugardalsvelli á morgun í undankeppni Evrópumóts kvennalandsliða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ben Stiller með stór áform:

## Tekur upp bíómynd á Íslandi

**FÓLK** Kvikmyndaleikarinn og leikstjórinn Ben Stiller undirbýr tökur á kvikmynd á Íslandi. Um er að ræða endurgerð sígildrar kvikmyndar, The Secret Life of Walter Mitty, frá 1947. Hluti myndarinnar gerist hér á landi í nýju handriti Stevens Conrad.



**BEN STILLER**

Stiller kom til landsins á miðvikudag og hefur skoðað mögulega tökustaði auk þess að kynna sér land og þjóð. Framleiðslufyrirtækið True North aðstoðar Stiller við undirbúninginn hér á landi.

Leikarinn hefur greint frá ferðum sínum í véfréttastíl á Twitter-síðu sinni. Í gærkvöld birti hann meðal annars mynd frá Djúpavogi. **- fgg / sjá síðu 34**

Helle Thorning-Schmidt fyrsta konan í embætti forsætisráðherra Danmerkur:

## Rauðu flokkarnir unnu nauman sigur

**STJÓRNMÁL** Helle Thorning-Schmidt, leiðtogi sósíaldemókrata, verður næsti forsætisráðherra Danmerkur eftir nauman sigur bandalags vinstri flokka í gær. Hinu svokallaða rauða bandalagi hafði verið spáð ögn stærri sigri.

Lars Løkke Rasmussen, leiðtogi Venstre og núverandi forsætisráðherra, játaði ósigur í gærkvöld. Hægriblokkin hefur verið við völd í Danmörku síðastliðinn áratug.

Flokkarnir á vinstri væng stjórnmálanna unnu með 50,2 prósentum atkvæða og 89 þingsætum á móti 49,7 prósentum hægri blokkarinnar, sem fær 86 þingsæti. Niðurstaðan lá ljós fyrir um klukkan tíu í gærkvöldi þegar búið var að telja 99,1 prósent atkvæða.



**NÝR FORSÆTISRÁÐHERRA** Helle Thorning-Schmidt var ákaft fagnað þegar úrslit lágu fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sósíaldemókratar töpuðu einu þingsæti frá síðustu kosningum. Stuðningsflokkarnir, Róttæki flokkurinn og Einingarlistinn, eru raunverulegir sigurvegarar kosninganna en þeir bættu verulega við sig. Sá fyrrnefndi hlaut sautján þingsæti, tæplega tvöfalt fleiri en í þingkosningunum árið 2007. Einingarlistinn náði tólf þingsætum, sem er þrefalt meira en í síðustu kosningum.

Af úrslitunum er ljóst að Helle Thorning-Schmidt verður fyrsti kvenforsætisráðherra Danmerkur. Rasmussen tilkynnti stuðningsmönnum sínum í gærkvöld að hann hefði hringt í hana og óskað henni til hamingju. „Við höfum nú skrifað nýjan kafla í sögu Danmerkur,“ sagði Thorning-Schmidt. **- jab**







## SPURNING DAGSINS



*Ellen, eru sumar fasteignir ómerkilegri en aðrar í Borgarfirði?*

„Klárlega ekki þótt sumir virðist halda það."

Ellen Ingvadóttir gagnrýnir í grein sinni í Fréttablaðinu í gær fullyrðingar ritstjóra Skessuhorns um að eigendur sumarhúsa séu afætur á samfélagi heimamanna í Borgarfirði.

Eygló Harðardóttir spyr efnahags- og viðskiptaráðherra hvort fjármögnunarfyrirtækin séu að brjóta lög:

# Þingkona kærir ákvörðun til ráðuneytis

**EFNAHAGSMÁL** Eygló Harðardóttir, þingkona Framsóknarflokks, hefur lagt fram stjórnsýslukæru til innanríkisráðherra vegna SP fjármögnunar og Umferðarstofu.

Eygló biður ráðuneytið að kanna hvort löglegt sé fyrir Umferðarstofu að neita að skrá eiginmann hennar sem eiganda fjölskyldubílsins, sem var keyptur á bílaláni hjá SP fjármögnun árið 2004.

Eiginmaður Eyglóar, Sigurður E. Vilhelmsson, fór fram á við Umferðarstofu 2. ágúst síðastliðinn að skráningu ökutækisins yrði breytt í samræmi við dóma Hæstaréttar. Sigurður vildi verða skráður eigandi fjölskyldubifreiðarinnar, en ekki SP fjármögnun. Umferðarstofa synjaði þessu.



**VIÐ BÍLINN** Eygló og eiginmaður hennar hafa kært ákvörðun Umferðarstofu til innanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Kærandi kefst þess að innanríkisráðuneytið fjalli um ákvörðun Umferðarstofu frá 11. ágúst 2011 sl. þess efnis að synja beiðni hans um að vera skráður eigandi bifreiðarinnar RT337 í ökutækjaskrá stofnunarinnar. Jafnframt er þess krafist að ráðuneytið fjalli um efnislegt lögmæti ákvörðunarinnar," segir í kærunni.

Þá sendi Eygló efnahags- og viðskiptaráðherra skriflega fyrirspurn þess efnis hvort fjármögnunarfyrirtækin eigi ekki að telja þær bifreiðar sem þau segjast eiga, fram til skatts. Í ársreikningum fyrirtækjanna séu þær þó hvergi skráðar sem eign, heldur eru þær skráðar sem eign í skattframtölum lánþega. Eygló spyr ráðherra meðal annars hvort slíkt samræmist lögum.

„Efnahags- og viðskiptaráðherra fer yfir þetta og ég vænti þess að hann komi fram með afstöðu í þessu máli. Hann getur ekki hlaupist undan því," segir Eygló og vísar í dóma Hæstaréttar þar um. „Ég tel að við eigum bílana okkar." **- sv**

Heilbrigðisráðherra á þingi:

## Heilsustofnun starfi áfram

**ALÞINGI** Ekki kemur annað til greina en að Heilsustofnunin í Hveragerði starfi áfram eftir áramót, sagði Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

Hann sagði það ósæmandi hegðun hjá forsvarsmönnum stofnunarinnar að segja upp starfsmönnum frá og með áramótum þar sem enn hafi ekki tekist að semja við ríkið um framlög. Guðbjartur sagði hugsanlegt að skýra þurfi línur varðandi verkefni stofnunarinnar, og að framlög til hennar skerðist um sama hlutfall og önnur útgjöld til heilbrigðismála. **- bj**

Sarkozy og Cameron:

## Hvetja Gaddafí til uppgjafar

**LÍBÍA, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, heita því að veita nýjum stjórnvöldum í Líbíu verulegan stuðning.**

**Þeir gerðu sér í gær ferð til Trípolí, höfuðborgar Líbíu, og lofuðu hvort tveggja að hersveitir NATO héldu áfram árásum á stuðningsmenn Gaddafís og að losað yrði um fé fyrri stjórnar, sem fryst hefur verið í bönkum, þannig að nýju valdhafarnir fengju það til umráða.**

**Sarkozy sagði að Gaddafí og aðrir sem framið hefðu glæpi yrðu dregnir fyrir dómstóla. „Þetta er búið. Gefist upp," sagði Cameron og beindi orðum sínum til Gaddafís og stuðningsmanna hans.**

**Bardagar geisuðu í gær í Sirte, fæðingarborg Gaddafís, þar sem stuðningsmenn hans hafast enn við.** **- gb**

# Ekkert gefið eftir þótt ánægjan sé í fyrirrúmi

**Norðurlandamót öldunga fer fram á Íslandi þessa dagana. Bragi Halldórsson segir að þótt sigur sé ekki í forgangi hjá keppendum sé mikil barátta til staðar. Bragi og Friðrik Ólafsson eru í toppbaráttunni þegar þrem umferðum er ólokið.**

**SKÁK** „Hér er alls ekkert gefið eftir. Síður en svo," segir Bragi Halldórsson, einn af þátttakendum á Norðurlandamóti öldunga sem fer fram þessa dagana.

„Hér njóta menn leiksins og baráttunnar og það er í fyrirrúmi hjá flestum," bætir Bragi við. „Úrslitin eru því ekki aðalatriðið, heldur frekar ánægjan af leiknum."

Bragi hefur verið í forystu nær allt mótið en tapaði fyrir Nils Åke Malmdin í sjöttu umferð, sem fór fram í gær, og féll niður í sjötta sætið.

Meðal þeirra 52ja keppenda sem eru mættir til leiks að þessu sinni er Finninn Heikki Westerinen, sem hefur unnið þetta mót síðustu þrjú skipti, en keppt hefur verið annað hvert ár frá árinu 1999.

„Hér eru margir sterkir skákmenn," segir Bragi. „Westerinen hefur til dæmis teflt oftar en nokkur annar á Ólympíumóti og síðan er ánægjulegt að sjá Friðrik [Ólafsson stórmeistara] aftur í keppni. Hann var örlítið ryðgaður framan af en er kominn í gang núna," segir Bragi.

Eftir úrslitin í sjöttu umferð eru finnski stórmeistarinn Yrjö Rantanen og Daninn Jørn Sloth í forystu með fimm vinninga. Friðrik vann í gær og er í þriðja til fimmta sæti ásamt Westerinen og Malmdin með fjóra og hálfan vinning.

Mótið fer fram í húsakynnum Taflfélags Reykjavíkur í Faxafeni. Þrjár umferðir eru eftir og hefst sjöunda umferð í dag klukkan 14. Mótinu lýkur á sunnudag. Þá kemur í ljós hvort Westerinen sigrar í fjórða sinn í röð eða hvort titillinn fellur einhverjum öðrum í skaut. Jafnvel gæti Íslendingur unnið í fyrsta sinn. **thorgils@frettabladid.is**



**Í TOPPBARÁTTUNNI** Bragi Halldórsson hefur staðið sig vel það sem af er Norðurlandamóti öldunga í skák. Hann er í toppbaráttunni ásamt mörgum sterkum skákmönnum, til að mynda Friðriki Ólafssyni og Heikki Westerinen sem hefur unnið þetta mót í síðustu þrjú skipti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KOMINN AFTUR TIL KEPPNI** Stórmeistarinn Friðrik Ólafsson, sem er fyrrverandi formaður Alþjóðaskáksambandsins, er meðal keppenda.



**FRÁ STOKKHÓLMI** Atvinnuleysi í Svíþjóð mældist 6,6 prósent í ágúst, sem er minna en óttast var. NORDICPHOTOS/GETTY

Vinnumarkaður í Svíþjóð:

## Atvinnuleysið minna en í fyrra

**SVÍÞJÓÐ Atvinnuleysi í Svíþjóð mældist 6,6 prósent í ágúst, sem er nokkru minna en búist hafði verið við.**

**Í opinberum hagtölum frá Svíþjóð segir að í ágúst í fyrra hafi atvinnuleysi mælst 7,4 prósent og höfðu hagfræðingar gert ráð fyrir að hlutfallið í ár yrði 6,8 prósent.**

**Alls voru 336 þúsund manns án atvinnu í Svíþjóð í síðasta mánuði, en atvinnuleysi dróst mun meira saman hjá konum en körlum. Heildarvinnustundum á sænska vinnumarkaðinum fjölgaði um þrjú prósent milli ára.** **- þj**

Fengu sér far með vaðfuglum:

## Sniglar á flugi yfir Mexíkó

**VÍSINDI** Ákveðnar tegundir sjávarsnigla hafa náð að auka útbreiðslu sína með því að taka sér far með vaðfuglum yfir Mexíkó, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar vísindamanna við Smithsonian-safnið í Bandaríkjunum.

Vísindamennirnir telja snigla hafa komist úr Mexíkóflóa og yfir Mexíkó í nægilega miklu magni til að fjölga sér í sjónum vestan við Mexíkó í það minnsta tvisvar á síðustu milljón árum.

„Alveg eins og fólk notar flugvélar til að fljúga yfir hafið nota sniglarnir fugla til að fljúga yfir land," segir Mark Torchin, einn sérfræðinga safnsins. „En þeir gera það að vísu mun sjaldnar." **- bj**





Nú er hægt að fá fetaost sem kubb í saltvatni. Gott er að nota ostinn í salöt, samlokur, grænmetisrétti og á pítsuna. Ljúffengar uppskriftir með fetaosti er að finna á www.gottimatinn.is


Leigjandi stundaði kannabisræktun í lokuðu og gluggalausu rými:

# Lögreglan rann á kannabisfnyk

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan upprætti í gær kannabisræktun sem fannst í lokuðu og gluggalausu rými við Síðumúla. Málið var í rannsókn síðdegis og var meðal annars verið að telja plönturnar og leggja hald á búnað, þar sem meðal annars var að finna viftur, sterka lampa og vökvunarkerfi.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu lagði kannabisfnykinn út á götu og runnu lögreglumennirnir á lyktina snemma í gærmorgun. Í rýminu, sem er í kjallara undir iðnaðar- og verslunarhúsnæði við götuna, fundu þeir vatnsræktun með tilheyrandi búnaði og um sextíu fullvaxnar plöntur, tilbúnar til niðurskurðar og verkunar.

Lögregla veit hver ræktandinn er og segir um karlmann að ræða sem ekki hafi komið verulega við sögu hjá lögreglu áður. **- jss**



**LÖGREGLA TÓK KANNABISRÆKTUN** Kannabisplönturnar voru á lokastigi ræktunar og tilbúnar til niðurskurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI
Way of Life!




# Traustur ferðafélagi

**Suzuki Grand Vitara er á heimavelli hvort sem er á hálendisvegum eða í borgarumferðinni.**

Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Kemur nú með nýrri öflugri og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Suzuki – skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.

Grand Vitara Premium+ 2,4L 169 hö, beinskiptur verð kr. 4.980.000
Grand Vitara Premium+ 2,4L 169 hö, sjálfskiptur verð kr. 5.290.000

## Gerðu samanburð

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf sept 2011

## GENGIÐ 15.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,86 | 116,42 |
| Sterlingspund | 183,36 | 184,26 |
| Evra | 160,01 | 160,91 |
| Dönsk króna | 21,483 | 21,609 |
| Norsk króna | 20,669 | 20,791 |
| Sænsk króna | 17,43 | 17,532 |
| Japanskt jen | 1,5122 | 1,521 |
| SDR | 182,74 | 183,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,7548

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kaup eignastýringar VBS á áhættusömum lánum send til sérstaks saksóknara:

# Viðskiptavinir borguðu brúsann

**DÓMSMÁL** Slitastjórn VBS Fjárfestingarbanka hefur sent mál tengd sölu á veðskuldabréfum frá einu sviði bankans til annars til Fjármálaeftirlitsins (FME) og embættis sérstaks saksóknara. Ekki er útilokað að fleiri mál verði send þangað.

Um er að ræða sölu á veðskuldabréfum tengdum fasteignaverkefnum sem bankinn fjármagnaði, og átti í sumum tilvikum hlut í, til eignastýringarsviðs VBS. Bréfin voru gefin út af byggingarverktökum sem voru viðskiptavinir Framkvæmdafjármögnunar VBS.




**URÐARBRUNNUR** Enn í dag hefur engin bygging risið á lóðinni.

Kaupin voru gerð án samráðs við viðskiptavini.

Vísbendingar eru um að fjármögnunarsvið VBS hafi lánað milljarða út á mat á hugsanlegu söluandvirði fyrirhugaðra fasteigna, aðallega á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og á Reykjanesi, sem aldrei risu.

VBS afskrifaði sjö milljarða króna vegna tapaðra útlána, að mestu fasteignalána, árið 2009. Bankinn fór í þrot í fyrravor með tugmilljarðaskuld við Seðlabankann á bakinu.

Þórey S. Þórðardóttir, sem sæti á í slitastjórn VBS, útilokar ekki að fleiri mál verði send til sérstaks saksóknara. „Við erum að bíða eftir nákvæmri skýrslu frá Ernst & Young," segir hún. **- jab**

Samskipti BNA og Kúbu:

# Viðskiptabannið enn framlengt

**BANDARÍKIN, AP Bandaríkjaforseti framlengdi í vikunni viðskiptabann við Kúbu sem hefur verið í gildi í einhverju formi frá upphafi sjöunda áratugarins, þegar Kastró tók völdin á eyjunni.**

**Bandaríkjaforseti sagði ástandið vissulega hafa batnað á Kúbu undanfarið, en enn sé beðið eftir umbótum, meðal annars hvað áhrærir meðferð á pólitískum föngum og tjáningarfrelsi almennings. Viðskiptabannið er endurskoðað á hverju ári og er framlenging í höndum forseta. - þj**



**MIKILL REYKUR** Flestir farþegar voru fluttir frá borði þegar eldur kom upp í norskri ferju í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tveir létust í bruna í Noregi:

# Eldur kom upp í norskri ferju

**SLYS** Tveir létust og sextán voru fluttir á sjúkrahús þegar eldur kom upp í vélarúmi norsku ferjunnar Hurtigruten Nordlys utan við Álasund í Noregi í gærmorgun. Farþegarnir, 207 talsins, voru fluttir í björgunarbáta og var hluti áhafnar eftir í skipinu.

Ferjan sigldi að bryggju í Álasundi og réðust slökkviliðsmenn gegn eldinum þar. Nokkur hverfi í Álasundi voru rýmd vegna þessa en óttast var um tíma að skaðleg efni bærust með reyknum frá skipinu. Vatn lak inn í skipið í höfninni og tafði það fyrir aðgerðum í gærkvöldi, að sögn norskra fjölmiðla. **- jab**

Ákæra fyrir nauðgunartilraun:

# Sakborningur sæti farbanni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest farbann yfir karlmanni frá Lettlandi sem hefur verið ákærður fyrir tilraun til nauðgunar.**

**Maðurinn, sem er sakaður um að hafa reynt að þröngva stúlku til samræðis og annarra kynferðismaka með ofbeldi, skal sæta farbanni til 30. september enda telur saksóknari hættu á að hann reyni að komast úr landi.**

# Fagna hugmyndum um aukinn innflutning

## Formaður Neytendasamtakanna og framkvæmdastjóri Bónuss segja mikla hagsmuni felast í auknum innflutningi á landbúnaðarvörum. Snýst um aukið framboð, betra verð og valkosti fyrir neytendur.

**NEYTENDUR** Ef samningar takast milli íslenskra stjórnvalda og Evrópusambandsins (ESB) um rýmkaðar heimildir til inn- og útflutnings á landbúnaðarafurðir verður það til góðs, að mati formanns Neytendasamtakanna. Fréttablaðið sagði frá því í gær að könnunarviðræður við framkvæmdastjórn ESB um aukinn tollkvóta myndu hefjast síðar í þessum mánuði.

„Ef af verður að íslenskur landbúnaður fái aukna útflutningskvóta verður það gagnkvæmt og við fáum meiri innflutning hingað," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, í samtali við Fréttablaðið.



**GUÐMUNDUR MARTEINSSON**



**JÓHANNES GUNNARSSON**

„Þetta er einfaldlega framtíðin, hvort sem við göngum inn í ESB eða ekki. Þetta er framtíðin innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og við verðum þá bara að færa okkur til nútímans. Það er óumflýjanlegt og til hagsmuna fyrir neytendur og því fögnum við því."

Jóhannes segir málið ekki aðeins snúast um vöruverð.

„Þetta snýst líka um aukið framboð og valkosti fyrir neytendur og það væri því hið besta mál."

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, tekur í svipaðan streng og segir auknar heimildir til inn- og útflutnings vera mikið hagsmunaatriði.

„Ef aukinn útflutningur leiðir til meiri innflutnings á landbúnaðarvörum, þá er það óskastaða."

Guðmundur segir meðal annars sjálfsagt að leyfa eigi innflutning á lambakjöti ef útflutningskvótar verði auknir.

„Það verður aðallega svo að íslenskir neytendur fái að prófa annað. Ég held nú samt að þeir muni áfram velja íslenskt enda eru þeir vanir því, en fólk verður að hafa val."

Guðmundur bætir því við að mikill og óplægður markaður sé hér á landi fyrir ýmsar vörur, til dæmis osta, og í þeim felist mörg tækifæri.

Í frétt blaðsins í gær sagði að fyrirsjáanlegt væri að útflutningskvótar ársins á lambakjöti, skyri og smjöri væru á þrotum og afurðastöðvar hér á landi hefðu beðið hérlend stjórnvöld um að hafa fyrirgöngu um samningaviðræður við ESB um aukinn kvóta. **thorgils@frettabladid.is**




**AUKNIR VALKOSTIR MEÐ MEIRI INNFLUTNINGI** Talsmenn Neytendasamtakanna og Bónuss fagna því að íslensk stjórnvöld vinni að auknum heimildum til inn- og útflutnings á landbúnaðarvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta er einfaldlega framtíðin, hvort sem við göngum inn í ESB eða ekki.
>
> **JÓHANNES GUNNARSSON**
> FORMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA

### Tollkvótar til/frá ESB

**Samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og ESB frá árinu 2007.**

| Ísland veitir ESB tollkvóta: | |
|---|---|
| Nautakjöt | 100 tonn |
| Svínakjöt | 200 tonn |
| Alifuglakjöt | 200 tonn |
| Pylsur | 50 tonn |
| Unnar kjötv. | 50 tonn |
| Skinka | 50 tonn |
| Kartöflur | 100 tonn |
| Rjúpa | 20 tonn |
| Ostur | 100 tonn |
| **ESB veitir Íslandi tollkvóta:** | |
| Lambakjöt | 1.850 tonn |
| Skyr | 380 tonn |
| Smjör | 350 tonn |
| Pylsur | 100 tonn |

*Heimild: Utanríkisráðuneytið*






## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**HAUSTBRAGUR**
Það verður nokkuð haustlegt næstu daga. Úrkoma S- og V-til í dag en styttir að mestu upp til morguns, þó dálítil væta við SA-ströndina. Á sunnudag kólnar lítillega á landinu. Það hvessir SV-til og verður allhvass vindur og rigning með köflum.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 19° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 15° |
| París | 24° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
BUFFALÓ KJÚKLINGALUNDIR
2.249 kr/kg.
Verð áður 2.998.-

Restaurant Style
2 hamborgarar
stk. x 120 gr
m/ brauði og sósu

TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
RESTAURANT STYLE 2 HAMBORGARAR
629 kr/pk.
Verð áður 898.-

BOSTON SKINKA
998 kr/kg.

TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
SVÍNAKÓTILETTUR Í JACK DANIELS BBQ
1.189 kr/kg.
Verð áður 1.698.-

Pylsur að hætti Ameríkana

Slim Jim´s snakkpylsur

Steikarpylsur

BBQ grillpylsur

Morgunverðarpylsur

**Candy apple**
– bíttu í eplið og brostu..

**Canada dry**
– loksins, loksins

**Pop tarts**
– sætur morgunbiti í ristina

**Spennandi kökur**
– nammi, namm...

**Starbucks kaffi**
– hið eina sanna

**Brjáluð blanda**
– hnetusmjör og sulta

**Blue Diamond möndlur**
– 7 spennandi bragðtegundir

**Snyder´s**
– snakk sem bragð er af

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 25. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Eiga íslensk stjórnvöld að viðurkenna sjálfstæði Palestínu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 68,1% |
| NEI | 31,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Myndir þú kaupa rauðvín fyrir lottóvinning og geyma í 20 ár?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Fleiri sjálfstæðismenn vilja Hönnu Birnu en Bjarna Benediktsson sem formann:

# Tveir af þremur velja Hönnu Birnu

**KÖNNUN** Tveir af hverjum þremur sjálfstæðismönnum sem afstöðu tóku í könnun MMR vilja að Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri, verði formaður Sjálfstæðisflokksins. Rúmur fjórðungur sjálfstæðismanna vill að Bjarni Benediktsson verði áfram formaður flokksins.

Alls sögðust 66,3 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn yrði gengið til kosninga nú vilja Hönnu Birnu. Um 26,4 prósent þeirra vildu að Bjarni yrði áfram formaður en 7,3 prósent vildu hvorugt þeirra.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



BJARNI BENEDIKTSSON

Hanna Birna nýtur einnig meiri stuðnings meðal landsmanna, burtséð frá stjórnmálaskoðunum. Alls sögðust 58,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja hana sem næsta formann Sjálfstæðisflokksins en 13,4 prósent vilja heldur Bjarna áfram.

Kosningar um forystu Sjálfstæðisflokksins fara fram á landsfundi sem boðaður hefur verið dagana 17. til 20. nóvember. MMR spurði aðeins um afstöðu fólks til þessara tveggja einstaklinga.

Um var að ræða netkönnun sem 893 einstaklingar valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR tóku þátt í. Alls tóku 81,4 prósent afstöðu til spurningarinnar. **- bj**

Eigandinn lét sig hverfa:

## Hundur beit stúlku í fótinn

**LÖGREGLUMÁL Stúlka var bitin af hundi í Suðurbænum í Hafnarfirði í fyrradag. Hundurinn fannst eftir leit lögreglu í nágrenninu og var fangaður. Eigandi hans var hins vegar hvergi sjáanlegur, en hann var á vettvangi þegar hundurinn beit stúlkuna, samkvæmt upplýsingum lögreglu.**

**Síðdegis í gær fékk lögreglan tilkynningu um að hundur hefði glefsað í konu í Ártúnsholti í Reykjavík. Konan slapp ómeidd en fatnaður hennar skemmdist. - jss**

Sprengdi sig í Stokkhólmi:

## Ekkjan handtekin í London

**ENGLAND** 28 ára gömul kona, sem handtekin hefur verið í Luton í Englandi vegna gruns um áætlanir um hryðjuverk, er ekkja mannsins sem sprengdi sig á verslunargötu í Stokkhólmi í desember í fyrra.

Tveimur dögum eftir árásina birti, Mona Thwany, hótanir á Youtube og eru þær samhljóða þeim sem eiginmaður hennar, Taimour Abdulwahab, sendi fjölmiðlum fyrir sjálfsmorðsárásina. **- ibs**

### VESTFIRÐIR

**Fagna nýtingaráætlun**

Bæjarráð Vesturbyggðar fagnar ákvörðun iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra um að setja Hvalárvirkjun í nýtingarflokk í þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða.

### ORKUMÁL

**Háspennusamningur úr gildi**

Samkomulag sveitarfélagsins Voga við Landsnet hf. um lagningu háspennulína er fallið úr gildi, segir bæjarráð Voga. Vísað er til þess að tafist hafi að leggja háspennulínuna og ekki sé fyrirséð hvenær hún verði lögð.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**17 ára á ofsahraða**

Sautján ára ökumaður var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða í fyrrakvöld. Hann var staðinn að hraðakstri á Korpúlfsstaðavegi í Reykjavík, á móts við Brúnastaði. Bíll hans mældist á 108 km hraða þar sem hámarkshraði er 50.

**Missti framan af fingri**

Karlmaður um sextugt missti framan af fingri í vinnuslysi í Mosfellsbæ í fyrradag. Maðurinn var við vinnu sínu hjá fyrirtæki í bænum þegar slysið varð en hann klemmdist illa í plastsuðuvél.



**NÝJA GJÁIN** Umferð er lokað um veginn efst í Almannagjá á meðan hreinsað er upp úr gjánni sem byrjaði sem lítil hola í mars.
MYND/EINAR Á. E. SÆMUNDSEN


# Roald Amundsen

**Sýning Fram-safnsins í Osló um ferð Roald Amundsen á Suðurskautið 1911 verður opnuð í húsakynnum Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 föstudaginn 16. september kl. 17.00.**

Forstöðumaður Fram-safnsins Geir Kløver flytur erindi um ferð Amundsen.

Léttar veitingar.
Sýningin verður opin frá kl. 11.00 – 17.00
helgarnar 17. - 18. og 24. – 25. september og 1. - 2. október.

**Norska sendiráðið í Reykjavík**



# 2 fyrir 1 til Prag
29. september

Frá kr. 39.900

**Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin**

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Prag 29. september í 3 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

**Verð kr. 39.900**
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 29. september í 3 nætur. Netverð á mann.
**Verð áður kr. 79.800.**

**Verðdæmi fyrir gistingu:**

**Kr. 15.300** á mann í tvíbýli á mann á hótel ILF ★★★ í 3 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 27.900

**Kr. 16.800** á mann í tvíbýli á mann á hótel Duo ★★★★ í 3 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 26.700

Heimsferðir
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099**
**www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Almannagjá er eins og svissneskur ostur

**Vegurinn niður Almannagjá hékk saman á lyginni segir meðlimur Þingvallanefndar. Forseti Kína var sá síðasti sem ók um gjána í bíl. Nú er lokað fyrir umferð á meðan hreinsað er úr sprungunni. Þingvallanefnd ræddi málið í gær.**

**ÞINGVELLIR** Kárastaðastíg um Almannagjá hefur verið lokað vegna sprungunnar sem þar birtist í mars og nú stækkar daga frá degi. Unnið er að því að hreinsa upp úr nýju gjánni.

„Þetta er nánast eins og ostur. Það eru stór gímöld og göt í öllum stígnum ofanverðum," segir Álfheiður Ingadóttir, alþingismaður úr VG og formaður Þingvallanefndar, sem í gær fundaði um málið. Endanlegar ákvarðanir um hvernig gengið verður frá nýju sprungunni bíða þar til hún er fullkönnuð.

„Þarna hafa menn farið um á þunnu sandlagi sem hvíldi í lausu lofti. Það voru steinar þarna undir sums staðar en ég skil ekki á hverju hitt hefur hangið. Helst virðist þetta hafa hangið saman á lyginni. Það er eiginlega mesta mildi að það skuli ekki einn eða tveir þjóðarleiðtogar liggja þarna niðri," segir Þráinn Bertelsson, hinn fulltrúi VG í Þingvallanefnd.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður og annar fulltrúa Sjálfstæðisflokks í Þingvallanefnd, tekur undir að vegurinn hafi verið ótryggur. Heppni hafi verið að slys hafi ekki orðið.

„Menn hafa nefnt í gríni að þegar Jiang Zemin, forseti Kína, kom hér í heimsókn 2002 var hann síðasti maðurinn sem keyrði niður Almannagjá. Það mátti þakka fyrir að hann húrraði ekki niður," segir Þorgerður, sem kveðst greina samhljóm í nefndinni um að gera almenningi kleift að njóta þess náttúruundurs sem þarna megi líta.

„Menn átta sig á að það þarf að finna lausn gagnvart almenningi og ferðamönnum og leyfa fólki að upplifa hvað þetta er stórkostlegt," segir Þorgerður.



Bílalestin í Almannagjá

Löng lest gljáfægðra sjálfrennireiða skríður hér niður Almannagjá á laugardag og var öryggis gætt í hvívetna. Þyrla vomaði yfir völlunum og vörpulegir lífverðir og öryggisverðir voru á hverju strái.

**DV 18. JÚNÍ 2002** Öryggisverðir voru á hverju strái og þyrla sveimaði yfir og allt um kring þegar forseti Kína fékk síðastur manna undanþágu og ók í bílalest ofan í Almannagjá grunlaus um tímasprengjuna á Kárastaðastíg.

Þingvallanefnd ræðir meðal annars þá hugmynd að gera göngubrú yfir sprunguna. Þráinn Bertelsson segir að þó myndi hann helst vilja að sprungunni verði lokað með „ósýnilegri" brú.

„Það er hægt að loka gjánni með stálplötum og moka síðan aftur ofan á. Þá lítur þetta út eins og það hefur alltaf gert á tíma þeirra sem nú lifa. Það má mikið koma til að ég falli frá því að leysa málið með slíkri ósýnilegri brú," segir Þráinn.

Álfheiður Ingadóttir segir hins vegar að Þingvallanefnd hafi ákveðið strax í upphafi að ekki yrði mokað ofan í sprunguna.

„Við tókum afstöðu til þess strax á fyrsta fundi að gera það ekki heldur nýta þetta ómetanlega tækifæri til að kynna og kynnast betur þeim kröftum sem eru að verki á Þingvöllum," segir formaður Þingvallanefndar. **gar@frettabladid.is**



**SPRUNGAN** Þingvallanefnd ræðir meðal annars þá hugmynd að gera göngubrú yfir sprunguna.




**Vöxtur er lykill að velgengni**

Fastar áætlunarferðir í beinu flugi til nýs áfangastaðar í Bandaríkjunum, Denver í Colorado, eru til vitnis um að Icelandair stefnir markvisst að því að efla flugrekstur sinn og stækka hlutdeild sína á markaði. Sumarið 2012 verða 200 flug á vegum Icelandair í viku hverri. Flugferðum allt árið fjölgar úr 6.000 í ár í 6.700 á næsta ári. Gert er ráð fyrir að félagið flytji allt að 2 milljónum farþega árið 2012 sem er 52% aukning frá árinu 2009 eða fjölgun um 700.000 farþega.

ICELANDAIR

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu mörg tonn af lambakjöti má flytja út til ESB án tolla?*
2. *Hvaða íslenska auglýsingaherferð fékk EFFIE-verðlaunin í ár?*
3. *Hvaða dag fæddist sonur Péturs Jóhanns Sigfússonar og konu hans?*

SVÖR

1. 1.850 tonn. 2. Inspired by Iceland. 3. Þann 1. september síðastliðinn.

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins vill skoðun á einkunnum 10. bekkinga þrjú ár aftur í tímann:

# Afnám prófa getur leitt til ójöfnuðar

**MENNTAMÁL** Afnám samræmdra prófa í grunnskólum hefur mögulega leitt til ójöfnuðar og jafnvel brots á jafnræðisreglu.

Þetta er mat Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Hún hefur lagt fram fyrirspurn þar sem óskað er eftir því að einkunnir nemenda í tíunda bekk í íslensku og stærðfræði og fylgni þeirra við könnunarpróf Námsmatsstofnunar verði skoðuð þrjú ár aftur í tímann.

„Ofan á reglur um hverfisskólaforgang er komin óskýr flokkun á skólum og gæðum þeirra. Það er þekking til staðar og reynsla í framhaldsskólunum um það hvaða grunnskólar og nemendur hvaða grunnskóla hafa staðið sig betur en aðrir og jafnvel að einhverjir skólar séu með talsverða hækkun meðaleinkunna eftir að samræmdu prófin hurfu frá. Þegar samræmdir mælikvarðar detta alveg út er eðlilegt að skólarnir búi sér til kerfi til að meta sem best stöðu nemenda,“ segir Þorbjörg.



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Í sumum grunnskólum er mikill munur á skólaeinkunnum og einkunnum nemenda úr samræmdum könnunarprófum, meiri en eðlilegt gæti talist.

„Nemendur í grunnskólum sem nota prófeinkunn eða hafa ekki vinnueinkunn sem hátt hlutfall af lokaeinkunn eiga þá til dæmis erfiðara með að komast í draumaskólann.“

Þorbjörg segir að ræða hefði mátt aðra kosti en að afnema samræmdu prófin alveg. „Það hefði alveg mátt ræða að hafa miðlæga prófmiðstöð svo hægt væri að taka próf á sínum tíma og taka próf sem væru í öðrum fögum en íslensku og stærðfræði en væru samt samræmd til að mæta þeirra gagnrýni sem var höfð frammi.“ **- þeb**

Brynjólfur segir upp hjá IG:

# Ætlað að vera í skamma stund

**VIÐSKIPTI** Brynjólfur Bjarnason, forstjóri fisksölufyrirtækisins Icelandic Group (IG), sagði starfi sínu lausu á stjórnarfundi 7. september síðastliðinn. Starfið hefur verið auglýst laust til umsóknar. Stjórnarformaðurinn Herdís Fjeldsted tók sæti í framkvæmdastjórn við brotthvarf Brynjólfs. Brynjólfur tók við forstjórastarfinu af Finnboga Baldvinssyni, sem sagði upp ásamt æðstu stjórnendum fyrirtækisins í febrúar. Brynjólfur sagði í samtali við Viðskiptablaðið í gær hafa ætlað frá upphafi að sitja tímabundið sem forstjóri. **- jab**



BRYNJÓLFUR BJARNASON

Tvítugur karl í gæsluvarðhald til 21. september:

# Grunaður um aðild að e-töflusmygli

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um tvítugt hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 21. september vegna gruns um aðild hans að umfangsmiklu e-töflusmygli, sem upp kom í síðasta mánuði.

Í málinu sem um ræðir var sautján ára piltur tekinn með 30 þúsund e-töflur í farangri sínum í Leifsstöð. Hann hafði einnig í fórum sínum tvö kíló af staðdeyfilyfinu líkódíni.

Pilturinn var handtekinn við komuna til landsins frá Kaupmannahöfn aðfaranótt 24. ágúst. E-töflurnar fundust í farangri hans, ásamt fimm kílóum af duftefnum sem reyndust vera þrjú kíló af alkóhólsykri, sem er alþekkt íblöndunarefni til að drýgja fíkniefni, og tvö kíló af ofangreindu staðdeyfilyfi.



**E-TÖFLUR** 17 ára piltur var stöðvaður í Leifsstöð með 30 þúsund e-töflur seint í ágúst.

Innflutningur síðarnefnda duftsins varðar við lyfjalög og er óheimilt að flytja það inn í miklu magni. Gæsluvarðhald yfir piltinum rennur út í dag.

Maðurinn, sem grunaður er um aðild að smyglinu var handtekinn 7. september síðastliðinn. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir handtökuna. **- jss**



**PHILIPPE DE BUCK** Framkvæmdastjóri samtaka evrópska iðnaðarins segir ákvörðunartökuferli evruríkjanna of hægfara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Myndi engan vanda leysa

**Upplausn evrusvæðisins og greiðsluþrot Grikklands myndi hvorki hjálpa Grikklandi né evrunni, segir framkvæmdastjóri samtaka evrópska iðnaðarins.**

**EFNAHAGSMÁL** „Grikklandi verður að bjarga. Annað kemur ekki til greina,“ segir Philippe de Buck, framkvæmdastjóri BUSINESSEUROPE, samtaka evrópska iðnaðarins. „Ástæðan er sú að við getum ekki látið Spán og Ítalíu falla. Það væri óhugsandi.“

Hann segir ekki mögulegt að yfirgefa evrusvæðið; hvorki geri sáttmálar ESB ráð fyrir því né heldur verði það fjárhagslega mögulegt fyrir Grikkland.

„Það myndi ekki leysa vandamál Grikklands og það myndi ekki leysa vandamál Evrópu, því þetta væri þá orðinn hlutur og hvað myndi þá gerast þegar önnur lönd þyrftu að yfirgefa evrusvæðið? Það verður að gera allt sem í okkar valdi stendur til að bjarga evrunni.“

Hann segir ekkert vanta upp á að stofnanir Evrópusambandsins ráði við þetta verkefni. Staðfestingarferlið innan ríkjanna 27 sé hins vegar allt of hægfara.

„Því miður eru ákvarðanirnar alltaf teknar of seint, en við verðum að hraða þessu,“ segir de Buck og minnir á að 21. júlí hafi ráðherraráð Evrópusambandsins ákveðið að grípa til aðgerða sem hafi átt að tryggja stöðu bæði evrunnar og Grikklands. Þær ákvarðanir þarf að bera undir þjóðþing 27 aðildarríkja Evrópusambandsins. „Nú stefnir í að við gætum þurft að bíða til áramóta eftir því að þessi ákvörðun komi til framkvæmda, sem er algjörlega óviðunandi. Aðildarríkin og þjóðþing þeirra eru vel fær um að taka ákvarðanir hratt og vel þegar brýn þörf er á því.“

De Buck er í nokkurra daga heimsókn á Íslandi til að kynna sér ástandið hér á Íslandi, efnahagslífið og afstöðu Íslendinga, meðal annars til Evrópusambandsins og hugsanlegrar aðildar Íslands að því.

Hann segist reyndar koma hingað á hárréttum tíma, nú þegar íslenskt efnahagslíf sé að byrja að rétta úr kútnum eftir mikla erfiðleika.

> ❞ En ég veit það, eftir að hafa starfað árum saman á vettvangi Evrópusambandsins, að þátttaka í sameiginlegum evrópskum markaði er hagkvæmt bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki...
>
> **PHILIPPE DE BUCK**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI BUSINESSEUROPE

Þrátt fyrir vaxandi erfiðleika á evrusvæðinu þurfi Íslendingar ekki að hika við aðild að Evrópusambandinu og þar með evrunni.

„Auðvitað er það ákvörðun Íslendinga sjálfra og íslenskra stofnana. En ég veit það, eftir að hafa starfað árum saman á vettvangi Evrópusambandsins, að þátttaka í sameiginlegum evrópskum markaði er hagkvæm bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, að því skilyrði gefnu að allir fari að leikreglum.“

Bæði leiðtogar Evrópusambandsríkjanna og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þurfi hins vegar að einbeita sér að því að auka hagvöxt og skapa atvinnu. Það sé brýnasta verkefnið nú, ásamt því að bjarga evrunni.

BUSINESSEUROPE eru heildarsamtök sem bæði Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hér á landi eiga aðild að, rétt eins og sambærileg samtök í 34 Evrópulöndum.

Philippe de Buck verður aðalræðumaður á ráðstefnu Samtaka iðnaðarins sem haldin verður í dag undir yfirskriftinni Hvert stefnir Evrópa?

**gudsteinn@frettabladid.is**




Ótrúlegt verð

# Nature's heilsurúmin

## styðja við bakið á þér !



Góðar kantstyrkingar

Aldrei að snúa

Svæðaskipt pokagormakerfi

Gegnheilar viðarlappir

100% bómullaráklæði

Sterkur botn

## Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 39.000,- | 65.900,- |
| 100x200 | 42.000,- | 69.900,- |
| 120x200 | 48.000,- | 75.900,- |
| 140x200 | 53.000,- | 79.900,- |
| 160x200 | 67.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 73.900,- | 109.900,- |

ZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZZ

Steyptar kantstyrkingar

Aldrei að snúa

Svæðaskipt pokagormakerfi



## Nature's Comfort Pillowtop

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 100x200 | 59.900,- | 85.900,- |
| 120x200 | 69.900,- | 95.900,- |
| 140x200 | 79.900,- | 105.900,- |
| 160x200 | 89.900,- | 119.900,- |
| 180x200 | 99.900,- | 135.900,- |

Gegnheilar viðarlappir

100% bómullaráklæði

Sterkur botn

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17

DORMA
– býður góða nótt

Dúnsængur og koddar



**FRÉTTASKÝRING:** Þjálfun her- og lögregluliðs Afgana

# Stærsta verkefnið að kenna lögreglunni lestur

**Stærsta verkefnið sem alþjóðaherliðið í Afganistan glímir nú við snýr ekki að bardögum í torfærum fjallahéruðum (þótt þeir séu sannarlega tíðir), heldur þjálfun her- og lögregluliðs heimamanna. Þorri landsmanna er ólæs og örðugt hefur reynst að uppræta spillingu.**



**RÉTTU HANDTÖKIN** Þýski lögreglumaðurinn Mario Weinheimer kennir nýliðum í afgönsku lögreglunni hvernig snúa skal niður misindismenn. Þúsundir Afgana ganga í gegnum þjálfun af þessu tagi á degi hverjum. NORDICPHOTOS/AFP

Þegar Bandaríkin réðust inn í Afganistan fyrir tíu árum voru innviðir samfélagsins í molum. Landið hafði frá því um miðbik tíunda áratugarins lotið stjórn hersveita Mullahs Omar, leiðtoga talibana (ef stjórn skyldi kalla – óstjórn væri kannski nær lagi). Í landinu var ekki starfrækt löggæsla eða réttarkerfi og lítt skipulagðar hersveitir talibana annars vegar og stríðsherra úr nyrstu héruðum landsins hins vegar, sem bárust á banaspjót um árabil, voru eini vísirinn að her sem finna mátti í Afganistan.

### Vandasamt verk

Fyrst um sinn eftir innrásina í landið í október 2001 sinnti alþjóðlegt herlið öllum löggæslustörfum. Í ljósi þess að alþjóðaherliðið, með Bandaríkjamenn í fararbroddi, hafði ekki í hyggju að sinna þar varnar- og öryggismálum til allrar framtíðar var fljótlega afráðið að hefja stórtæka þjálfun afganskra her- og lögreglumanna.

Það reyndist ekki auðleyst verkefni í landi þar sem tveggja áratuga óstöðugleiki hafði að langmestu leyti komið í veg fyrir tilvist þessara stofnana.

### Tíföldun heraflans á átta árum

Afgönskum her var komið á laggirnar af ríkisstjórn Hamids Karzai í árslok 2002. Hann er fjármagnaður af Bandaríkjunum að miklu leyti.

Einungis 1750 manns höfðu fengið þjálfun árið 2003, en þeim fjölgaði hratt í takti við áætlanir Karzais um sjötíu þúsund manna herlið árið 2009. Mörgum þótti það mark raunar of lágt – gera þyrfti töluvert betur til að ná tökum á vandanum.

Nú er staðan sú að í herliði Afgana eru tæplega 170 þúsund manns og er áætlað að þeim muni fjölga í 260 þúsund á næstu árum. Yfirumsjón með þjálfuninni er í höndum sérstakrar undirstofnunar alþjóðaherliðsins og einkum sinnt af Bandaríkjamönnum. Um tíu þúsund hermenn eru við æfingar á degi hverjum í þjálfunarbúðum hersins í Kabúl.

### Margir hlaupast á brott

Þeir sem rætt er við í Afganistan og þekkja til þjálfunarferlisins eru sammála um að þótt skortur á menntun, og ekki síður aga, sé talsvert vandamál í þjálfuninni, þá hafi með undraverðum hætti tekist að smíða skilvirkt herlið á ekki lengri tíma.

Það gengur að sjálfsögðu ekki þrautalaust, og gerði það allra síst í fyrstu. Nýliðar voru undantekningarlítið ólæsir, sumir yngri en átján ára og liðhlaup var gríðarlegt vandamál. Í árdaga hinnar nýju hervæðingar var áætlað að um tíu prósent allra nýliða hlypust á brott við fyrsta tækifæri. Þetta er enn mikið vandamál en reynt hefur verið að stemma stigu við því með því að breyta þjálfunarferlinu.

Skýrslur og fréttir benda einnig til þess að spilling þrífist í hernum, líkt og raunar víðast hvar í landinu. Varningur í eigu hersins á það til að hverfa og kannanir leiða reglulega í ljós að á launaskrá hersins eru menn sem ekki eru til. Yfirmenn þeirra hafa þá skráð nöfnin til að afla sjálfum sér aukatekna.

Ólæsi stendur nýliðum sem áður segir mjög fyrir þrifum. Um áttatíu prósent allra Afgana eru ólæsir, og þar sem nýliðar í hernum hafa gjarnan bágan félagslegan bakgrunn er talið að ólæsið í þeirra röðum sé jafnvel enn meira.

Í fyrstu var þeim boðið upp á valfrjáls námskeið í lestri en þau hafa síðan orðið skyldufag. Stefnt er að því að um næstu áramót muni helmingur herliðs Afgana hafa öðlast lágmarkslesfærni.

### Lögreglan óagaðri

Útlitið er ekki jafnbjart í löggæslunni. Flestir virðast sammála um að þar gangi öllu hægar að koma á almennilegum aga og sporna við spillingu. Fagmennskan sé þar mun minni en í hernum.

Uppbygging lögregluliðsins hófst fyrir alvöru árið 2003 og í lok árs 2004 höfðu um 35 þúsund manns hlotið grunnþjálfun í löggæslustörfum frá alþjóðaherliðinu. Þjálfunin fer að miklu leyti fram í Kabúl en þaðan er verkefnum einnig útdeilt til aðildarþjóða alþjóðaherliðsins á hverju svæði fyrir sig.

Síðan hefur sú tala hækkað í 140 þúsund manns og er áætlað að eftir ár verði lögreglulið landsins skipað ríflega 160 þúsund manns.

Í boði eru um 60 námskeið fyrir starfandi og verðandi lögregluþjóna í 37 þjálfunarbúðum um land allt og þar stunda 8.500 nám á degi hverjum. Undanfarin misseri hafa ríflega 4.000 þúsund lögregluþjónar verið útskrifaðir í hverjum mánuði.

### Þurfa að geta lesið skilríki

Ólæsi meðal lögreglumanna er enn meira vandamál en í hernum, enda getur skriffinnska verið hluti af starfi þeirra flestra og illmögulegt að hafa við störf lögreglumenn sem ekki einu sinni eru færir um að lesa á skilríki.

Tugþúsundir nýútskrifaðra lögreglumanna hafa nú lokið grunnþjálfun í lestri en meirihluti þeirra sem starfa við löggæslu eru þó enn ýmist ólæsir með öllu eða eiga mjög bágt með lestur.

### Umdeild vopnuð nágrannagæsla

Til viðbótar við þetta lögreglulið hafa Afganarnir sjálfir þjálfað um níu þúsund manna svæðislögreglu, sem hefur afmarkaðra hlutverk sem snýr einkum að vernd íbúa í smærri þorpum.

Svæðislögreglan er mjög umdeild. Liðsmenn hennar fá sex vikna þjálfun í vopnaburði og fyrstu hjálp, almennum löggæslustörfum og lestri og þykir hafa reynst ágætlega í baráttu við uppreisnarmenn.

Gagnrýnendur segja hana þó lítið annað en eins konar skæruliða stríðsherranna á hverjum stað, sem fái vopn upp í hendurnar frá ríkisstjórninni og starfi í hálfgerðu tómarúmi. „Vopnuð nágrannagæsla“ voru orðin sem háttsettur liðsmaður alþjóðahersins notaði í samtali við blaðamenn.

### Allt of mikið lið á friðartímum

Þegar upp verður staðið og allt talið munu samkvæmt þessu ríflega 400 þúsund manns skipa hersveitir og lögreglulið Afgana innan örfárra ára.

Gangi allt að óskum í landinu er þetta allt of mikið, segir Simon Gass, einn æðsti yfirmaður í stjórnsýslu NATO í Afganistan. Svo stórar öryggissveitir séu óþarfar nema í uppreisnarástandi og vonir manna standi til að hægt verði að friðmælast við sem flesta uppreisnarmenn og fá þá til að leggja niður vopn.

„En það er hins vegar ekki verjandi að láta framtíð landsins velta á því hvort uppreisnarmenn fáist til að semja um frið,“ bætir Gass við.



2. hluti
AFGANISTAN



Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

**Næstu daga mun Fréttablaðið fjalla nánar um ástandið í Afganistan – helstu vandamálin sem við er að etja og glímuna við þau.**




# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Þorleifur og Sjöfn rækta kínakál á garðyrkjustöðinni Gróðri á Flúðum. Það var þó ekki ætlunin að gerast garðyrkjubændur því hjónin eru bæði menntaðir kennarar. Þau segjast samt ekki sjá eftir að hafa farið út í garðyrkju. Starfið sé svo gefandi og þeim leiðist aldrei í vinnunni. Á staðnum vinna 6 manns á veturna en á sumrin allt að 15 manns.







ÍSLENSKA SIA.IS SFG 56353 09/11 - Ljósmyndir: Hari

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Robert Aliber, hagfræðiprófessor



**ROBERT Z. ALIBER** Aliber segist kunna vel við land og þjóð og er bjartsýnn á framtíðarhorfur landsins þrátt fyrir þá alvarlegu niðursveiflu sem hér hafi orðið í kjölfar bankahrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ísland ekki tapað verðmætum sínum

Hagfræðiprófessorinn **Robert Aliber** olli miklu fjaðrafoki á Íslandi vorið 2008 þegar hann spáði allt að því fyrir um fall íslensku bankanna. Hann heimsótti Ísland aftur stuttu eftir bankahrun og var þá ómyrkur í máli um íslensk stjórnvöld og eftirlitsstofnanir. Aliber kom til Íslands á ný í vikunni og ræddi *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* við hann um hrunið, endurreisnina og Evrópu.

Robert Z. Aliber, prófessor á eftirlaunum við Háskólann í Chicago, heimsótti Ísland þrisvar sinnum á árunum 2007 og 2008 og vakti nokkra athygli í hvert sinn. Sumarið 2007 sagði hann íslenskt efnahagslíf hafa öll merki bóluhagkerfis og spáði harðri lendingu. Vorið 2008 málaði hann aftur upp dökka mynd af stöðu efnahagsmála og sagði íslensku bankana berskjaldaða gagnvart áhlaupi sem væri jafnvel þegar hafið. Því þyrfti að grípa til róttækra ráðstafana og jafnvel skipta bönkunum í tvennt. Þegar bankarnir svo hrundu haustið eftir sagði prófessorinn litríki um þáverandi ríkisstjórn og stjórnendur Seðlabankans að ólíklegt væri að nýir leiðtogar sem valdir væru af handahófi í símaskránni gætu valdið jafnmiklum efnahagslegum glundroða.

Aliber kom enn á ný til Íslands í vikunni og lék blaðamanni fyrst forvitni á að vita hvort hann hefði ekki tekið full harkalega til orða á sínum tíma.

„Alls ekki. Þáverandi ríkisstjórn bar ekkert skynbragð á það sem var að gerast á mörkuðum á þessum tíma. Þvert á móti virtist hún stolt af fífldirfsku íslensku bankamannanna og tók vel í þá hugmynd að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð,“ segir Aliber og heldur áfram: „Ríkisstjórnin leit ekki til þeirra fordæma sem voru til staðar, svo sem Taílands. Hún hvatti fólk til lántöku í erlendum gjaldmiðlum til að fjármagna kaup á húsum og bílum. Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar kostaði fjölmarga mikla peninga og olli íslenskum fjölskyldum miklum erfiðleikum. Það er ekki þar með sagt að hægt hefði verið að einangra Ísland frá alþjóðlegu lánsfjárbólunni en ríkisstjórninni mistókst algjörlega að hemja umsvif bankanna og auðjöfranna. Ég var því þvert á móti ekki nægilega harðorður í garð ríkisstjórnarinnar, Seðlabankans og annarra eftirlitsaðila.“

**Endurreisnin gengið ágætlega**

Aliber segist hafa fylgst með þróun mála á Íslandi frá hruni með öðru auganu en játar þó að vera ekki með öll smáatriði á hreinu. Hann segist hafa búist við mjög alvarlegri niðursveiflu hér á landi sem hafi orðið raunin með öllum þeim peningalegu og félagslegu erfiðleikum sem fylgi með. Hann segir Íslendinga þó ekki þurfa að hafa áhyggjur af framtíðarhorfum landsins.

„Lítil, opin hagkerfi eins og Ísland eiga það til að jafna sig fyrr en stærri og stirðari hagkerfi þegar áfall dynur yfir. Þar fyrir utan hefur Ísland ekki tapað hinum raunverulegu verðmætum sínum; vel menntuðu vinnuafli, fiskimiðunum, ódýrri orku og svo framvegis,“ segir Aliber.

Spurður hvort hann telji að Íslandi hafi gengið vel að komast aftur á fæturna eftir hrunið svarar Aliber: „Ég held það. Ég held að endurreisnin hafi gengið ágætlega. Mér sýnist hins vegar sem svo að sumir Íslendingar telji enn þá að ástandið hér í lok árs 2007 hafi á einhvern hátt verið eðlilegt ástand. Það var það auðvitað ekki, hið eðlilega ástand er miklu frekar staðan eins og hún var á Íslandi í lok árs 2003. Ég hef svo sem ekki borið saman ástandið núna árið 2011 og ástandið árið 2003 en mín ágiskun væri að það sé svipað í augum þeirra sem hafa vinnu.“

Aliber bætir síðan við að atvinnuleysi sé vitaskuld meira en hægt sé að sætta sig við, ekki síst meðal þeirra sem eru að koma nýir inn á vinnumarkað. „Fyrirtæki eru enn efins um nýjar ráðningar. Það er hins vegar alþjóðlegt vandamál. Sé horft á þau lönd sem lentu í fjármálakrísu á sama tíma og Ísland; Írland, Bandaríkin, Bretland og Spánn, þá er Ísland sennilega það land sem er að ná sér á mestum hraða,“ segir Aliber.

Þegar Aliber kom hingað til lands stuttu eftir fall íslensku bankanna lagði hann á það þunga áherslu að leyfa ætti gengi íslensku krónunnar að lækka verulega. Það myndi bæta samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja, fjölga ferðamönnum og draga úr innflutningi sem myndi allt hjálpa hagkerfinu að komast í gegnum erfiðleikana. Spurður hvort hann telji þessa vegna það hafa verið mistök að koma hér á gjaldeyrishöftum svarar Aliber: „Ég ræddi það nú ekki sérstaklega á sínum tíma en ég hefði nú alveg íhugað þann kost fyrir Ísland. Ég hins vegar tók eftir því þegar ég tók leigubíl frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur að ferðin kostaði næstum því það sama í dollurum talið og árið 2007. Ég dreg þá ályktun af þeirri reynslu að gjaldmiðillinn hafi kannski ekki veikst alveg nægilega mikið. Kannski ætti krónan að vera 10 til 20 prósentum lægri sem myndi þá benda til þess að gjaldeyrishöftin hefðu verið of stíf.“

> Ég var því þvert á móti ekki nægilega harðorður í garð ríkisstjórnarinnar, seðlabankans og annarra eftirlitsaðila.“

**Grikkland yfirgefur brátt evruna**

Stóra hagræna umræðuefnið þessa dagana eru erfiðleikarnir sem verið hafa á evrusvæðinu síðustu mánuði. Aliber segir í raun tvær nátengdar krísur að verki á svæðinu.

„Önnur krísan varðar þjóðríki; Grikkland og Portúgal aðallega en líka Spán og Írland. Hin krísan varðar evrópskar fjármálastofnanir. Fyrri krísan varð vegna þess að franskir, þýskir og jafnvel ítalskir bankar lánuðu gríska ríkinu óheyrilegar fjárhæðir sem gríska ríkið tók fegins hendi. Bankarnir misstu allt veruleikaskyn í þessum lánveitingum sínum og héldu þeim áfram í nokkur ár eftir að það varð augljóst að ríkisfjármálastaðan í Grikklandi var ekki sjálfbær,“ segir Aliber. „Grikkland stendur því eftir með gríðarlegar skuldir sem það getur tæpast borgað til baka en greiðslufall ríkisins myndi valda bönkunum gífurlegu tapi. Síðan virðist Seðlabanki Evrópu hafa misskilið vanda Grikkja. Þar á bæ töldu menn að stóri vandi Grikklands væri ríkisfjármálin. Það sem skiptir meiru máli er hins vegar hinn undirliggjandi vandi sem er sá, að gjaldmiðill Grikklands, evran, er alltof hátt skráður fyrir gríska ríkið sem hefur þar með skelfilega samkeppnisstöðu.“

Aliber segir lausnina við vandanum í raun blasa við. „Ríku löndin í Evrópusambandinu ættu að segja eftirfarandi við Grikkland. Við erum tilbúin að lána ykkur svona mikla peninga. Ef þið getið lagað ríkisfjármálastöðuna áður en þeir peningar klárast, þá er það fínt. Ef þið getið það ekki þá ættuð þið að íhuga alvarlega að yfirgefa evruna um tíma,“ segir Aliber.

Ólíkt mörgum bandarískum kollegum sínum er Aliber hrifinn af þeirri tilraun sem myntsamstarf evruríkjanna er. Honum finnst óskiljanleg sú þórðargleði sem gert hafi vart við sig meðal þeirra sem gagnrýnt hafa evruna frá upphafi. Evran sé merkileg tilraun sem hafi alls ekki verið dæmd til mistakast eins og sumir hafi haldið fram.

„Forgangsatriði evruríkjanna nú ætti að vera það að stefna ekki myntsamstarfinu í hættu. Þurfi Grikkland að yfirgefa evruna til þess, þá verður svo að vera,“ segir Aliber og bætir við: „Það er enginn heimsendir þó Grikkland yfirgefi evruna. Fjöldi fólks gengur í hjónaband og lýsir því yfir að það muni vara til dauðadags. Svo líða nokkur ár og parið skilur. Það er ekki eðlilegt að ætlast til þess evruríkin verði í samstarfinu að eilífu.“

Þá leggur Aliber áherslu á að ríki Evrópusambandsins tryggi bönkum á heimamarkaði sínum aðgang að nægu eigin fé. Það þurfi ekki að gerast í gegnum Evrópusambandið og ríkin geti ráðið því hvort það sé gert með lánum til banka eða með því að taka eignarhlut í bönkunum.

Spurður hvernig hann telji að þróunin verði í Evrópu næstu mánuðina svarar Aliber: „Á næstu tveimur mánuðum mun Grikkland yfirgefa evruna. Rétt eins og það var gert áhlaup á íslenska bankana árið 2008, þá er byrjað áhlaup á gríska bankana. Það er einungis tímaspursmál hvenær Þjóðverjar og Frakkar átta sig á því að Grikkland hefur ekki burði til að laga hjá sér ríkisfjármálin.“

Aliber telur hin krísuríkin í Evrópu; Portúgal, Spán og Írland, aftur á móti fær um að komast í gegnum erfiðleikana þar sem innviðir þeirra séu sterkari.

**Efins um að evran henti Íslandi**

Haustið 2008 varaði Aliber við því að Íslendingar tækju upp evru að svo stöddu. Spurður um viðhorf sín til þeirrar ráðstöfunar núna svarar Aliber: „Í þessu máli standa Íslendingar í raun frammi fyrir tveimur spurningum. Önnur varðar það hvort landið eigi að ganga í Evrópusambandið en hin hvort landið eigi að taka upp evruna. Ég tel að svarið við fyrri spurningunni sé já. Ísland ætti sennilega að ganga í Evrópusambandið til að njóta að fullu ábata hins sameinaða markaðar. Ég held hins vegar að það sé ekki skynsamlegt fyrir Íslendinga að taka upp evru meðan óvissan er jafn mikil og raun ber vitni á evrusvæðinu. Ég mæli með því að farið verði hægt í þeim efnum og staðan metin þegar öll kurl eru komin til grafar.“

Aliber segist jafnframt efins um það hvort evran henti íslenska hagkerfinu til lengri tíma. Það sé á margan hátt ólíkt hagkerfum Norður-Evrópu.

Að lokum segir Aliber að Ísland sé að mörgu leyti merkilegt land. „Íslenska hagkerfið er svo opið að það er auðvelt að skilja þá hagrænu ferla sem hér eru að verki. Það má í raun segja að Ísland sé eins konar hagfræðilegur smáheimur,“ segir Aliber og heldur áfram: „Vinur minn sagði við mig fyrir skömmu: Bob, Darwin fór til Galapagos-eyja og sá þar hluti sem hann hefði getað séð í Englandi en voru mun skýrari á Galapagos.

Þú fórst til Íslands og sást þar hluti sem þú hefðir getað séð í Japan eða Taílandi en voru skýrastir á Íslandi.“


markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
NAUTAHAKK
FERSKT
33% afsláttur
998kr/kg
áður 1.498 kr/kg
KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR
NAUTAGÚLLAS
FERSKT
25% afsláttur
1.799kr/kg
áður 2.398 kr/kg
NAUTAINNRALÆRI
FERSKT
1.998kr/kg
Frábært verð!
GOURMET LAMBALÆRI
FERSKT
1.399kr/kg
áður 1.698 kr/kg
AF NÝ-SLÁTRUÐU
GOURMET LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.699kr/kg
áður 1.985 kr/kg
AF NÝ-SLÁTRUÐU
SVÍNALUNDIR
FERSKAR
1.495kr/kg
Líttu á verðið!
GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR
42% afsláttur
1.199kr/kg
áður 2.049 kr/kg
VÍNBER
GRÆN
50% afsláttur
275kr/kg
áður 549 kr/kg
PESTÓ
RAUTT/GRÆNT
190g
190g
199kr/stk.
áður 259 kr/stk.
TANNKREM
3 TEGUNDIR
sensitive
freshmint
whitening
149kr/pk.
FRÁBÆRT VERÐ!
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes
Tilboðin gilda 15.-18. sept.
eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KO

**DALA FETAOSTUR**
198 KR. 150 G

TILBOÐSASKJAN 400 GRÖMM KOMIN Í BÓNUS
**létt & laggott**
**198 KR.**

**GOUDAOSTUR 26%**
300 KR. LÆGRA VERÐ
**998 KR.KG.**
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG

**TRÓPÍ 1 LTR.**
198 KR. 1 LTR

**BÓNUS BRAUÐSKINKA**
198 KR. 237 G

# ÍSLENSKT JÁ TAKK

**BÓNUS KJARNABRAUÐ 500 GRÖMM**
198 KR. 1/2 KG.

HÁMARK
165 KR. 250ML
HÁMARK er íslenskur próteindrykkur úr íslenskri mjólk með háu hlutfalli mysu- og mjólkurpróteina og 25 gr. af próteinum eða 10% af heildar innihaldi.

**BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR**
**ÞRJÁR GERÐIR - 4 STK Í POKA**
198 KR. 4 STK.

198 KR.
TVEIR PAKKAR

**MYLLU DANSKT RÚGBRAUÐ**
SJÖ SNEIÐAR **TVEIR FYRIR EINN**

**NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU**
**GULLAUGA OG RAUÐAR**
159 KR. KG

**330 ML FERSKUR ÁVAXTASAFI**
98 KR. FLASKAN
98 KR. FLASKAN

## NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
198 KR. 1.5 KG

**AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR**
359 KR. 1/2 KG.

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT K

# ÍSLENSKT JÁ TAKK ÍSLENSKT JÁ TAKK




FERSKT LAMBALÆRI NÝSLÁTRUN HAUST 2011




FERSKT LAMBAFILLET
NÝSLÁTRUN HAUSTIÐ 2011

ÍSLENSKT JÁ TAKK

ÍSLANDS LAMB
*Stolt kjötmeistarans*




FERSKT LAMBAPRIME
NÝSLÁTRUN HAUSTIÐ 2011




HÁLFUR LAMBASKROKKUR
FROSINN: NIÐUR SAGAÐUR

ÍSLENSKT JÁ TAKK

FERSKUR KJÖRFUGL




FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

ÍSLENSKT JÁ TAKK

FERSKT GRÍSAKJÖT

Ali




ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Áhugi fjölmiðla á undirheimafólki:

## Glamúrviðtöl við gangstera

Foreldrar nemenda í Menntaskólanum í Reykjavík kvörtuðu réttilega yfir því að í Menntaskólatíðindum skólafélagsins skyldi birtast viðtal við vitgrannt vöðvatröll, sem komið hefur við sögu eiturlyfjasölu og -neyzlu, handrukkana, líkamsmeiðinga og hótana og er grunað um tengsl við skipulagða glæpastarfsemi.

Í viðtalinu lýsti undirheimamaðurinn því meðal annars yfir að hann hefði alltaf getað hætt eiturlyfjaneyzlu af sjálfsdáðum og hjálparlaust og gaf menntskælingum góð ráð um vodkadrykkju.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ritnefndarmennirnir hafa fengið verðskuldaðar ákúrur hjá rektor skólans. Sennilega kæmu nokkrir aukatímar í íslenzku sér líka vel, af útdráttunum úr viðtalinu sem birtust á dv.is að dæma.

Þeir sem tóku og birtu viðtalið eru auðvitað bara krakkar, læra vonandi sína lexíu og geta kannski huggað sig við að hátt á aðra öld hafa margir hafið annars farsælan feril sem nýtir þjóðfélagsþegnar með vandræðalegum heimskupörum í þessum gamla skóla.

Kannski er þeim líka vorkunn, því að ýmsir fullorðinsfjölmiðlar hafa dottið lóðbeint á nefið í sömu gryfju; að finnast umrætt sterabuff spennandi viðtalsefni. Þannig hafa birzt við það tvö ýtarleg sjónvarpsviðtöl á undanförnum misserum, á Skjá einum og Stöð 2. DV, fjölmiðillinn sem sagði fyrstur frá viðtalinu í skólablaðinu, með hæfilegri hneykslan og undir fyrirsögn um „glamúrviðtal", hefur ekki heldur verið alveg laus við jákvæðan áhuga á umfjöllunarefninu.

Staðreyndin er hins vegar sú að lífsstíll og lífsviðhorf undirheimamannanna á ekki heima í glamúrviðtölum. Í viðtali hér í blaðinu í febrúar síðastliðnum ræddi Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur um þá varhugaverðu þróun að einstaklingar úr þessum þjóðfélagsafkima fengju jákvæða og gagnrýnislitla umfjöllun í fjölmiðlum, á léttum nótum.

„Þetta getur verið varasamt því að stundum eru dregnar upp ýktar myndir af viðkomandi sem eiga jafnvel ekki við rök að styðjast. Ákveðinn lífsstíll á mörkum þess ólöglega eða jafnvel ólöglegur er settur fram á jákvæðan og spennandi hátt. Það er hætta á því að slík framsetning verði til þess að viðurkenna og réttlæta slíkan lífsmáta og verði öðrum fyrirmynd," sagði Helgi.

Þessar viðvaranir eiga fullan rétt á sér. Menn geta sagt sem svo að hver sem lesi viðtalið við ógæfumanninn í skólablaðinu eða hlusti á hann í spjallþáttum sjónvarpsstöðvanna eigi strax að geta áttað sig á því að hann sé ekki æskileg fyrirmynd. En svo einfalt er það því miður ekki. Einhvers staðar fékk hann til dæmis sjálfur þá flugu í höfuðið að hann hefði „alltaf vitað þetta, að ég ætlaði að vera krimmi" eins og segir í blaðinu.

Það er ekkert spennandi og ekkert fyndið eða skrýtið heldur við þennan og fleiri viðmælendur sem þrífast einhvers staðar á mörkum hins ólöglega við handrukkun, gengjamyndun eða súlustaðarekstur. Grobbsögurnar, grunnvitur lífsspekin, kvenfyrirlitningin og allt hitt bullið sem vellur upp úr þeim á hvorki heima á síðum skólablaðs né í alvöru fjölmiðlum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Netþekking þingmanna

Tveir þingmenn Suðurkjördæmis hafa undanfarið birt greinar þar sem þeir brigsla Fréttablaðinu og innanríkisráðherra um samsæri um fangelsismál. Þeir virðast trúa því að Fréttablaðið hafi skoðun á því hvort nýtt fangelsi rísi í þeirra kjördæmi eða öðru. Í gær birti Sigurður Ingi Jóhannsson grein í Fréttablaðinu þar sem hann heggur í sama samsærisknérunn og Björgvin G. Sigurðsson hafði gert daginn áður. Því er endurtekið hér að leyniskýrslan sem þingmennirnir kalla eftir er opinber á heimasíðu innanríkisráðuneytisins og hefur verið síðan í janúar.



### Opinbera umræðan

Áhugaverð er einnig afstaða Sigurðar til umræðu á Alþingi. Hann kvartar yfir því að vitnað sé í ræðu hans án þess að upplýsingar úr umræddri skýrslu séu undir hann bornar. Einhver hefði haldið að það væri lágmarkskrafa að alþingismenn kynntu sér opinberar skýrslur um þau mál sem þeir tjá sig um í beinni útsendingu á þingi. Sigurður er greinilega ekki þeirrar skoðunar.



### Bjálkinn og flísin

Annars hafa orðaskiptin á þingi síðustu daga síður en svo verið til eftirbreytni þar sem brigsl um ofríki og málþóf hafa fengið að fjúka í bland við uppnefningar á forseta. Þingmenn sem blaðið ræddi við í gær áttu ekki orð yfir ástandið og líktu því við að vera á stofnun. Þeir hinir sömu hafa þó fæstir lagt sitt af mörkum til að bæta úr „umræðuhefðinni" títtnefndu.

kolbeinn@frettabladid.is
thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að meta víðerni

Auðnir og víðerni

Árni Páll Árnason

efnahags- og viðskiptaráðherra



Kaupsamningur kínversks athafnamanns, Huangs Nobu, við hluta eigenda jarðarinnar Grímsstaða á Fjöllum hefur orðið mörgum umfjöllunarefni á undanförnum vikum. Þar vill hann skapa aðstöðu fyrir gesti til að kynnast fásinninu og hinu stórbrotna og hrjúfa landslagi sem staðurinn býður upp á.

Einn angi þessa máls hefur lítið verið ræddur. Hann er sá að með kauptilboðinu hefur myndast vísir að verði á þeim víðernum sem Ísland hefur að geyma. Hingað til hefur verð á bújörðum að mestu endurspeglað afrakstursgetu jarðanna í þágu landbúnaðar. Verð jarða á svæðum í námunda við höfuðborgina hefur þó spennst upp á undanförnum árum vegna áhuga betur stæðra einstaklinga – innlendra og erlendra – á að eiga jarðnæði sér til hugarhægðar og skemmtunar.

> …með kauptilboðinu hefur myndast vísir að verði á þeim víðernum sem Ísland hefur að geyma.

Verð á ósnortnum víðernum hefur hins vegar í engu breyst og er lítið sem ekkert. Fyrir vikið hefur verðmæti náttúrunnar – heiða, hrauns og sanda – verið skipulega vanmetið. Vegagerðin hefur litlar áhyggjur þurft að hafa af því að spilla ósnortnu landi undir vegstæði, því verðmæti þess hefur verið lítið þegar komið hefur til eignarnáms. Í mati á umhverfisáhrifum stórframkvæmda hefur verðmæti víðerna, útsýnis og landslagsheilda verið vanmetið, á meðan efnahagslegur ávinningur af framkvæmd í þágu orkusölu hefur verið augljós og óumdeildur. Fyrir vikið hallar alltaf á náttúruna í mati á því hvort stórframkvæmdir sem kalla á miklar fórnir ósnortinna víðerna séu réttlætanlegar.

Vilji Huangs Nobu til að kaupa gagnslítil víðerni háu verði er því sérstakt ánægjuefni fyrir þau okkar sem höfum viljað að menn tækju tillit til mikilvægis auðnanna og víðernanna við mat á arðsemi stórframkvæmda og mun, ef af samningum verður, draga úr ágengni framkvæmdaaðila gagnvart víðernum í framtíðinni. Og kannski er það eftir öðru að það þyrfti útlending til að hjálpa Íslendingum að meta til sannvirðis víðerni í náttúru Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Útvarpsreglur í netheimi

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Eitt sinn voru jarðir manna taldar ná óendanlega langt upp og niður, frá himnum til heljar. Trjágrein sem óx inn á lóð mátti jarðeigandi höggva. Það sem hann gróf úr jörðu innan lóðarmarka mátti hann eiga.

Til að fara inn á jörð gat þurft leyfi þess sem jörðina átti.

Þetta gekk allt fínt um stund. En svo komu flugvélarnar. Ef loftréttindum jarðareigenda hefði verið haldið til streitu hefðu flugmenn þurft að biðja hundruð manna um leyfi til að fljúga yfir jörðum þeirra. Auðvitað gengur það ekki. Ríkin hafa því kosið að stjórna flugumferð yfir löndum sínum.

Þegar komið er út í geim blasa við ný vandamál. Eru gervihnettir sem fljúga yfir Íslandi á íslensku yfirráðasvæði? Varla. Það væri seint hægt að reka nokkurt gervihnattanet ef afla ætti samþykkis allra ríkja heimsins fyrir því. Hlutir á sporbaug geta trauðla tekið krók. Menn hafa því sammælst um að ekkert eitt ríki geti átt geiminn eða hluta hans.

Dæmið um flugvélarnar er fengið, í algjöru leyfisleysi, úr fyrirlestri höfundarréttarlögfræðingsins Larry Lessig, af TED-ráðstefnu 2007. Ég efast þó um að hann lögsæki mig. Lessig er einn þeirra sem áttu þátt í að búa til svokölluð Creative Commons-leyfi, sem m.a. Wikipedia notast við.

**Svokölluð samtök**

Margt í gildandi umhverfi höfundarréttar er stórfurðulegt. Íslensku höfundalögin eru þannig skrifuð í kringum samtök eins og STEF. Grípum aðeins í lagatextann:

„Þeim sem aflað hefur sér heimildar til ljósritunar eða hliðstæðrar eftirgerðar verka til afnota í starfsemi sinni með samningum við samtök höfundaréttarfélaga sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á því sviði og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skal einnig heimilt, án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, að fjölfalda verk hans með sama hætti þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum.“

Þá er sagt að „Samtökin skulu [...] hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir fjölföldun, einnig fyrir þá höfunda sem standa utan þeirra.“

> Nútímaleg lög um höfundarrétt ættu að vera hugsuð fyrir listamanninn og neytandann.

Sem sagt, menn búa til samtök, leggja á gjöld og innheimta þau, og annast réttargæslu, bæði fyrir þá sem standa innan samtakanna og utan.

Þetta er auðvitað ekki lýsing á samtökum heldur lýsing á alúðlegri opinberri stofnun. Höldum áfram:

„Þegar útvarpsstöð hefur aflað sér heimilda til útsendinga verka með samningum við höfundaréttarsamtök [...] skal [henni] einnig heimilt án sérstaks leyfis höfunda hverju sinni að útvarpa verkum hliðstæðrar gerðar þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Aðeins einum félagssamtökum í hverri grein bókmennta eða tónlistar verður veitt slík réttargæsluaðild.“

Þetta eru engin smá samtök. Innheimta skatta og koma fram fyrir hönd þeirra sem ekki eru félagsmenn. Og mislíki einhverjum þessi samtök þá getur hann ekki stofnað önnur. Fullkomlega eðlilegt.

**Frelsun listanna**

Lengi vel þurftu listamaður og listunnandi að vera staddir á sama stað til að annar gæti notið hins. Á seinustu öld breyttist þetta með tilkomu ljósvakamiðla og nýrra dreifingaraðferða. Þetta stórbætti möguleika listamanna á því að ná til fleiri listunnenda, en nálægðin tapaðist. Um leið mótaðist nýtt lagaumhverfi að tryggja réttindi listamanna. Nú hefur önnur risabreyting átt sér stað með tilkomu netsins en lögin hafa ekki fylgt í kjölfarið.

Eitt dæmi: Þrátt fyrir frjálst flæði á vörum og þjónustu innan EES má ekki kaupa tónlist af erlendum vefsíðum. Skýring: Lögin líta á þessar vefsíður sem útvarpsstöðvar. Ég sé fyrir mér bónda með krepptan hnefa að bölva flugvél.

Allir listamenn geta nú stofnað vefsíðu og dreift verkum sínum beint til notenda um allan heim, gegn gjaldi eða ekki, eins og þeir kjósa. Eins fjölgar þeim listamönnum sem hafa frjálslyndari skoðun á notkun annarra á verkum þeirra heldur en hið hefðbundna „Öll réttindi áskilin“ viðhorf. Lögin eru ekki skrifuð með þá listamenn í huga.

Nútímaleg lög um höfundarrétt ættu að vera hugsuð fyrir listamanninn og neytandann. Gildandi lög eru hins vegar skrifuð í kringum samskipti milligönguaðila: plötufyrirtækja, útvarpsstöðva og rétthafasamtaka. Í heimi þar sem sjónvarp og útvarp voru helstu miðlarnir var kannski praktískt að hafa ein einokandi rétthafasamtök til að semja fyrir allra hönd. En í netheimi gera slík samtök oft meira ógagn en gagn.

Höfundalög þarf að hugsa upp á nýtt. Það þarf að leyfa flugvélunum að fljúga yfir akurinn.

# Sjálfboðaliðar efla samfélagið

Samfélagsmál
Gréta Konráðsdóttir
djákni í Bessastaðasókn



Hans Guðberg Alfreðsson
prestur í Bessastaðasókn



Það þarf heilt samfélag til þess að ala upp barn. Þar stöndum við á Álftanesi vel og búum við kjöraðstæður. Þar hjálpast allt að, íbúafjöldi, öflug félagasamtök og rík samfélagsvitund. Það fer ekki hátt þegar einstaklingar og félagasamtök í litlum bæjarfélögum veita styrki og gjafir og enn færri vita af sjálfboðnu starfi. Það liggur líka í hlutarins eðli að fólk er ekkert að ræða það sérstaklega þó að það bjóði fram hjálp sína við hin ýmsu viðvik í sínu samfélagi.

Sjálfboðið starf er mikilvægt í samfélaginu og hreyfingar og stofnanir njóta þess með margvíslegum hætti. Kirkjur, félagsmiðstöðvar, skólar, leikskólar, hjúkrunarheimili, sjúkrastofnanir og íþróttafélög eru meðal þeirra sem njóta velvilja íbúa og félagasamtaka.

Á Álftanesi er fjöldi fólks sem er tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að gera gott samfélag betra. Margir láta sig varða hvernig nágrannarnir hafa það, hvernig barna- og æskulýðsstarfi er sinnt, hvernig hlúð er að eldra fólki og hvernig gengið er um náttúruna svo eitthvað sé nefnt. Hér hefur stuðningur Kvenfélagsins, Lionsklúbbsins og Rauða krossins verið ómetanlegur. Starf slíkra félagasamtaka er borið uppi af fólki sem vill gefa vinnu sína og láta gott af sér leiða. Kirkjan um land allt hefur líka notið þess ríkulega hversu margir vilja taka þátt og bjóða fram krafta sína. Þess vegna getur kirkjan staðið fyrir öllu því blómlega starfi sem raun ber vitni.

Árið 2011 er ár sjálfboðaliðans í Evrópu og sunnudagurinn 18. september er dagur kærleiksþjónustunnar á Íslandi. Þá munum við í Bessastaðasókn taka á móti viðurkenningu frá Evrópusamtökum um kærleiksþjónustu Eurodiaconia fyrir eflingu sjálfboðins starfs. Þetta er í raun viðurkenning til samfélagsins í heild og óskum við íbúum Álftaness til hamingju. Í slíku samfélagi felast hin raunverulegu gæði.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



**71 ÓMAR RAGNARSSON** fréttamaður, skemmtikraftur og umhverfissinni er 71 árs í dag

*„Ástin kvelur margar konur og hún kostar lífið menn en við þörfnumst hennar öðru hverju enn.“*

## Merkisatburðir

**1408** Síðustu heimildir um norræna menn á Grænlandi geta um brúðkaup í kirkjunni í Hvalsey þennan dag.

**1810** Mexíkó lýsir yfir sjálfstæði frá Spáni.

**1936** Vísindamaðurinn Jean-Baptiste Charcot ferst ásamt 37 öðrum skipverjum þegar rannsóknaskipið Pourquoi-pas? ferst í ofviðri í skerjagarðinum undan Álftanesi á Mýrum.

**1963** Lyndon B. Johnson, varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands í opinbera heimsókn og er vel tekið. Rúmum tveimur mánuðum síðar verður hann forseti Bandaríkjanna, þegar Kennedy er myrtur.

**1970** Hussein, konungur Jórdaníu, setur herlög í landinu til að hindra palestínska uppreisnarmenn í að ná þar völdum.

**1979** Minnisvarði afhjúpaður á Hólmavík um Hermann Jónasson ráðherra, sem var í áraraðir þingmaður Strandamanna og Vestfirðinga.

**1989** Erró, Guðmundur Guðmundsson listmálari, gefur Reykjavíkurborg tvö þúsund listaverk eftir sig og er safninu komið fyrir á Korpúlfsstöðum.

**ÞETTA GERÐIST** 16. SEPTEMBER 1977

## Marc Bolan ferst í bílslysi



Hinn 16. september 1977 fórst breski glysrokksöngvarinn Marc Bolan í bílslysi í London, tveimur vikum fyrir þrítugsafmælið sitt. Hann var farþegi í bíl hjá Gloriu Jones og þau voru á heimleið eftir að hafa verið að skemmta sér í Mortons-klúbbnum við Berkeley Square.

Jones missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hún keyrði á tré eftir að hafa mistekist að stýra bílnum inn á brú við Gipsy Lane í Barnes í suðvesturhluta London. Bolan lést samstundis en Jones slapp með handleggsbrot og kjálkabrot. Skömmu eftir slysið höfðu aðdáendur Bolans breytt slysstaðnum í helgan stað til minningar um söngvarann og árið 2007 var staðurinn opinberlega nefndur Bolan's Rock Shrine.

Það kaldhæðnislega er að vegna ótta við bílslys og ótímabæran dauða hafði Bolan aldrei tekið bílpróf, þótt hann ætti nokkrar glæsikerrur, þar á meðal frægan hvítan Rolls Royce, og bílar væru algeng umfjöllunarefni í textum hans.



**ESJAN ÖLLUM KÆR** Chas Goemans, starfsmaður Umhverfisstofnunar, hefur skipulagt starf hópa erlendra sjálfboðaliða sem koma hingað til lands á hverju ári til að laga göngustíga í Esjunni. Í dag býðst almenningi að koma og leggja hönd á plóg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU: FJÖLBREYTTIR VIÐBURÐIR VÍÐA UM LAND

# HJÁLPAÐ TIL Í ESJUHLÍÐUM

Dagur íslenskrar náttúru er haldinn í fyrsta skipti hátíðlega í dag en síðastliðið haust ákvað ríkisstjórn Íslands að slíkur dagur yrði haldinn hér eftir á afmælisdegi eins ötulasta baráttumanns fyrir verndun náttúru Íslands; Ómars Ragnarssonar. Í tilefni dagsins verður boðið upp á viðburði um allt land sem á einn eða annan hátt eru tengdir náttúrunni. Þar á meðal gefst almenningi tækifæri á að sinna sjálfboðaliðastörfum í náttúruvernd, nánar tiltekið í Esjuhlíðum.

„Þeir sem ganga á Esjuna eru farnir að þekkja okkur en undanfarin fimm ár hefur hópur af sjálfboðaliðum, ungt fólk víðs vegar að úr heiminum, unnið að endurbótum á göngustígum Esjunnar, nokkrar vikur í senn á hverju sumri,“ segir Chas Goemans, starfsmaður Umhverfisstofnunar, sem farið hefur fyrir hópnum. Verkefnið er á vegum stofnunarinnar og unnið í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

„Sjálfboðaliðarnir hafa verið þarna alla vikuna en í dag ætlum við að opna hópinn aðeins og bjóða fólki að koma og hjálpa til í nokkra klukkutíma. Esjan er mörgum hjartfólgin og við finnum alltaf fyrir jákvæðu viðmóti og áhuga frá þeim sem ganga Esjuna og sjá sjálfboðaliðana vinna við stígana.“



**SJÁLFBOÐALIÐAR** Stígarnir í Esju eru endurbættir af sjálfboðaliðum frá ýmsum heimshornum.

Chas segir líklegt að með tilliti til veðurs verði sjálfboðaliðarnir að vinnu á skógarsvæðinu í dag, þar sem meira skjól er. Fólki er velkomið að koma og taka til hendinni frá klukkan 13-17.

Dagskrá dagsins í heild er að finna á vef umhverfisráðuneytisins umhverfisraduneyti.is en meðal dagskrárliða má nefna göngu um fuglaverndunarsvæðið í Andakíl á Hvanneyri. Surtseyjarstofa í Vestmannaeyjum verður opin og lifandi dagskrá verður í hádeginu í Café Flóru í Grasagarði Reykjavíkur, þar sem boðið verður upp á sérstakan heilsudrykk í tilefni dagsins.

Af öðrum hápunktum dagsins má nefna að ný háskólastofnun, Líf- og umhverfisvísindastofnun, tekur formlega til starfa við Háskóla Íslands og efnt verður til málþings í framhaldinu í Öskju, um gildi íslenskrar náttúru.

**juliam@frettabladid.is**




†

*Ástkær eiginkona mín,*

**Sísí Caraway**

lést á hemili sínu í San Antonio í Texas hinn 7. september. Bálför hefur farið fram í San Antonio.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Bob Caraway**
**og aðstandendur.**



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð vegna fráfalls okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðrúnar Ebbu Jörundsdóttur**

Hlaðbrekku 22, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ og þeirra sem heimsóttu hana í veikindum hennar.

**Sigurður Jörundur Sigurðsson** — **Hrefna Erna Jónsdóttir**
**Gunnar Kristján Sigurðsson**
**Guðmundur Friðrik Sigurðsson** — **Barbara Sigurðsson**
**Óskar Sigurðsson**
**Jón Sigurðsson** — **Jóhanna Hannesdóttir**
**Ingibjörg Þ. Sigurðardóttir** — **Guðbjörn Baldvinsson**
**Jens Sigurðsson** — **Auður Fr. Halldórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, ást og hlýhug við andlát og útför*

**Unnar Stefánsdóttur**

Kársnesbraut 99, Kópavogi.

Sérstakar þakkir viljum við færa læknum og hjúkrunarfólki krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut, starfsfólki líknardeildarinnar í Kópavogi og öllum þeim sem aðstoðuðu Unni í veikindum hennar.
Við þökkum þeim sem sendu okkur samúðarkveðjur og þeim sem heiðruðu minningu Unnar við útför hennar í Hallgrímskirkju þann 19. ágúst sl. Einnig viljum við þakka prestinum Sigurði Arnarsyni og fyrrverandi félögum í Pólýfónkórnum fyrir þeirra framlag í athöfninni.

**Hákon Sigurgrímsson**
**Finnur Hákonarson** — **Rósa Birgitta Ísfeld**
**Grímur Hákonarson** — **Halla Björk Kristjánsdóttir**
**Harpa Dís Hákonardóttir**
**Ísadóra Ísfeld Finnsdóttir**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valgeir Ásbjarnarson**

Brekkugötu 38, Akureyri,

lést mánudaginn 5. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 19. september kl. 13.30.

**Ásta Axelsdóttir**
**Axel Valgeirsson** — **Hanna Guðrún Magnúsdóttir**
**Ásbjörn Árni Valgeirsson** — **Harpa Hrafnsdóttir**
**Kristjana Valgeirsdóttir** — **Ríkarður G. Hafdal**
**Gunnlaug Valgeirsdóttir** — **Ríkharður Eiríksson**
**afa- og langafabörn**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Betsý Hannesdóttir**

lést á Líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 13. september sl. Útför hennar mun fara fram frá Fossvogskirkju kl. 13.00 þriðjudaginn 27. september.

**Jens Sörensen**
**Kolbrún Svala Hjaltadóttir** — **Oddur Sigurðsson**
**Kristbjörg Stella Hjaltadóttir** — **Sigurður Ingi Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**Heilsudagar karla** verða haldnir í Vatnaskógi um helgina en þeir eru ætlaðir körlum á aldrinum 17 til 99 ára. Tilgangurinn er að styrkja líkama, sál og anda. Meðal dagskrárliða eru golfmót, innibolti, Müllersæfingar og vinna í þágu Vatnaskógar. Sjá nánar á www.kfum.is.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457






**Smurostur með fersku íslensku grænmeti er nýjasta afurð Þórarins Þórhallssonar hjá Ostahúsinu.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grænmetisbragðið skilar sér

Mjólkurfræðingurinn Þórarinn Þórhallsson hefur verið ötull í vöruþróun undanfarin ár. Hann stofnaði Ostahúsið í Hafnarfirði fyrir nítján árum, en það er þekkt fyrir ýmsar nýjungar á markaði, eins og ostarúllur og ýmsa eftirrétti. Nýjustu afurðir Ostahússins eru smurostar með fersku íslensku grænmeti. „Hugmyndin kviknaði fljótlega eftir að við sameinuðumst Í einum grænum, dótturfélagi Sölufélags garðyrkjumanna, fyrir nokkrum árum, en fljótlega eftir það settum við fyllta sveppi með rjómaosti á markað. Okkur langaði að blanda ostinum og grænmetinu frekar saman og úr varð að við réðumst í gerð smurostanna,“ segir Þórarinn.

Hann segir að vitanlega séu til smurostar með papriku og sveppum á markaði en að þeir séu oftast unnir úr þurrkuðu grænmeti og jafnvel grænmeti í duftformi. „Í íslensku smurostunum er grænmetið ferskt. Það hefur ekki verið reynt áður og er ekki vitað um sams konar vöru á markaði í Evrópu.“

## FISKUR MEÐ SVEPPASMUROSTI

og kjúklingur með paprikusmurosti **HVOR RÉTTUR FYRIR FJÓRA**

**Fiskur**
6–800 g af íslensku spergilkáli
4 stk. íslenskar gulrætur
1 dós 180g af sveppasmurosti frá Ostahúsinu
600 g af fiski að eigin vali
ólífuolía
salt og pipar



*Hellið ólífuolíunni á pönnu, dreifið skornu grænmetinu jafnt yfir. Dreifið smurostinum í litlum bitum yfir grænmetið. Setjið lokið yfir og eldið um stund við lágan hita þar til grænmetið er orðið meyrt. Raðið fiskbitunum ofan á grænmetið og kryddið. Setjið lokið á og eldið áfram við lágan hita í um það bil tíu mínútur.*

**Kjúklingur**
4 kjúklingabringur
1 rauð íslensk paprika
1 græn íslensk paprika
1 gul íslensk paprika
4 íslenskar gulrætur
1 dós 180g paprikusmurostur frá Ostahúsinu
matreiðslurjómi
ólífuolía
kjúklingakrydd eftir smekk



*Hellið ólífuolíu í botninn á eldföstu móti. Skerið kjúklingabringurnar niður og raðið í mótið og kryddið. Skerið grænmetið niður og dreifið yfir kjúklinginn. Setjið paprikuostinn í pott með matreiðslurjóma og bræðið við lágan hita. Hellið yfir grænmetið og kjúklinginn. Bakið í ofni við 180°C í um það bil 30 mínútur.*

Þórarinn segir bragðgæðin ótvíræð en hlutfall grænmetisins er um tuttugu prósent í ostinum. Þórarinn vill þó ekki eigna sér allan heiðurinn og segir mjólkurfræðinginn Jakob Bjarnason einnig hafa lagt mikið af mörkum.

Hann segir að smurostarnir séu tilvaldir í alls kyns matargerð og séu einnig góðir ofan á kex og brauð.






**Japan eftir flóðið** heitir ljósmyndasýning sem var opnuð í Sjóminjasafni Reykjavíkur í gær. Þar er að finna 69 ljósmyndir sem Egill Þórðarson og Yoko Arai Þórðarson tóku í Miyako í júní síðastliðnum og sýna þær miklu skemmdir sem urðu þegar flóðbylgjan skall á Japan 11. mars.

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
vísir

# Helena og Óðinn hyllt í tali og tónum í Salnum í kvöld

**Jana María Guðmundsdóttir og Ívar Helgason flytja söng- og sögudagskrá helgaða Helenu Eyjólfsdóttur og Óðni Valdimarssyni í Salnum í kvöld. Þetta eru fyrstu tónleikarnir í tónleikaröð sem helguð er gömlum íslenskum dægurperlum og standa mun fram á vor.**

Við Ívar erum bæði svo gamlar sálir," segir Jana María Guðmundsdóttir, söng- og leikkona, um ástæðu þess að hún og Ívar Helgason, söngvari og leikari, ákváðu að hrinda úr vör tónleikaröð sem helguð er gömlum íslenskum dægurperlum. „Við vorum að leika saman í Hárinu og langaði að gera eitthvað saman í vetur og þar sem við deilum þessari hrifningu á gamalli íslenskri dægurlagatónlist varð úr að við völdum þetta þema."

Tónleikaröðin byrjaði á Akureyri í gærkvöldi með tónleikum helguðum Helenu Eyjólfsdóttur og Óðni Valdimarssyni og verða þeir tónleikar endurteknir í Salnum í kvöld. „Við verðum með þær á hverjum tónleikum," segir Jana María. „Í kvöld eru það Helena og Óðinn, bæði lög sem þau sungu saman og hvort í sínu lagi. Í nóvember ætlum við að taka Ingibjörgu Þorbergs og Alfreð Clausen, Ellý og Vilhjálm í desember, Erlu Þorsteins og Hauk Morthens í febrúar og ljúkum svo tónleikaröðinni í apríl með tónleikum helguðum Sigrúnu Jónsdóttur og Ragnari Bjarnasyni."



Lögin sem Helena Eyjólfsdóttir söng eru helmingur dagskrárinnar í Salnum. Hinn helmingurinn tilheyrir Óðni Valdimarssyni.

Jana María segist ekki hafa hugmynd um hvaðan þessi áhugi á gömlu músíkinni sé kominn, en bæði hún og Ívar hafi áhuga á þessum gamla tíma og það muni endurspeglast í leikmyndinni þar sem forláta antíksófi skipar heiðurssess. „Svo erum við með hljómsveit skipaða þremur mönnum sem meðal annars hafa spilað með Helenu og þeir deildu með okkur sögum af henni og sjálf höfum við grafið upp ýmislegt um Óðin þannig að þetta verða ekki bara tónleikar heldur sögustund í leiðinni," segir hún.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20 og eru eins og áður sagði í Salnum í Kópavogi.

*fridrikab@frettabladid.is*



Jana María Guðmundsdóttir og Ívar Helgason eru gamlar sálir sem deila ástríðunni fyrir gamalli íslenskri dægurtónlist. MYND: HEIÐA

VORUM AÐ FÁ RISA SENDINGU AF PELSUM OG PEYSUM




AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

16. september 2011

## ELVA BJÖRK BARKARDÓTTIR

Vill beita sér gegn óréttlæti

- SHADOW CREATURES
- SKÓTÍSKAN FYRIR HAUSTIÐ
- YFIRHEYRSLAN


VERÐ Kr. 57.950

LÉTT OG NETT FARTÖLVA

acer

10,1"

AÐEINS 1,25 KÍLÓ

ALLT AÐ 8 TÍMAR Á RAFHLÖÐU

Acer Aspire One Happy

- 1.66GHz Intel Atom N450
- 1GB DDR3 minni
- 250GB diskur
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Allt að 8 tíma rafhlöðuending
- Windows 7 Starter stýrikerfi

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

☛ Hlýlegt haust

**HALTU MÉR, SLEPPTU MÉR** Flottar handtöskur verða vinsælar í haust. Töskurnar geta lífgað upp á heildarútlitið, sérstaklega ef þær eru í glaðlegum litum, munstraðar eða form þeirra óhefðbundið. Víða mátti sjá handtöskur í haustlínum stóru tískuhúsanna og er þessi frá Yves Saint Laurent.



## meðmælin



### Dansað inn í nóttina

Danskvöldin Kanill eru snúin aftur eftir að hafa legið í dvala sumarlangt. Fimmta Kanilkvöldið fer fram á Faktorý á morgun og munu dynjandi bassi og magnaðar melódíur flæða yfir allt. Aðgangur er ókeypis og því ættu allir að geta skemmt sér fram á rauða nótt án þess að pyngjan gjaldi fyrir það.

### Ljúfir tónar

Tónlistarkonan Sóley Stefánsdóttir sendi frá sér sína fyrstu breiðskífu um daginn. Platan ber heitið We Sink og er gefin út hjá þýska útgáfufyrirtækinu Morr Music. Sóley hefur vakið athygli með hljómsveitunum Seabear og Sin Fang en kemur hér fram í fyrsta sinn undir eigin nafni. Tónlistin er ljúf og þægileg og er platan hin fullkomna haustplata; mjúk og róleg.



EDDA OG SÓLVEIG RAGNA GUÐMUNDSDÆTUR HANNA FLÖSKUUMBÚÐIR:

# FÁ SÉR GOS ÚT Á MORGUNKORNIÐ

Systurnar Edda og Sólveig Ragna Guðmundsdætur mynda saman hönnunartvíeykið Shadow Creatures. Systurnar voru á meðal þeirra fjögurra tískumerkja sem kepptu til sigurs í Reykjavík Runway-keppninni sem fram fór í ágúst og hlutu stúlkurnar Coke Light-verðlaunin og fá að hanna umbúðir Coke Light.

Edda og Sólveig Ragna hafa þegar fundað með vörumerkjastjóra Coke Light auk auglýsingastofunnar sem kemur að verkefninu með þeim. „Sá fundur lofaði góðu og við vorum hvattar til þess að hugsa stórt og nota sköpunargáfuna," útskýrir Edda.

Hún segir þær hafa sótt innblástur í geómetrísk mynstur og að hönnunin verði byggð á undirfatalínunni sem þær sýndu á Reykjavík Runway, en sú er sérstaklega litrík.

Aðspurð hvort þær systur drekki báðar gosdrykkinn svarar Edda því játandi. „Já, við fáum okkur meira að segja kók út á Cocoa Puffs-ið okkar á morgnanna, en að sjálfsögðu aðeins Coke Light."

Edda segir verkefnið bæði vera góða kynning fyrir Shadow Creatures og mjög skemmtilegt. „Þetta er mjög hressandi verkefni og aldrei að vita hvort við færum okkur meira út í vöruhönnun í framtíðinni. Veldi okkar stækkar með hverjum deginum og okkur finnst mjög gaman að takast á við nýjar áskoranir. Næst á dagskrá hjá okkur er ferð á sölusýninguna Capsule í París með undirfatalínuna. Það er nóg að gera hjá okkur og við vonum að við munum að lokum uppskera það sem allir þrá; peninga, velgengni, frægð og glamúr," segir Edda glaðlega.

Flöskurnar munu fara í sölu samhliða undirfatalínunni vorið 2012 og verður spennandi að sjá afrakstur samstarfsins.

- sm



**Spennandi verkefni** Systurnar Edda og Sólveig Ragna Guðmundsdætur hanna undir nafninu Shadow Creatures. Þær munu hanna nýjar umbúðir Coke Light. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Peysa 8.990 (S-3XL)
Bolur 1.990 (S-3XL)
Gallabuxur 3.990 (S-3XL)
Klútur 1.990
Húfa 3.990

Kjóll m/belti 8.990 (S-L)
Leggings 4.990 (S-L)

Peysukjóll 5.990 (One Size)
Leggings 1.990 (One Size)

Kjóll 6.990 (S-L)
Hálsmen 1.690

SOHO MARKET

SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18
laugd 12–17


Þykkar augabrúnir tolla í tískunni:

# Strákslegt útlit og þykkar brúnir

Á sýningu Altuzarra á tískuvikunni í New York skörtuðu fyrirsætur þykkum, dökkum augabrúnum. Augabrúnir sem þessar mátti víða sjá í vetur er hönnuðir frumsýndu haustlínurnar 2011. Plokkarann má því hvíla langt fram á næsta vor ef tolla á í tískunni.

Yfirförðunarfræðingur Altuzarra sagði lykilorðin fyrir næsta vor vera „kynleysi" og „strákslegt útlit" og á þar við að konur skarti strákslegum hárgreiðslum og noti lítinn andlitsfarða. Útlitið er athyglisvert en spurning hvort það klæði alla.

- sm



**Þykkar brúnir** Þykkar augabrúnir verða áfram í tísku fram á næsta vor. NORDICPHOTOS/GETTY

## augnablikið



**GLÆSILEG** Leikkonan Susan Sarandon var á meðal þeirra stjarna sem sóttu tískuvikuna í New York. Hún var glæsileg á að líta í þessum fallega kjól. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Vilhelm Gunnarsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


OF INSPIRATION
the PIER
FOR
FYRIR HEIMILIÐ
Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART!
20%
VAR: 119.900.-
NÚ: 95.900.-
20%
VAR: 69.900.-
NÚ: 55.920.-
KERTI FRÁ 690.-
20%
VAR: 29.900.-
NÚ: 23.920.-
TILBOÐ
NÚ: 19.900.-
VAR: 39.900.-
STÓLAR Í MIKLU ÚRVALI
20%
VAR: 44.900.-
NÚ: 35.920.-
KARFA BLÁ
11.990.-
RÖNDÓTTAR KÖRFUR
MINNI 990.-
STÆRRI 1390.-
19.900.-
TILBOÐ
25%
KÖRFUR 2 SAMAN
1990.- SETTIÐ
TILBOÐ
25%
KÖRFUR VERÐ FRÁ: 890.-
NÚ FRÁ: 668.-
the PIER
KÖRFUR VERÐ FRÁ: 1390.-
VERÐ NÚ FRÁ: 1043.-
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880
TAKTU FLEIRI
TILBOÐ
ILMIR
VERÐ 2490.-
TAKTU 2 Á 3580 -
KERTI
VERÐ 129.-
TAKTU 10 Á 890.-
LJÓSASERÍUR
VERÐ 2990.-
TAKTU 2 Á 4990.-
HANDSÁPA
VERÐ 590.-
TAKTU 2 Á 990.-
BAÐSALT
VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1390.-



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fiðrildi í sér** Elva Björk Barkardóttir er nýkomin heim eftir ársdvöl í Kostaríku þar sem hún var við nám í mannréttindum og alþjóðalögum við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna.

# SPENNT AÐ TAKA NÆSTA SKREF

***Elva Björk Barkardóttir* er nýkomin heim eftir ársdvöl í Kostaríku þar sem hún var við nám í Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Elva hefur mikinn áhuga á mannréttindum og talar um dýravernd, ólíka menningarheima og fegurðarsamkeppnir við Föstudag.**

*Viðtal:* **Álfrún Pálsdóttir**
*Myndir:* **Vilhelm Gunnarsson**

Elva Björk ólst upp í Breiðholti en flutti í Garðabæinn á táningsárunum. Hún nam lögfræði við Háskóla Reykjavíkur og er þessa dagana að leggja lokahönd á mastersgráðu sína. Fyrir einu ári gerði hún hlé á náminu í HR og fékk inngöngu í Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna þar sem hún stundaði mastersnám í alþjóðalögum og mannréttindum.

## KOSTARÍKA

„Ég var ekki lengi að ákveða að flytja út enda hef ég kannski alltaf verið svolítið fiðrildi í mér. Ég heyrði fyrst af skólanum í gegnum vinkonu mína, Þurý Björk sem var nýbúin að sækja um skólann. Ég var fljót að heillast af náminu, skólanum og ekki síst staðsetningunni,“ segir Elva, en skólanum er skipt í nokkrar deildir en meginmarkmið þeirra allra er að vinna saman í átt að friði og halda uppi þeim grundvallarmarkmiðum sem finna má í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Elva segir að hún hafi verið fljót að aðlagast umhverfinu í Kostaríku þó það hafi vissulega tekið á að vera langt í burtu frá fjölskyldu og vinum. Kostaríka er gjarnan kallað Sviss Mið-Ameríku og engin tilviljun að landið hýsi Friðarháskólann.

„Kostaríka er dásamlegt land og fólkið er yndislegt. Landið er herlaust sem er óvanalegt á þessum slóðum og stjórnvöld kjósa frekar að eyða fjármunum sínum í heilbrigðiskerfið, sem er mjög gott á miðameríska mælikvarða,” segir Elva og bætir við að Kostaríka sé líka mjög framarlega í endurvinnslu og umhverfisvernd, sem kom henni skemmtilega á óvart.

„Það eru flokkunarkerfi út um allt, meira að segja í afskekktum fjallaþorpum var verið að flokka ruslið. Það fannst mér frábært að sjá.“

> *Ég er þeirrar skoðunar að maður eigi aldrei að sjá eftir neinu og standa með því sem maður hefur gert.*

## NÁMIÐ

Í skólanum lagði Elva stund á alþjóðalög og mannréttindi en hún hefur ávallt haft sterka réttlætiskennd, sem dró hana í lögfræðina til að byrja með.

„Eftir að ég lauk grunnnámi í lögfræði hóf ég störf hjá SP-fjármögnun. Það starf var góður skóli fyrir mig en ég var þó alltaf ákveðin í að halda áfram námi og ég ákvað að setjast aftur á skólabekk. Ég stóð á ákveðnum tímamótum og langaði að einbeita mér að því sem ég hafði ástríðu fyrir og skipti í raun algjörlega um stefnu. Ég fór úr viðskiptalögfræði í alþjóðalögfræði með áherslu á mannréttindi. Ég er mjög ánægð með þá ákvörðun,“ segir hún sannfærandi en í Kostaríku voru það samnemendur hennar sem höfðu mestu áhrifin á hana. Alls stunda 192 nemendur nám við skólann og eru þeir frá 55 löndum.

„Það gaf mér mikinn innblástur að kynnast fólki frá ólíkum menningarheimum og gott að ræða við fólk sem hafði áhuga á svipuðum málefnum en með ólíkan bakgrunn.“

## MANNRÉTTINDI

Elva skrifaði lokaritgerðina sína í skólanum um ríkið Palestínu og á því mannréttindabarátta Palestínumanna hug hennar allan.

„Ég hef lengi haft áhuga á málefnum Palestínu og finnst það sem þar á sér stað vera skólabókardæmi um óréttlæti. Hvernig tilverurétttur fólks og grundvallarmannréttindi




OUTLET LAGERSALA
Laugavegi 83
Nýtt kortatímabil

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan
föstudagur
Fylgstu með
Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

eru látin víkja fyrir hagsmunum og valdi annarra þjóða. Óréttlætið er algjört," segir Elva og bætir við að eftir að hafa skrifað 25.000 orða ritgerð um málefnið geti hún verið óstöðvandi þegar ríkið Palestínu ber á góma.

„Allar birtingarmyndir óréttlætis hafa truflað mig. Hvort sem að það er óréttlæti gegn minnihlutahópum eða háð kyni, kynhneigð, trú eða kynþætti. Ég vil reyna að beita mér gegn slíku í framtíðinni," segir Elva, En hvert er draumastarfið?

„Ég get alveg hugsað mér að starfa erlendis ef það kæmi til. Markmiðið er að finna starf sem gefur mér eitthvað. Þó að það sé klisja að segja það þá langar mig helst að láta gott af mér leiða. Draumurinn væri náttúrulega að fá vinnu hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er allt í lagi þó það gerist ekki strax. Ég er bara spennt að vita hvert næsta skref er."

## ENGIN EFTIRSJÁ

Þegar Elva var 18 ára gömul tók hún þátt í fegurðarsamkeppninni Ungfrú Ísland og var tíður gestur á síðum slúðurblaðanna eins og gjarnan fylgir keppendum í þeirri keppni. Hún lenti í fimmta sæti og var send út til Eistlands í keppnina Miss Tourism World þar sem hún fór með sigur af hólmi.

„Jú jú, ég er Ungfrú Ferðamáladrottning heimsins 1999. Það er fáránlegt að segja þetta," segir Elva og skellir upp úr en viðurkennir þó að hún eigi enn þá kórónuna.

„Ég er þeirrar skoðunar að maður eigi aldrei að sjá eftir neinu og standa frekar með því sem maður hefur gert," segir Elva ákveðið. „Við skulum bara orða það þannig að ég mundi ekki gera þetta í dag. Þetta á ekki við mig og ég get ekki annað en sett stórt spurningarmerki við að senda stelpur í slíka keppni svona ungar. Svo er það líka þetta með að keppa í fegurð. Það er auðvitað gjörsamlega úrelt fyrirbæri og ég veit ekki hversu eðlilegt eða heilbrigt mér finnst það."

Elva fann sig ekki í fegurðardrottningarhlutverkinu og dró sig því í hlé frá fyrirsætustörfum. „Ég var ung, ómótuð og áhrifagjörn á þessum tíma og hef sagt skilið við þennan kafla í mínu lífi."

## DÝRAVINUR

Elva Björk býr núna í Kópavogi ásamt chihuahua-hundinum Míu sem var hvað fegnust að fá eiganda sinn til landsins á ný.

„Það var frekar skrýtið að skilja hana eftir heima því ég gat haldið góðu sambandi við vini og vandamenn gegnum Skype en ekki hana. Við áttum samt nokkrar góðar Skype-stundir á meðan ég var úti, sem var frekar fyndið," viðurkennir Elva hlæjandi.

Hún er mikill dýravinur og vill einnig nýta krafta sína til að berjast fyrir réttindum dýra. „Ég var sjálfboðaliði í Dýrahjálp í dálítinn tíma en samtökin hjálpa dýrum að finna nýja eigendur í stað þess að verða lógað," segir Elva Björk og minnist einnig á ný samtök sem nefnast Velbú og stuðla að heilbrigðu og góðu lífi fyrir búfé á Íslandi.

„Vitund fólks á Íslandi fyrir velferð dýra er að aukast sem er mjög jákvætt. Ég hef í raun ekkert á móti því að borða dýraafurðir ef vel hefur verið farið með dýrin á þeirra stuttu ævi. Þá er samviskubitið minna og kjötið er betra."

**myndaalbúmið**



„Ég og Mía."



„Ég og Þurý Björk."



„Lífið var ljúft í Kostaríku."



# núna

✻ Ekki missa af

**ÚR SKRIFUM Í HÖNNUN** Tískubloggarinn og fyrirsætan fyrrverandi, Elin Kling, hefur hannað sína eigin fatalínu sem ber heitið Nowhere. Kling, sem aðeins er 28 ára að aldri, hefur slegið í gegn í föðurlandinu, Svíþjóð, með bloggi sínu og er meðal annars fyrsti bloggarinn sem fenginn hefur verið til að hanna línu fyrir H&M. Nú ætlar Kling að taka hönnunarferilinn skrefi lengra og hefur skapað sína eigin fatalínu.



SKÓTÍSKAN VERÐUR FJÖLBREYTT Í VETUR:

## HÁIR HÆLAR, STÍGVÉL OG FLATBOTNA SKÓR

Skólastarf er hafið að nýju og laufin tekin að fölna á trjágreinum og því kominn tími til að skóa sig upp fyrir veturinn.

Skótískan í vetur verður margbreytileg og skemmtileg og má sjá himinháa pinnahæla, fyllta hæla og flatbotna karlmannaskó. Hönnuðurnir Marc Jacobs og Alexander Wang sýndu loðfóðraða skó í haustlínum sínum en Celine, Pucci og Givenchy sýndu kvenlega hælaskó með fíngerðum hæl. Acne og Burberry voru á meðal þeirra tískuhúsa sem sýndu fyllta hæla, líkt og hafa verið vinsælir undanfarið ár. Allir ættu því að finna skó við sitt hæfi fyrir veturinn.



**Chie Mihara** Verslunin Kron



**Jeffrey Campbell**
GK Reykjavík



**Marc by Marc Jacobs**
Fóðraðir hælaskór úr haustlínu Marc Jacobs.



**Marc by Marc Jacobs** Flottir hælaskór frá meistara Jacobs. NORDICPHOTOS/GETTY



**Camper**
Verslunin Kron.



**Docle & Gabbana** Flatbotna herraskór voru áberandi í haustlínu Dolce & Gabbana. Þessir gulu skór vekja athygli.



**Christian Dior**
Himinhá og reimuð leðurstígvéli frá Dior.

Svört kápa með hettu
Verð 12.900 kr.





Svört úlpa með hettu. 2 litir.
Verð 15.900 kr.



Kanínu Poncho.
Nokkrir litir. Verð
10.990 kr.

koko
Laugavegi 40
S: 5544722

Nýtt kortatímabil





Full búð af nýjum haustvörum
Stærðir S-XXL

Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 Selfossi Motivo.is

BIOTHERM

# Nýjung, snyrtivörur í sínu ferskasta formi

Virkur kraftur frá brokkólí er notaður sem meðferð til að lagfæra sjáanleg þreytumerki í húðinni.

# SKIN·ERGETIC

FYRSTU LAGFÆRANDI DROPARNIR GEGN ÞREYTUMERKJUM*

ÁN PARABENS – 99% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI




NÝJUNG, SNYRTIVÖRUR Í SÍNU FERSKASTA FORMI




## 1 KRAFTUR GEGN ÞREYTUMERKJUM

**Brokkólí extract „skot“** er eitt virkasta kröftuga efnið til að auka þolgæði húðarinnar gegn þreytumerkjum. Biotherm **hefur í fyrsta sinn virkjað** það á áhrifaríkan hátt **í húðsnyrtivöru**.

## 2 NÝJUNG, SNYRTIVÖRUR Í SÍNU FERSKASTA FORMI

**Varðveitir efnið einangrað** í sínu ferskasta formi. Síðan er það blandað dropunum og kraftur brokkólí er virkjaður **fyrir fyrstu notkun**. Hámarksárangur í 3 mánuði.

## 3 HÁMARKSVIRKNI

**Eyðir þreytumerkjum áður en þau breytast í öldrunarmerki húðar**. Sléttir andlitsdrætti og gefur hámarksljóma fyrir frísklegri húð.

*frá Biotherm



## YFIRHEYRSLAN

**María Birta Björnsdóttir, leikkona og verslunareigandi.**

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Háir hælar.

**Ómissandi í snyrtibudduna:** Maskari og varasalvi.



**Uppáhaldsliturinn:** Vínrauður.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Leðurvesti.




**Hvað dreymir þig um að eignast?** Flugvél.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Bruce Springsteen með lagið State Trooper (Trentemöller mix).

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Aftur, Noir og Rick Owens.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Óáfengur mojito.




**FJARÐARKAUPUM** er sönn ánægja að bjóða **20%** kynningarafslátt af **DERMA Eco** lífrænt vottuðum húð- og hárvörum í september



**Derma Eco Bodylotion 400 ml.**
Mjög rakagefandi líkamsmjólk sem verndar húðina. Inniheldur Aloe Vera sem róar og frískar húðina ásamt nærandi E vítamíni og olíum sem viðhalda teygjanleika og náttúrulegu jafnvægi hennar.
Verð áður kr. 1936.-
kynningarverð kr. 1549.-

**Derma Eco handáburður 75 ml.**
Mildur, mjög rakagefandi, róar og verndar hendur, neglur og naglabönd. Smýgur fljótt inn í húðina. Inniheldur nærandi möndluolíu sem er náttúruleg vörn gegn rakatapi og viðheldur eðlilegum teygjanleika húðarinnar.
Verð áður kr. 984.-
kynningarverð kr. 787.-

**Derma Eco dagkrem 50 ml.**
Milt og mýkjandi andlitskrem sem veitir ákjósanlegan raka og vernd. Inniheldur E vítamín sem nærir og náttúrulegar olíur sem seinka öldrun húðarinnar.
Verð áður kr. 1936.-
kynningarverð kr. 1549.-

**Derma Eco næturkrem 50 ml.**
Milt og uppbyggjandi andlitskrem sem veitir ákjósanlegan raka og næringu. Inniheldur m.a. Aloe Vera sem róar húðina eftir amstur dagsins, sérvaldar olíur sem fyrirbyggja ótímabær öldrunarmerki og byggja upp húð sem orðið hefur fyrir skaða.
Verð áður kr. 1936.-
kynningarverð kr. 1549.-

**Derma Eco Shampoo 250 ml.**
Milt gæðasjampó fyrir flestar hárgerðir og þykir henta afar vel einnig fólki með ofnæmi og exem. Hreinsar hárið og eykur jafnvægi í hársverðinum. Mýkir og verndar.
Verð áður kr. 984.-
kynningarverð kr. 787.-

**Derma Eco hárnæring 250 ml.**
Mild gæðahárnæring, mýkir hárið og eykur glans án þess að veita fituga áferð. Náttúrulegar grænmetisolíur mýkja hárið og auka eðlilegan glans og fyllingu.
Verð áður kr. 984.-
kynningarverð kr. 787.-

**Flestir húðvöruframleiðendur hrósa sér sjálfir.** Við látum aðra um að hrósa okkur. Þess vegna erum við afar stolt af gæðastimplunum sem þrenn virt samtök hafa veitt Derma ECO.

ECOCERT ORGANIC COSMETIC · Astma-Allergi Forbundet

Munið facebook síðu Derma Eco – „like" fylgir heppni

VISA · FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.





**Ný sending**

**af fataefnum, sniðum og sníðablöðum**

FÖNDRA www.fondra.is

Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500
www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, Laugardaga opið frá 11-16

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



FORD Ranchero GT. Árgerð 1973 sjálfskiptu, allur nýuppgerður, 429ci upptekinn mótor um 400hp 9" FORD hásing C6 dominator skipting.Verð 3.500þ Rnr.153946.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

TOYOTA Reykjanesbæ



**7 manna á 790.000-stgr**
Chrysler Town and Country árg 99 ekinn 102 þ.m sjálfskiptur, leður 7 manna álfelgur, skoðaður, 2012 verð 790.000 stgr. S. 420-6600

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**

100bílar.is bílasala



Nýjar FELGUR 20", undir Touareg, Cayenne, Q7. Nýjar mjög flottar felgur, Verð 300.000kr m/VSK Rnr.115427. Eru á staðnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**Til leigu 25 þús vikan!**
HYUNDAI GETZ TIL LEIGU! 5 dyra,beinskiptur leigist í viku í senn, leiguverð 25 þús vikan! billinn afhendist með fullann tank og í góðu standi og á að vera skilað þannig aftur til baka! Uppl. s. 691 9374



GMC Jimmy árg '95. 6 cyl, ssk. Skoðaður. Í góðu lagi. Verð 380 þús. S. 892 9171



**Til leigu 25 þús vikan!**
SUZUKI JIMNY 4x4 TIL LEIGU! 1,3 beinskiptur leigist í viku í senn, leiguverð 25 þús vikan! billinn afhendist með fullann tank og í góðu standi og á að vera skilað þannig aftur til baka! Uppl. s. 691 9374



Til sölu 305 Chevrolet. Ný yfirfarinn V. 150 þús. 12 bolta Chevrolet, einnig 302 Ford. 351WEFI. 360 AMC. Ásamt fleiri vélahlutum. S. 774 4021.



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.7 millj. Uppl. í s. 693 2991.



Honda CRV árg.'00. 2L Ssk. Verð 490 þús. Uppl. í s. 663 2991.



**Sparibaukur í toppstandi!**
Toyota Yaris Terra, árg. '04. 3ja dyra, ek. 101þ.km. Verð: 750þ. Uppl: 867 3752 Bryndís.



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 800þús. Uppl. s. 693 2991.



JEEP GRAND CHEROKEE SRT 8. 2/2007 ek. 66.000 km. Hlaðinn aukabúnaði. VERÐ AÐEINS 4.2 millj. Uppl. í síma 893 9860.



Skoda Fabia árg. 2003, ek. 98.600 km. Sk. ágú 2012. Einn eigandi. V 860 þ. S:844 4973.

## Til sölu



Fjarstýrð flugmódel í úrvali.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is



til sölu wv bora árg 99 1,6 beinskiftur ek 191 þús ný tímareim ný skoðaður vetrardekk topp bíll verð 465 þús gsm 8682352

TOPP EINTAK Skoda Oct Station m/krók ár2003 ek142þú TILB 790ÞÚ Svanlaug 821 3890

## 0-250 þús.

Til sölu Fiat Stilo árg. 2004 ek 95 þ km. Skemmdur eftir innbrot. Uppl 8574221 Tilb.

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 620 ÞÚS!**
JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4,7 V8 árgerð '99 ek.123 þús m.sjálfskiptur, leður, kastara, glerlúga, cruize control ofl. ný skoðaður 2012,ásett verð 850 þús TILBOÐ 620 ÞÚS! s.841 8955

Til sölu Grand Cherokee Laredo árg. 2000. Vel með farinn og skoðaður 2012. Ásett verð 800.000.- kr. en fæst á 650.000.- kr. stgr. Upplýsingar í síma 864 1640

## 1-2 milljónir



Huynday Terracan árg '04. ek. 130þ. dísel. beinsk. ný tímareim við 90þ. tilb. 1.800.000 s: 661-5330 e. kl. 16

## 2 milljónir +



Ssangyong Rexton RX-320 árg.'03 ek. 74.000 mikið breyttur með öllum bunaði, 35"dekk, verð 1,9mill S. 693 2991.

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., billinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

**Vantar ódýran bíl**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 860 3970.

## Vinnuvélar



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Vespur




**TILBOÐ Í NOKKRA DAGA !**
Flottar stórar 50cc bensín vespur í rauðu og svörtu og bláu á 12" og 13" dekkjum. Box aftan á og þjófavörn fylgja frítt með. VERÐ NÚNA: 199.000. Þú sparar 79.000. City Runner S: 567 1040 Laugarvegur 168

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**

## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bilapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja







**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

**Húseigendur**
Getum bætt við okku verkefnum í múr og sprungu viðgerðir. Málum rennur og niðurföll. Áralöng reynsla. Fáðu raunhæft tilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl. í síma 618 5286 eða thordurmurari@gmail.com

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Brasilian whole body massage. S. 698 8834, Mona.

NEW!!! LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWNTOWN REYKJAVIK!!! Anytime 899 5836 Alisia

Whole body massage. S. 849 5247.

**MASSAGE**
Whole Body Massage in Reykjavik Any Time 823 6377.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:661 8272 eða 693 0348.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Spádómar




**Spásími 908 7000**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 863 1987 visa/euro.

## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

Óska eftir að kaupa vínyl hljómplötur, DVD, CD diska og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

## Til sölu




**Ódýr heimilistæki**
Til sölu ísskápar, þvottavélar, þurkarar, uppþvottavélar, fartalva, borðtalva og eldavélar. Sími 896 8568

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu þvottavélar og þurrkara. S. 847 5545.

City Runner



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer.3 skynjarar. Örfá stk eftir. Viðgerðarmaður setur þær í fyrir þig. Tilboð núna með birgðir endast. 14.900 krónur. Áður 25.900. City Runner S: 567 1040 Laugarvegur 168



Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Ál-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr.

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is



**Lagersala !**
500 1.000 1.500 2.000 3.000 Laugardaginn 17. sept. Milli 12 og 20 Bara þennan eina dag. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta

**Frí greining**
Líkamshlustun. G ben jurtavörur. Sími 588 2260 / 863 2261

## Námskeið

**Nuddnámskeið**
Vöðvanudd, svæðanudd. www.dao.is

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði í neðri hluta Þverár. Eingöngu fluguveiði frá 14. sept. - 30. sept. Uppl. í síma 848 2304.

## Ýmislegt

Tek að mér að sauma út myndir. Sanngjarnt verð. Uppl. í síma 694 6480. Margrét.

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

39 fm stúdíóíbúð til leigu í Vesturbæ Kópavogs. Sér inngangur. Kyrrlátt hverfi og stutt í strætó Hamraborg. Uppl. í s. 661-4956

Góð 100 fm íbúð á besta stað í 110 til leigu í 3 mánuði. Leigist með innbúi. Upplýsingar og tilboð: 1tilleigu@gmail.com

Til leigu glæsilegt herbergi í miðborg Rvk. Aðgengi að eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi. Uppl. í síma 699 7720/552 1225.

## Húsnæði óskast

Mæðgur leita sér að 3 herb. íbúð í Rvk frá 1. okt. Önnur er á sextugs aldrinum og hin á þrítugs aldrinum. Reglusamar og skilvísar. Uppl. í s. 694 7395 eða martasiwiec@simnet.is

Ég er 44 ára, 2ja barna faðir. Óska eftir 40 - 60 fm íbúð á stór Reykjavíkursvæðinu. S. 772 5290

## Atvinnuhúsnæði

**Hafnarfjörður - skrifstofur - vinnustofur**
Eigum laus nokkur skrifstofuherbergi eða vinnustofur og 90 m2 húsnæði undir verslun, snyrtilegt verkstæði eða skyldan rekstur. Nánar á www.leiga.webs.com

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn.**
Eigum nokkur laus pláss í vetur. Uppl. s. 893 3347.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ,hreint og lyktarlaust. Myndir á Facebook og Google undir: Húsvagnageymslan Eyrarbakka. S: 564-6501.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. bátar o.fl. upphitað, gott verð S: 612 6130 email: solbakki.311@gmail.com

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhúsnæði í Keflavík**
Vetrargeymsla á farartækjum og eftirvögnum í upphituðu húsnæði með sólarhrings öryggis- og brunakerfisvakt. Uppl. s. 868 9087 og husbilageymsla@gmail.com (einnig á Facebook: Húsbílageymsla)

## Atvinna í boði

KORNIÐ BAKARÍ – HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT

**Afgreiðslufólk**
**vantar í hálfsdagsstörf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma á netfangið umsokn@kornid.is**

SÚFISTINN KAFFIHÚS

**Súfistinn kaffihús / Hafnarfirði**
**Laust er til umsóknar 100 % starf við afgreiðslu og þjónustu. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Upplýsingar um starfið veitir Hjördís í s. 694 9148**

Sushibarinn Laugarvegi 2 óskar eftir einstakling í fulla vinnu, reynsla af eldhússtörfum æskileg. Upplýsingar á staðnum eða senda póst sushibarinn@sushibarinn.is

Hressingarskálinn Austurstræti 20. framtíðarstarf í lifandi og skemmtilegum vinnustað, leitum að kokk sem þarf að vera skipulagður, hugmyndaríkur og fl. Einnig auglýsum við eftir aðstoðarmanni í eldhúsi, vinsamelgast sendið upplýsingar á valdi@hresso.is

**Hársnyrtifólk**
Stólar til leigu á Wink Smáratorgi, hagstæð leiga á vinsælum stað. Mikið að gera. Uppl. í s. 822 4849 e. kl 13.

Vanan verkstjóra vantar í frystihús á Vestfjörðum sem getur unnið sjálfstætt frá og með 1. oktober. Uppl. í s. 852 2272

## Atvinna óskast

Ég er 56 ára íslenskur kerfisfræðingur og vantar vinnu. Margt annað kemur til greina. Vinsamlegast sendið mér línu á netfangið ief@ief.is

## Viðskiptatækifæri

Lítið kaffihús/íssöluturn til sölu í 101,frábær staðsetning og nýuppgert húsnæði, hagstæð kaup, ekkert áhvílandi, hentar vel að bæta við hádegismatsölu eða bakkelsi upplýsingar á gotrack@gmail.com

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 2000**
Opið allan sólarhringinn.

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2011 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraða og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþægindа hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2011

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli


LANDMARK
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS
512 4900
www.landmark.is!



Magnús Einarsson, löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, sölustjóri
Sigurður Samúelsson, löggiltur fasteignasali
Sveinn Eyland, löggiltur fasteignasali
Kristberg Snjólfsson, sölufulltrúi
Friðbert Bragason, sölufulltrúi
Eggert Maríuson, sölufulltrúi
Sigrún Hákonardóttir, viðskiptafræðingur - skjalagerð

Árangur – Fagmennska – Framsækni

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** pot, **8.** sauðagarnir, **9.** pili, **11.** eyðileggja, **12.** blossaljós, **14.** lengja, **16.** átt, **17.** málmur, **18.** háttur, **20.** grískur bókstafur, **21.** tilræði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** hamfletta, **7.** andsvar, **10.** mánuður, **13.** gerast, **15.** einsöngur, **16.** slagbrandur, **19.** aðgæta.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** ot, **8.** vil, **9.** rim, **11.** má, **12.** flass, **14.** síkka, **16.** sv, **17.** eir, **18.** lag, **20.** pí, **21.** árás.
**LÓÐRÉTT: 1.** torf, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** tilsvar, **10.** maí, **13.** ske, **15.** aría, **16.** slá, **19.** gá.


Helgarblað
alla laugardaga



Skáldskapurinn er mikill leikur

Vigdís Grímsdóttir er ekki einungis skáld og rithöfundur heldur líka málari og verður bráðum barnakennari.

**Meðal annars efnis:**

**Allsherjarlausnir óraunhæfar**
Dórótea í Galdrakarlinum í Oz hefur kennt Láru Jóhönnu Jónsdóttur leikkonu ýmislegt.

**Litríkir og ógirtir herramenn**
Svarti liturinn víkur fyrir litadýrð í herratísku vetrarins.




Allt sem þú þarft


# Kalkúnar og fávísar fjölskyldar

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Rithöfundurinn og tölfræðingurinn Nassim Taleb setti fram áleitna dæmisögu í bók sinni The Black Swan frá árinu 2007. Setjum okkur í spor kalkúns sem verið er að ala upp til slátrunar. Á hverjum degi kemur til kalkúnsins vingjarnlegur bóndi sem gefur honum að borða. Með hverjum deginum sem líður verður kalkúnninn öruggari með tilveru sína og traust hans á bóndanum vex. Þar til svo bóndinn kemur einn daginn og slátrar kalkúninum. Hver er lexían? Jú, það er varasamt að búast við því að framtíðin verði eins og fortíðin.

**TALEB** hefur síðustu ár verið óþreytandi í að bera út þennan boðskap enda margt til í þessu hjá honum. Hann hefur gagnrýnt nýtískuleg félags- og fjármálavísindi fyrir að reiða sig um of á hina svokölluð normaldreifingu eða aðrar skilgreindar líkindadreifingar. Veruleikinn er nefnilega oft flóknari en líkön segja til um og óvissa um framtíðina meiri en við myndum gjarnan vilja. Þess vegna eiga jafnvel hinir menntuðustu og reyndustu sérfræðingar að sýna auðmýkt í spádómum sínum og viðhorfum um framtíðina.

**TIL ER** annað og skylt fyrirbæri sem höfundur hefur séð minna skrifað um. Það er sennilega einfaldast að lýsa því einnig með lítilli dæmisögu. Ímyndum okkur fjölskyldu sem tekur 100 prósenta húsnæðislán fyrir fáránlegu dýru húsnæði, draumahúsnæðinu. Svo dýru að það er algjörlega útilokað fyrir fjölskylduna að standa við greiðslur af láninu. Viðkvæði fjölskyldunnar er að þetta reddist. Að nokkrum mánuðum liðnum er vandinn strax orðinn ljós og fjölskyldan á leið í gjaldþrot verði ekkert að gert. En viti menn, fjölskyldan vinnur í Víkingalottóinu og getur greitt lánið upp á einu bretti eins og ekkert sé. Hver er lexían hér? Jú, þó að tíminn leiði í ljós framvindu sem annar taldi líklegri en hinn þá er ekki þar með sagt að skoðun hins fyrri hafi verið skynsamlegri. Viðhorfið að þetta reddist var ekki skynsamlegt jafnvel þótt það hafi reddast að lokum.

**ÞAÐ ER** því ekki alltaf sanngjarnt né sérlega gagnlegt að skipta spádómum í þá sem rættust og þá sem féllu. Hvað þá að skipta skoðunum í réttar og rangar jafnvel þótt tíminn leiði í ljós framvindu sem annar taldi líklegri en hinn. Það sem skiptir öllu meira máli er að skipta spádómum í rökrétta og órökrétta og skoðunum í skynsamlegar og óskynsamlegar. Það er rökstuðningurinn sem skiptir máli. Þótt hlutirnir fari ekki eins og þú taldir líklegast, þá er ekki þar með sagt að þú hafir haft rangt fyrir þér.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# VERÐHRUN

## SPARAÐU ALLT AÐ 20.000KR

ÞÚ SPARAR 10.000,-
mongoose
20" GAVEL
vnr. 841743
~~49.999,-~~
TILBOÐ
39.999,-



ÞÚ SPARAR 8.000,-
mongoose
20" STRIKE
vnr. 841742
~~39.999,-~~
TILBOÐ
31.999,-



ÞÚ SPARAR 9.000,-
PACIFIC
20" IGNITER
vnr. 841748
~~29.999,-~~
TILBOÐ
20.999,-



ÞÚ SPARAR 6.000,-
CROSS
20" ROCKY/ALISSA
vnr. 841685, 842617
~~29.999,-~~
TILBOÐ
23.999,-



ÞÚ SPARAR 7.000,-
CROSS
24" ROCKY/ALISSA
vnr. 841689 , 841690
~~34.999,-~~
TILBOÐ
27.999,-



ÞÚ SPARAR 8.000,-
CROSS
26" TONUS
vnr. 841683, 841684
~~39.999,-~~
TILBOÐ
31.999,-



ÞÚ SPARAR 12.000,-
CROSS
28" ARROW
vnr. 842622
~~59.999,-~~
TILBOÐ
47.999,-



ÞÚ SPARAR 12.000,-
CROSS
28" ARRINA
vnr. 842621
~~59.999,-~~
TILBOÐ
47.999,-



ÞÚ SPARAR 12.000,-
CROSS
28" ARRINA
vnr. 842621
~~59.999,-~~
TILBOÐ
47.999,-



ÞÚ SPARAR 16.000,-
CROSS
26" T-REX
vnr. 841688
~~79.999,-~~
TILBOÐ
63.999,-



ÞÚ SPARAR 15.000,-
RALEIGH
26" PARADOX
Vnr. 842619
~~59.999,-~~
TILBOÐ
44.999,-



ÞÚ SPARAR 20.000,-
CROSS
26" SPORTSTER
Vnr. 841686
~~99.999,-~~
TILBOÐ
79.999,-



ÞÚ SPARAR 16.000,-
CROSS
28" CROSSBOW
vnr. 842618
~~79.999,-~~
TILBOÐ
63.999,-



ÞÚ SPARAR 9.000,-
RALEIGH
26" SAHARA
Vnr. 841687
~~44.999,-~~
TILBOÐ
35.999,-



ÞÚ SPARAR 8.000,-
RALEIGH
26" BOSTON
Vnr. 842620
~~39.999,-~~
TILBOÐ
31.999,-



ÞÚ SPARAR 9.000,-
PACIFIC
26" STRATUS
vnr. 841746, 841747
~~29.999,-~~
TILBOÐ
20.999,-



ÞÚ SPARAR 12.000,-
PACIFIC
26" OCEANSIDE
vnr. 841744, 841745
~~39.999,-~~
TILBOÐ
27.999,-



ÞÚ SPARAR 10.000,-
RALEIGH
26" AVENUE
Vnr. 841692
~~49.999,-~~
TILBOÐ
39.999,-



Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36.
Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

Gildir til 3. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**MIKLIMEIR, SÝNING KATRÍNAR ÓLÍNU PÉTURSDÓTTUR**, opnar í Gallerí Spark Design Space í kvöld klukkan átta. Á sýningunni er töframaðurinn Miklimeir kynntur til sögunnar og frásögn af honum útfærð á teppi. Sýningin stendur til 16. nóvember.

Leikhús ★★★★

**Uppnám**

Þjóðleikhúskjallarinn

**Höfundar og leikarar:** Pörupiltar (Sólveig Guðmundsdóttir, María Pálsdóttir og Alexía Björg Jóhannsdóttir) og Viggó/Víoletta (Bjarni Snæbjörnsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir).

## Geggjun og dásamleg meðvirkni

Í Þjóðleikhúskjallaranum sýnir fjörugur hópur ungra leikara kolgeggjað uppistand undir yfirskriftinni Uppnám. Þetta er eins og tvískiptur kabarett. Í fyrri hlutanum segja þrír karlmenn frá lífi sínu og karlmennskureynslu en þeir kynntust á námskeiði fyrir atvinnulausa. Í síðari hlutanum flytja Viggó og Víoletta Sjálfshjálparsöngleik.

Sólveig Guðmundsdóttir, Alexía Björg Jóhannesdóttir og María Pálsdóttir léku karlangana og rúlluðu upp salnum með frammistöðu sinni. Hermann Gunnarsson er snyrtipinni sem býr hjá mömmu og selur lífrænar tuskur. María Pálsdóttir virtist þekkja hann út og inn. Alexía Björg Jóhannesdóttir lék síðhærðan iðjuleysingja með sannfærandi kæki og takta sem einir sér nægðu til þess að hlægja salinn. Sólveig Guðmundsdóttir dregur upp óborganlega mynd af skáldi og rappara sem varð að hætta að vinna sem næturvörður á Mogganum af því það var svo langt að fara. Leikkonurnar hafa húmorinn vel á valdi sínu og undirliggjandi tregi gerði leikinn enn meira sannfærandi.

Í síðari hlutanum kynnumst við krökkum sem ung fara að skrifast á millum Bíldudals og Breiðholts og verða síðar par, þó svo að pilturinn virðist ekki hafa gert sér grein fyrir að hann var frekar hrifinn af strákum. Viggó og Víoletta sópa erfiðleikum og fordómum undir mottuna og leyfa sér að þeyta sér inn í draumheima söngleikjanna. Víoletta fer til Broadway en velur svo að koma heim til Viggós. Bjarni Snæbjörnsson fór með hlutverk Viggós og Víolettu lék Sigríður Eyrún Friðriksdóttir. Íslenskir textar við alls kyns þekkt söngleikalög voru smellnir. Sigríður Eyrún heillar salinn með styrkum söng, persónulegum sjarma og glettni. Bjarni lagði salinn í túlkun sinni á Leif latte-gaur, sem upprunalega var samið við lag Marcy. Bjarni og Sigríður voru ærslafengin í leik sínum og sneru öllu tali um meðvirkni á hvolf þannig að það svínvirkaði.

Fordómar og hvernig þeir taka sér bólfestu í okkur var einnig hluti af þeirra yrkisefni, en þeim var, eins og öllu öðru í glitrandi bleikum draumheimi, sópað undir teppið. Engu var ofaukið í þessum tvískipta kabarett og er óhætt að lofa góðri skemmtun í Þjóðleikhúskjallaranum við dillandi tóna.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Frábær skemmtun í Þjóðleikhúskjallaranum.

Hljómsveitin Sixties
Stórdansleikur á Kringlukránni
Föstudags- og laugardagskvöld
Aðeins 1500 kr aðgangseyrir
Sjáumst.
Café/Restaurant KRINGLUKRÁIN – á góðri stund



**ÚR SVÖRTUM HUNDI PRESTSINS** Kristín Jóhannesdóttir og Kristbjörg Kjeld leiða saman hesta sína á ný. Þær unnu síðast saman í Utan gátta eftir Sigurð Pálsson, sem var valin sýning ársins á Grímunni 2009. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

# Um handhafa sannleikans

**Svartur hundur prestsins, fyrsta leikverk Auðar Övu Ólafsdóttur, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri segir höfundinn hafa sérstæða sýn á veruleikann og lag á að bregða á hann óvenjulegu ljósi.**

Auður Ava Ólafsdóttir hefur sent frá sér þrjár skáldsögur við góðar undirtektir en Svartur hundur prestsins, sem verður frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu annað kvöld, er hennar fyrsta leikrit.

Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri lýsir leikritinu sem tragíkómísku verki þar sem rýnt sé í skilgreininguna á fjölskyldu og sannleikanum; hvar eignarhaldið á honum liggi og þá um leið á sjálfum veruleikanum.

Svartur hundur prestsins fjallar um ættmóður sem býður syni sínum, tveimur dætrum og tengdasyni í vöfflur og greinir þeim frá ákvörðun sem kemur öllum í opna skjöldu. Dæturnar þurfa að takast á við gerbreyttar aðstæður í samskiptum við móður sína en lenda auk þess í átökum við bróður sinn, sem kominn er langt að og hefur ákveðið að gerast boðberi sannleika sem allir vilja forðast.



**KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR**

Þetta kann að hljóma eins og uppskrift að klassísku fjölskyldudrama en að sögn Kristínar Jóhannesdóttur leikstjóra liggur fiskur undir steini.

„Auður Ava er höfundur með afar sérstaka rödd, hefur skemmtilegan húmor á veruleikann og lag á að setja hlutina í óvenjulegt samhengi. Hér er farið inn í fjölskyldu, sem hæglega má skilgreina sem misvirka, til að draga upp mynd af stærra samfélagi, og undir lúrir leyndarmál. Allt er þetta klassískt í eðli sínu en aftur á móti er meðhöndlunin svo sérstæð; hvernig farið er yfir öll mörk og landamæri í hlutverkaskipan innan fjölskyldunnar og þar með samfélagsins."

Hún segir verkið ekki bera þess nein merki um að vera frumraun höfundar.

„Það tekur heila ævi að verða gott leikskáld en ég tel að Auður Ava sé langt komin."

Kristbjörg Kjeld leikur ættmóðurina, en þær Kristín leiddu síðast saman hesta sína í Utan gátta, sem hlaut Grímuverðlaunin sem sýning ársins 2009.

„Kristbjörg er ein af okkar mestu leikkonum, ef ekki sú mesta. Þær eru að minnsta kosti fáar sem standa henni jafnfætis. Fyrir leikstjóra er mjög lærdómsríkt að vinna með leikara sem býr yfir jafn mikilli reynslu og þroska og Kristbjörg."

Kristín var lengst af kvikmyndaleikstjóri en söðlaði um fyrir nokkrum árum, með góðum árangri, samanber velgengni Utangátta fyrir tveimur árum. Spurð hvort hún ætli að helga sig leikhúsinu alfarið héðan í frá segir hún ekkert fullt og fast í sínu lífi.

„Ég vildi gjarnan ganga inn um dyr kvikmyndanna aftur en það er allt að því ofurmannlegt verkefni að safna fjármagni fyrir litla mynd, hvað þá meðalstóra eða þaðan af stærri. En mér finnst ævintýralega gaman að vinna í leikhúsi, þótt ég hafi aldrei sett stefnuna þangað."

Með önnur hlutverk í sýningunni fara Margrét Vilhjálmsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson og Baldur Trausti Hreinsson.

bergsteinn@frettabladid.is

krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is



**Hildigunnur** dýralæknir sinnir stórum og smáum dýrum á Dýraspítalanum. Stærsta nautið var rúmlega tonn og stærsti kötturinn var tólf kíló.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

# Stórstjarna stjórnar í Hörpu

Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar leikur í Hörpu á sunnudag og eru tónleikarnir liður í ferð sveitarinnar um Norðurlönd. Þetta er í fyrsta sinn sem sinfóníuhljómsveitin leikur hér á landi.

Hljómsveitin leikur undir stjórn Gustavo Dudamel, sem þrátt fyrir að vera aðeins þrítugur að aldri á litríkan og merkan feril að baki.

Dudamel er aðalstjórnandi Gautaborgarsinfóníunnar, tónlistarstjóri Fílharmóníunnar í Los Angeles og listrænn stjórnandi Orquesta Sinfónica Simón Bolívar í heimalandi sínu, Venesúela.

Gustavo Dudamel er ein skærasta stjarnan í tónlistarheiminum í dag þrátt fyrir ungan aldur. Tónlistarnám hans hófst í gegnum El Sistema í Venesúela, kerfi sem tónlistarmenn um allan heim líta til sem fyrirmyndar að kerfi tónlistaruppeldis. Níutíu prósent nemenda eru fátæk en fá í gegnum tónlistarnám tækifæri til að læra á hljóðfæri og spila í hljómsveit.

Dudamel, sem er sonur tónlistarmanna, lærði á fiðlu og fékkst við tónsmíðar en var farinn að læra tónlistarstjórn fjórtán ára gamall. Hann hefur vakið mikla athygli, umfjöllun um hann í fréttaskýringaþættinum 60 mínútum var til að mynda kölluð Gustavo the Great, eða Gústaf mikli, en í nýrri heimildarmynd, „Let the Children Play", segir frá stuðningi hans við tónlistarnám barna.

Á efnisskrá tónleikanna í Hörpu verður meðal annars frumflutningur verksins Tiger Touch eftir Karin Rehnqvist, Sinfónía nr. 6 eftir Tsjaíkovskí og Klarinettukonsert eftir Mozart í flutningi einleikarans Martins Fröst, sem er Íslendingum að góðu kunnur, en hann hefur meðal annars komið fram sem einleikari ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. - sbt



**GUSTAVO DUDAMEL** Stjórnar Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar í Hörpu á sunnudag.




# Risalagersala á Fiskislóð 39

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

**Nýtt kortatímabil**

## Opið alla helgina kl. 10–19


990kr.
HRUNIÐ


990kr.
ÁST Í BLÍÐU OG STRÍÐU – INNBUNDIN


990kr.
HJÓNABAND & SAMBÚÐ


990kr.
LIFUM LÍFINU HÆGAR


990kr.
ÍSLENSK STÍLFRÆÐI


990kr.
RISAEÐLUTÍMINN – KILJA


990kr.
HEILRÆÐI HJARTANS


990kr.
SAGAN AF UNDURFÖGRU PRINSESSUNNI ...


990kr.
ALDREI AÐ VITA!


990kr.
BERT OG HEMAN HUNTERS

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.


990kr.
FYRIR FROSTIÐ – KILJA


990kr.
KÍNVERJINN - KILJA


990kr.
GEMSINN


990kr.
EKKJAN – KILJA

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Forlagið · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19 – fimmtudaga kl. 10–21**

# Ekið í skólarútu á tónlistarhátíð

Feðgarnir Óskar og Pan Thorarensen sem skipa rafdúettinn Stereo Hypnosis spila á lista- og raftónlistarhátíðinni Harvest Festival í Kanada í dag. „Þetta verður rosalega spennandi,“ segir Pan.

Þeim feðgum var boðið á hátíðina af kanadískum tónlistarmönnum sem Pan kynntist á netinu. „Þeir vissu hverjir við vorum og vildu fá okkur út. Ég hef aldrei hitt þessa menn en við erum samt búnir að heyrast í mörg ár í gegnum tónlistina,“ segir hann.

Hátíðin verður haldin um 240 kílómetrum norður af Toronto. Aðrir erlendir flytjendur á hátíðinni verða Marc Romboy frá Berlín, Osunlade frá Grikklandi og Perfect Stranger frá Ísrael. „Við gistum í tvær nætur í heimahúsi í Toronto hjá fólkinu sem fékk okkur á hátíðina og okkur verður síðan keyrt á hátíðina í ekta amerískri skólarútu. Þarna verða allir í tjöldum og þetta verður ekki ólíkt því sem við erum búnir að vera að gera en þetta er samt miklu stærra,“ segir hann og á við raftónlistarhátíðina Undir jökli sem þeir feðgar hafa skipulagt á Hellissandi. Mörg skúlptúrlistaverk verða sýnd á kanadísku hátíðinni auk þess sem glæsilegar eldsýningar verða haldnar.

Um tvö þúsund manns hafa keypt sér miða á hátíðina og nokkur svið verða í boði fyrir hljómsveitirnar, þar á meðal eitt píramídasvið. Spurður hver borgi fyrir ferðalagið segir Pan að Loftbrú komi til móts við feðgana varðandi flugið en fæði og uppihald er greitt af tónleikahöldurum. - fb



**Á LEIÐ TIL KANADA** Feðgarnir í Stereo Hypnosis spila á tónlistarhátíð í Kanada í dag. Pan er til vinstri á myndinni og Óskar pabbi hans til hægri.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 16. september 2011**

### Tónleikar

**12.00** Hljómsveitin **Vax** heldur þrenna tónleika í dag. Fyrstu tónleikarnir eru í Menntaskólanum á Egilsstöðum kl. 12 og aðgangur er ókeypis. Aðrir tónleikar verða í Löngubúð á Djúpavogi kl. 20.30 og á Víkinni á Höfn að miðnætti. Miðaverð á báða tónleikana er kr. 1.200.

**12.15** C-dúr tríó Brahms, opus 87, verður leikið af **Peter Máté** píanóleikara, **Guðnýju Guðmundsdóttur** fiðluleikara og **Gunnari Kvaran** sellóleikara í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** **Jana María Guðmundsdóttir** og **Ívar Helgason** syngja dægurlög ásamt hljómsveit í Salnum. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Fönksveitin **Jagúar** leikur á opnunarkvöldi Gauks á Stöng á Tryggvagötu 22. Aðgangur er ókeypis og aldurstakmark er 18 ára.

**22.00** Hljómsveitin **Brother Grass** heldur kveðjutónleika á Café Rosenberg. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin **Dalton** spilar á Hressingarskálanum. Að tónleikunum loknum þeytir Dj Elli skífum.

**23.00** **Apparat Organ Quartet** heldur tónleika á Faktorý. Dj Musician sér um upphitun. Miðaverð er kr. 1.500 kr. í forsölu en kr. 2.000 við hurð.

**23.30** Útvarpsþátturinn Music Matters á Flass 104.5 heldur tónleika á Players í Kópavogi. Basic House Effect sér um upphitun. Plötusnúðarnir **Dj Joey D** og **Frigore** þeyta skífum. Kristmundur Axel og hljómsveitin Úlfur Úlfur koma fram. Miðaverð er kr. 1.000.

### Kvikmyndir

**20.00** Bandaríski leikarinn og kvikmyndagerðarmaðurinn **Crispin Glover** flytur leikverk sem byggir á bókum hans Crispin Hellion Glover's Big Slide Show og sýnir kvikmynd sína It Is Fine! Everything Is Fine í Bíói Paradís. Miðaverð er kr. 2.500.

### Leiklist

**18.00** Barnaleikritið **Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig** er sýnt á Norðurpólnum. Miðaverð er kr. 1.900.

**19.30** Upplestur úr nýjum íslenskum leikverkum í **Tjarnarbíói**. Upplesturinn er liður í **Grósku**, höfundahátíð Félags leikrita og handritshöfunda. Miðaverð er kr. 1.000.

**20.00** Leiksýningin Þetta er lífið ... om lidt er kaffen klar! í flutningi **Charlotte Bøving** er sýnd í Iðnó. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** **Leikfélagið Sýnir** flytur nýja leikgerð af riddarasögunni um Tristram og Ísönd í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Leikverkið Uppnám með **Pörupiltum og tvíeykinu Viggó og Víólettu** er sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### Fundir

**12.00** **Annica Kronsell**, dósent við Lund háskóla í Svíþjóð, heldur erindi um kyn- og þjóðaröryggi í Odda 201 í Háskóla Íslands. Fundurinn fer fram á ensku og allir eru velkomnir.

**13.20** **Kristján L. Guðlaugsson** flytur erindið Maóistar á Íslandi í skugga kalda stríðsins í Lögbergi 102 í Háskóla Íslands. Allir eru velkomnir.

### Bókmenntir

**17.00** Útgáfuhóf vegna útgáfu bókarinnar Aðgát skal höfð í nærveru sálar eftir **Solveigu Láru Guðmundsdóttur** verður hjá Bókaútgáfunni Sölku.

### Tónlist

**22.00** **Dj Early** þeytir skífum á Barböru.

**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Símon** spilar á Hvítu Perlunni.

**22.00** **Dj Addi Intro** þeytir skífum á Prikinu.

**22.00** **DJ KGB** þeytir skífum á Faktorý.

**22.00** Plötusnúðurinn **Árni Sveinsson** stjórnar tónlistinni á Kaffibarnum.

**22.00** **Dj Jónas** spilar á Vegamótum.

**22.00** **Dj Jón** spilar á Thorvaldsen.

**23.00** **Dj Kári** þeytir skífum á Bakkusi.

**23.30** **Dj Hlynur Mastermix** heldur gestum við efnið á Esju.

### Eldri borgarar

**09.30** **Korpúlfarnir** samtök eldri borgara í Grafarvogi standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug. Listasmiðjan á Korpúlfsstöðum er einnig opin.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# KRÓNAN

**Nýtt kortatímabil!**



**2,6 kíló**

**1998** kr. stk.

Verð áður ~~2498~~ kr. stk.
Dönsk herragarðsönd, 2,6 kg



**FRÁBÆRT VERÐ!**

**30% afsláttur**

**1599** kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar

**Ódýrt!**



**1498** kr. kg

Lambalæri af nýslátruðu



**998** kr. kg

Bautabúrs blandað hakk, nauta- og grísahakk



**498** kr. stk.

Sóma pizza, 2 teg.

## 3 fyrir 2 tilboð – af völdum vörum!



Þú velur!

3 fyrir 2

**350** kr. 3 pk.

Verð áður 525 kr./3 pk.
Nóa sprengjur, 4 tegundir
Fullt verð 175 kr./pk. eða 525 kr./3 pk.



1 lítri

3 fyrir 2

**314** kr. 3 stk.

Verð áður 471 kr./3 stk.
Pepsi, 1 l
Fullt verð 157 kr./stk. eða 471 kr./3 stk.



Þú velur!

3 fyrir 2

**596** kr. 3 stk.

Verð áður 894 kr./3 stk.
Don Simon appelsínusafi, 3 teg., 1, 5 l
Fullt verð 298 kr./stk. eða 894 kr./3 stk.

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

SAMBÍÓIN







CRAZY STUPID LOVE — STEVE CARELL, RYAN GOSLING · HORRIBLE BOSSES · FINAL DESTINATION 5

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DRIVE LUXUS VIP | kl. 3:40 - 8 - 10:10 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 3 - 4 - 4:30 - 6 - 6:30 - 8:30 | 16 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:30 | VIP |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 7 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.10 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 5:50 (vip) - 8 - 10:10 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 3 - 5:30 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 8 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| ONE DAY | kl. 10:10 | 2D | L |
| CARS 2 m/ísl tali | kl. 5:50 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 8 og 10:10 | 2D | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 6 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 5 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 3D | 12 |
| FRIGHT NIGHT | kl. 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 5 - 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:20 | 3D | 16 |

Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurna

| | | |
|---|---|---|
| THE TREE OF LIFE Ótextuð | kl. 5 | 10 |
| FAIR GAME Ótextuð | kl. 8 | 12 |
| RED CLIFF enskur texti | kl. 10:10 | 14 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 - 8 | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:10 | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5.30 | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 7 |
| RISE OF THE APES | kl. 10:30 | 12 |


# Brostinn strengur frá Lay Low

Þriðja sólóplata Lovísu Elísabetar Sigrúnardóttur, betur þekkt sem Lay Low, hefur fengið nafnið Brostinn strengur.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá syngur hún eigin lög við ljóð íslenskra kvenskálda, meðal annars Vilborgar Dagbjartsdóttur, Margrétar Jónsdóttur, Huldu og Hugrúnu. Eitt ljóðið heitir einmitt Brostinn strengur og er eftir þá síðastnefndu.

Aðspurð segir hún að upptökurnar á plötunni hafi gengið mjög vel en aðeins frágangurinn er eftir. „Það var alveg hellingur af fallegum ljóðum sem ég rakst á. Ég er með fullt af lögum sem náðu ekki að komast á þessa plötu og ég er ekki frá því að ég þurfi að gera fleiri plötur í þessu flæði til að ná yfir þetta allt," segir Lovísa. „Lögin eru mjög ólík, frá því að vera algjör rólegheit yfir í þokkalega mikinn æsing. Ég vona að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Ég er allavega mjög ánægð með útkomuna."

Mestöll platan var tekin upp á segulband til að halda í gamla stílinn. „Þetta var svolítið öðruvísi ferli en maður er búinn að venja sig á þegar allt er unnið í tölvum. Magnús Öder sem vann plötuna með mér er mikill hljóð- og analog-grúskari, þannig að hann fékk nóg að gera í þeim efnum. Ég stóð til hliðar og klóraði mér í hausnum," segir hún.

Lay Low stefnir á útgáfutónleika á Akureyri 21. október og í Reykjavík 3. nóvember. „Ég hlakka mikið til. Ég held að þetta verði skemmtilegt tónleikaprógram." **- fb**



**NÝ PLATA** Næsta plata Lay Low nefnist Brostinn strengur og er væntanleg í búðir um miðjan október. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Borgríki þegar í endurgerðarferli í Hollywood

**Kvikmyndin Borgríki eftir Ólaf Jóhannesson verður frumsýnd í október. Byrjað er að huga að endurgerð myndarinnar í Hollywood, en þar hafa menn mikinn áhuga á glæpamyndum frá Norðurlöndunum.**



**BORGRÍKI TIL HOLLYWOOD** Byrjað er að vinna að endurgerð Borgríkis í Hollywood, þrátt fyrir að myndin hafi ekki verið frumsýnd.

„Þetta gefur mér ákveðið sjálfstraust með verkið, að það skilst vel og sé greinilega eitthvað sem markaðurinn hefur áhuga á," segir leikstjórinn Ólafur Jóhannesson.

Þrátt fyrir að Borgríki, nýjasta kvikmynd Ólafs, verði ekki frumsýnd fyrr en í október er endurgerðarferlið vestanhafs komið í gang. Ólafur hefur skrifað undir samning við umboðsskrifstofuna Principal Entertainment, sem undirbýr endurgerð Borgríkis. Vinnan fer þannig fram að fyrirtækið setur saman pakka með mögulegum leikurum, leikstjóra, framleiðanda og meira að segja lögfræðingi, en pappírsflóðið sem verður til í ferlinu verður jú að standast lög.

Ólafur játar að velgengni skandinavískra glæpamynda á borð við Millennium-seríu Stiegs Larsson hafi aukið áhuga Hollywood á kvikmyndagerð á Norðurlöndunum. „Ekki spurning. Skandinavía hefur verið að skila af sér ótrúlega góðum og sterkum myndum mjög lengi. Sérstaklega undanfarið með Stieg Larsson-seríunni," segir hann og bendir á endurgerð Davids Fincher á Körlum sem hata konur, eftir Larsson. Þá bætir hann við að Baltasar Kormákur hafi rutt veginn, en hann vinnur sem kunnugt er að endurgerð kvikmyndarinnar Reykjavík Rotterdam í Hollywood. „Þetta er ákveðin viðurkenning fyrir íslenska kvikmyndagerð. Að við í þessum strumpalandi séum að gera fína hluti – það er mikið í gangi í íslenskri kvikmyndagerð. En menn standa ekki vörð um hana. Við erum með ríkisstjórn sem hefur engan áhuga á kvikmyndagerð."

Endurgerðarferlið felur í sér að frægir leikstjórar eru nú að skoða Borgríki, en Ólafur getur ekki sagt um hverja er að ræða.

„Því miður. Það er tvennt sem veldur því að ég get ekkert sagt. Ég er ekki kominn í Hollywoodgírinn, að geta nefnt nöfn. Svo er þetta á viðkvæmu stigi, það má ekkert kvisast út strax."

**atlifannar@frettabladid.is**

# Blóðmjólkaður í Listaverkinu

„Þetta er nú ástæðan fyrir því að ég hef ekki leikið á sviði í átta ár, ég hef aldrei getað bundið mig á sama stað lengi," segir Baltasar Kormákur leikstjóri. Baltasar tilkynnti stjórnendum Þjóðleikhússins að hann gæti eingöngu leikið í leiksýningunni Listaverkinu út október vegna anna á öðrum vígstöðum. Leikstjórinn vildi ekki segja neitt frekar um þau mál að öðru leyti en að mörg spennandi verkefni væru í farvatninu og hann væri að skoða nokkur tilboð. „Og ég gæti þurft að hverfa til þeirra þannig að ég vildi bara að það kæmi skýrt fram að ég gæti leikið þetta út október. Og svo verður bara staðan tekin þá."

Listaverkið skartar Baltasar, Ingvari E. Sigurðssyni og Hilmi Snæ Guðnasyni í aðalhlutverkum, en þremenningarnir léku þennan sama leik fyrir fjórtán árum við miklar vinsældir. Þjóðleikhúsið hefur ákveðið að bregðast við þessum tíðindum með því að „blóðmjólka" krafta Baltasars og bregður á það ráð að bæta við sýningum. „Við verðum að leika tvær sýningar á laugardögum, þetta er náttúrlega algjört brjálæði," segir Baltasar, en þá hefur einnig verið ákveðið að taka niður hina svokölluðu svuntu sem gerir sviðið stærra. Með því bætast við fimmtíu sæti á besta stað á hverri sýningu og eru þeir miðar þegar komnir í sölu. **- fgg**



**ANNASAMUR OKTÓBER** Baltasar Kormákur fær að hafa fyrir hlutunum í Listaverkinu, en hann getur eingöngu leikið í því í október. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ — FULLKOMIN GÆÐI!




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR · 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| I DON´T KNOW HOW... Í LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 8 - 10.50 | 16 |
| SPY KIDS 4D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STRUMPARNIR 3D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS · 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| COLOMBIANA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| MELANCHOLIA | KL. 6 - 9 | 12 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 | 10 |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 10 | 14 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| COLOMBIANA | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar · LAUGARÁS BÍÓ · www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| WARRIOR | 7 og 10 |
| COLOMBIANA | 5.50, 8 og 10.15 |
| THE DEVILS DOUBLE | 10.15 |
| CHANGE UP | 5.50 og 8 |
| SPY KIDS - 4D | 4 |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 - ISL TAL |

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FÖSTUDAGUR: CRISPIN HELLION GLOVER'S BIG SLIDE SHOW, FYRRI HLUTI (UPPSELT) 20:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVÍNASTÍAN 18:00, 20:00, 22:00 ■ GE9N 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 20:00 ■ MÓTVÆGI 18:00 ÍSLENSKUR TEXTI. ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# • FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# SKÓR - SKÓR - SKÓR

## ERUM MEÐ GOTT ÚRVAL AF FLOTTUM GÖTU- OG ÍÞRÓTTASKÓM FRÁ PUMA



**CORSICA DÖMUSKÓR - NOKKRAR GERÐIR**
STÆRÐIR: 36-41
VERÐ FRÁ: **7.990 kr.**



**LIMNOS HERRASKÓR**
STÆRÐIR: 41-46
VERÐ: **8.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 13.990 kr.



**INNANHÚSSSKÓR**
BARNA- OG FULLORÐINSSTÆRÐIR
VERÐ: **3.990 kr.**
VERÐ FULLORÐINSSKÓR: 5.990 kr.



**VERIS HLAPASKÓR**
KVENNASTÆRÐIR: 36-41
VERÐ: **13.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 19.990 kr.



**HANDBOLTASKÓR**
KARLA- KVENNA- OG BARNASTÆRÐIR
VERÐ FRÁ: **8.990 kr.**



**BENECIO BARNASKÓR**
STÆRÐIR: 32-38
VERÐ: **5.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 8.990 kr.



**S VULC BARNASKÓR**
STÆRÐIR: 34-39
VERÐ: **6.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 9.990 kr.



**HETTUPEYSUR BARNA**
STÆRÐIR: 128-164
VERÐ: **5.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 8.990 kr.



**BARNAGALLAR**
STÆRÐIR: 74-104
VERÐ: **5.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 8.990 kr.



**SOLEIL DÖMUSKÓR**
STÆRÐIR: 37-41
VERÐ: **12.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 17.990 kr.

KÍKTU Á ÞETTA

## SLÁIN-INN

**50% AUKA-AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM**

**SKORAÐU SLÁIN-INN Á FRÁBÆRU VERÐI**



PUMA
FATNAÐUR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

speedo
**SUNDFÖT Í ÚRVALI**
FYRIR KARLA, KONUR, STRÁKA OG STELPUR



**SPORT OUTLET**

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17






# sport

sport@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** og félagar í AEK Aþenu steinlágu 4-1 á útivelli á móti Anderlecht í fyrstu umferð Evrópudeildarinnar í gær. Eiður Smári lék allan leikinn. Rúrik Gíslason lék í 3-1 sigri OB á Wisla Krakow og Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á í 4-1 sigri AZ Alkmaar á Malmö. Sölvi Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson léku allan tímann í miðri vörninni hjá FC Kaupmannahöfn sem vann 1-0 heimasigur á Vorskla Poltava.

**3-2**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 876 Kristinn Jakobsson (4)

*1-0 Bjarki Páll Eysteinsson (4.)*
*1-1 Aaron Spear (17.)*
*2-1 Daníel Laxdal (49.)*
*3-1 Halldór Orri Björnsson, víti (79.)*
*3-2 Tryggvi Guðmundsson (87.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11-8 (3-4) |
| Varin skot | Ingvar 2 – Albert 0 |
| Horn | 6–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–6 |
| Rangstöður | 5–9 |

| STJARNAN 4–3–3 | | ÍBV 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Jónsson | 5 | Albert Sævarsson | 4 |
| Nikolaj Pedersen | 6 | Arnór Eyvar Ólafss. | 5 |
| Tryggvi Sveinn Bjar. | 6 | Rasmus Christiansen | 6 |
| ***Daníel Laxdal** | **7** | Brynjar Gauti Guðj. | 6 |
| Hörður Árnason | 5 | Matt Garner | 6 |
| Þorvaldur Árnason | 6 | Andri Ólafsson | 5 |
| (82., Atli Jóhannsson | -) | (42., Finnur Ólafss. | 5) |
| Halldór Orri Björnss. | 6 | Tony Mawejje | 5 |
| Jóhann Laxdal | 5 | Þórarinn Ingi Valdim. | 6 |
| Ellert Hreinsson | 4 | Ian David Jeffs | 4 |
| Bjarki Páll Eysteinss. | 6 | Guðm.Þórarinsson | 4 |
| (74., Sindri Már Sig. | -) | (64., Tryggvi Guðm. | 6) |
| Garðar Jóhannsson | 5 | Aaron Spear | 6 |

**Maður leiksins*

## PEPSI DEILD KARLA

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **18** | **11** | **6** | **1** | **37-17** | **39** |
| ÍBV | 19 | 12 | 3 | 4 | 34-20 | 39 |
| **FH** | **19** | **10** | **5** | **4** | **36-25** | **35** |
| Valur | 19 | 9 | 5 | 5 | 26-17 | 32 |
| **Stjarnan** | **19** | **8** | **7** | **4** | **40-29** | **31** |
| Fylkir | 19 | 7 | 4 | 8 | 27-33 | 25 |
| **Keflavík** | **18** | **6** | **3** | **9** | **22-25** | **21** |
| Breiðablik | 19 | 5 | 6 | 8 | 26-32 | 21 |
| **Þór** | **19** | **6** | **3** | **10** | **25-35** | **21** |
| Grindavík | 19 | 4 | 8 | 7 | 22-32 | 20 |
| **Fram** | **19** | **3** | **6** | **10** | **15-26** | **15** |
| Víkingur R. | 19 | 1 | 6 | 12 | 15-34 | 9 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **ÍBV-KR** | **sun 18. sept. kl. 17.00** |
| Grindavík-FH | sun 18. sept. kl. 17.00 |
| **Fylkir-Stjarnan** | **sun 18. sept. kl. 17.00** |
| Breiðablik-Víkingur | sun 18. sept. kl.17.00 |
| **Valur-Þór** | **sun 18. sept. kl. 17.00** |
| Fram-Keflavík | sun 18. sept. kl. 19.15 |
| **Keflavík-KR** | **fim 22. sept. kl. 17.00** |

# STJARNAN STÖÐVAÐI ÍBV

**Eyjamenn sáu á bak mikilvægum stigum í Garðabænum í gær og misstu toppsætið til KR. Tryggvi Guðmundsson jafnaði markamet Inga Björns Albertssonar en mark hans dugði ekki til. Eyjamenn voru ósáttir við umdeilt víti.**

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn settu mark sitt á baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn í gær með því að leggja ÍBV að velli, 3-2, í fjörugum leik í Garðabænum í gær. ÍBV missti um leið toppsætið til KR, en Stjarnan gerir harða atlögu að Evrópusæti. Eyjamenn verða að taka þrjú stig gegn KR um helgina.

„Mér líður mjög illa. Það er ekki hægt að neita því,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, afar svekktur eftir leik. „Við fáum á okkur aulaleg mörk í byrjun beggja hálfleikja. Þar eru menn sofandi í dekkningum. Markið sem síðan ræður úrslitum var bull frá mínu sjónarhorni.“

Markið umrædda kom úr umdeildri vítaspyrnu sem Kristinn Jakobsson dæmdi. Albert Sævarsson, markvörður ÍBV, lenti þá í samstuði við Tryggva Bjarnason en Albert virtist hafa sparkað boltanum burt áður en þeir rákust saman. Kristinn var þó viss í sinni sök og hikaði ekki við að benda á punktinn. Halldór Orri skoraði síðan örugglega úr spyrnunni.

Það vakti athygli að Heimir skyldi byrja með þá Tryggva Guðmundsson og Finn Ólafsson á bekknum. Undirrituðum fannst það kaldur leikur hjá Heimi sem gekk ekki upp og Tryggvi hefði í það minnsta mátt koma fyrr inn á enda vantaði allan slagkraft í sóknarleik ÍBV.

„Þjálfari tekur ákvarðanir og stundum eru þær réttar og stundum rangar. Kannski hefði þetta spilast öðruvísi með þá í liðinu. Við munum aldrei komast að því. Ég sé eftir mörgu í dag og það gerist þegar maður tapar. Þá reynir maður að læra af mistökunum,“ sagði Heimir.

Daníel Laxdal, fyrirliði Stjörnunnar, átti flottan leik í kvöld.



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Stjörnumennirnir Tryggvi Bjarnason og Garðar Jóhannsson sameinast um að stöðva Þórarin Inga Valdimarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spilaði vel í vörninni og skoraði frábært mark þegar hann stakk Eyjamenn af og lagði boltann smekklega í nærhornið.

„Ég á það til að vera svolítið villtur og hlaupa fram. Ég hef komist í svona færi áður og loksins nýtti ég það,“ sagði Daníel brosmildur. „Ég get ekki útskýrt af hverju okkur virðist ganga betur gegn sterkari liðunum. Þetta var flott í þessum leik og við ætlum okkur að ná Evrópusæti.“

**henry@frettabladid.is**

> Þjálfari tekur ákvarðanir og stundum eru þær réttar og stundum rangar. Kannski hefði þetta spilast öðruvísi með þá í liðinu.
>
> **HEIMIR HALLGRÍMSSON**
> ÞJÁLFARI ÍBV

**1-1**

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1080 Þorvaldur Árnason (6)

*0-1 Orri Gunnarsson (87.)*
*1-1 Matthías Vilhjálmsson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–10 (4–4) |
| Varin skot | Gunnleifur 3 – Ögmundur 3 |
| Horn | 1–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–16 |
| Rangstöður | 3–2 |

| FH 4–3–3 | | FRAM 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnl. | 6 | Ögmundur Kristinss. | 7 |
| Pétur Viðarsson | 4 | Almarr Ormarsson | 6 |
| Tommy Nielsen | 6 | Hlynur Atli Magnúss. | 5 |
| Freyr Bjarnason | 5 | Allan Lowing | 6 |
| (81., Guðm.Sævarss. | -) | Sam Tillen | 7 |
| Björn Daníel Sverris. | 7 | Jón Gunnar Eyst. | 4 |
| Hákon Atli Hallfreð. | 5 | Samuel Hewson | 7 |
| Hólmar Örn Rúnarss. | 5 | Halldór Hermann | 5 |
| (65., Viktor Örn Guð. | 5) | Hólmbert Aron Friðj. | 4 |
| Matthías Vilhjálmss. | 7 | (71., Andri Júlíusson | -) |
| Atli Guðnason | 6 | ***Steven Lennon** | **8** |
| Atli Viðar Björnsson | 5 | (90., Jón Orri Ólafss. | -) |
| Ólafur Páll Snorrason | 4 | Kristinn Ingi Halld. | 6 |
| (58., Emil Pálsson | 5) | (76., Orri Gunnarss. | -) |

**Maður leiksins*

**0-1**

Víkingsvöllur, áhorf.: óuppgefið Erlendur Eiríksson (7)

*0-1 Jón Vilhelm Ákason (44.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–10 (2–4) |
| Varin skot | Magnús 2 - Haraldur 1 |
| Horn | 3–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–12 |
| Rangstöður | 0–2 |

| VÍKINGUR 4–3–3 | | VALUR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Magnús Þormar | 4 | Haraldur Björnsson | 6 |
| Kristinn Jens Bjartm. | 6 | Jónas Tór Næs | 5 |
| Mark Rutgers | 6 | Halldór Kristinn Hall. | 6 |
| Tómas Guðmundss. | 5 | Atli Sveinn Þórarins. | 6 |
| Gunnar Einarsson | 4 | Brynjar Kristmunds. | 5 |
| Baldur Aðalsteinss. | 4 | Sigurbjörn Örn Hreið. | 5 |
| Colin Marshall | 3 | (66., Chr. Mouritsen | 7) |
| (21., Kristinn Magn. | 5) | Haukur Páll Sigurðs. | 6 |
| Aron Elís Þrándsson | 5 | ***Andri Fannar Stef.** | **7** |
| Magnús Páll Gunn. | 5 | Matthías Guðm. | 7 |
| (63., Marteinn Briem | 5) | Arnar Sveinn Geirs. | 5 |
| Hörður Bjarnason | 5 | (66.Rúnar Már Sigur. | 6) |
| (63,, Viktor Jónsson | 6) | Jón Vilhelm Ákason | 6 |
| Björgólfur Takefusa | 5 | | |

**Maður leiksins*






Framarar voru afar nálægt sigri á móti FH í Kaplakrikanum í gærkvöldi:

# Valsmenn sendu Víkinga niður

**FÓTBOLTI** Víkingar féllu úr Pepsideildinni í gær eftir 0-1 tap á móti Valsmönnum á heimavelli og Framarar eru fimm stigum frá öruggu sæti eftir að hafa verið nálægt því að vinna FH-inga í Kaplakrikanum. Framliðið var fjórum stigum á eftir Þór fyrir leiki umferðarinnar en bilið breikkaði um eitt stig eftir sigur Þórsara á Fylki.

„Við fengum ansi mörg færi í kvöld og ótrúlegt að við náum bara að koma boltanum einu sinni í netið,“ sagði Kristján Guðmundson, þjálfari Vals, eftir sigurinn í gær.

„Við byrjuðum strax að sækja stíft á þá og fengum dauðafæri strax á upphafsmínútunni. Á meðan við höfum bara eins marks forystu þá er maður alltaf hræddur um að halda markinu sínu hreinu og sigla sigrinum heim, en það hafðist í kvöld og ég er ánægður með strákana.“

„Þetta er búið að liggja í loftinu lengi en maður er samt í sjokki,“ sagði Björgólfur Takefusa, leikmaður Víkings, eftir að liðið hafði fallið niður í fyrstu deild.

„Maður tekur svona mikið inn á sig og þetta er skelfileg staðreynd. Það er hægt að læra mikið á þessu tímabili og Víkingur mun koma aftur upp í efstu deild. Það er frábært starf hjá félaginu og ungir strákar að koma upp sem hafa allt til að verða frábærir knattspyrnumenn.“



**EKKERT GEKK** Bjarnólfur Lárusson og Tómas Ingi Tómasson tóku við þjálfun Víkinga í lok júlí en liðið fékk aðeins 2 stig út úr fyrstu átta leikjunum undir þeirra stjórn og féll í gær í 1. deild eftir enn eitt tapið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH-ingar tóku á móti Frömurum á Kaplakrikavelli. Jafnræði var með liðunum lengst af og skiptust liðin á að sækja megnið af leiknum. Atli Viðar Björnsson, framherji FH-inga, nagar sig þó eflaust duglega í handarbökin eftir að hafa brennt af tveim bestu færum leiksins.

Mörkin létu bíða eftir sér í 87 mínútur. Orri Gunnarsson sem hafði komið inn á sem varamaður í liði Framara kom gestunum yfir þrem mínútum fyrir leikslok og töldu flestir að um sigurmark væri að ræða. Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH-inga, var ekki sammála því og jafnaði leikinn með skoti af stuttu færi á 90. mínútu. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-inga, var súr í leikslok. „Við stimpluðum okkur út úr titilbaráttunni í kvöld, það er ljóst. Nú verðum við bara að ljúka mótinu almennilega og einbeita okkur að því að tryggja okkur Evrópusætið.“ **- sáp, ari**


ÚTILÍF
ÚRVAL AF CASALL VÖRUM
BOLIR, JAKKAR, BUXUR OG BÚNAÐUR FRÁ CASALL.
NJÓTTU ÞESS AÐ LÍTA VEL ÚT Í RÆKTINNI.
VERÐ: 8.990 KR.
STUTTERMABOLUR
Litur: Bleikur, Svartur
Efni: RapiTech Lite
VERÐ: 14.990 KR.
JAKKI Í RÆKTINA
Litir: Bleikur, Svartur
Efni: Cool Meryl
TILBOÐ: 6.490 KR.
SÍÐUR TOPPUR „BOXBACK“
Litir: Blár, Bleikur, Svartur
Efni: Cool Meryl
Almennt verð: 7.990
VERÐ: 7.990 KR.
STUTTERMABOLUR
Litir: Blár, Svartur
Efni: Cool Meryl
VERÐ: 10.490 KR.
BUXUR: ESSENTIAL JAZZ
Litur: Svartur
Efni: RapiTech
VERÐ: 9.990 KR.
BUXUR: ¾ SÍDD.
Litur: Svartur
Efni: DryCotton
TILBOÐ: 10.490 KR.
BUXUR: ESSENTIAL JAZZ
Litur: Svart
Efni: RapiDry
Almennt verð: 12.990
VERÐ: 13.990 KR.
MULTI BALANCE TRAINER
Æfingatæki fyrir allan kroppinn
VERÐ FRÁ: 4.590 KR.
YOGA DÝNA
Stærð: 5mm/183*61 - Tilboð: 4.990
Almennt verð: 6.390
Stærð: 3mm/183*61 - Verð: 5.890
Stærð: 3mm/145*50 - Verð: 4.590
VERÐ FRÁ: 6.490 KR.
HÚLAHRINGUR:
Stærð: 1,2 kg - Verð: 6.490
Stærð: 1,5 kg - Verð: 7.990
Stærð: 2,0 kg - Verð: 7.990
Hægt að brjóta saman
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

| | |
|---|---|
| 1-1 | |
| KR-völlur, áhorf.: 1323 | Magnús Þórisson (4) |

*1-0 Grétar Sigfinnur Sigurðsson (49.)*
*1-1 Óli Baldur Bjarnason (79.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–13 (4–6) |
| Varin skot | Hannes Þór 5 – Óskar 3 |
| Horn | 10–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–13 |
| Rangstöður | 1–2 |

| **KR** 4–3–3 | | **GRINDAV.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| ***Hannes Þór Halld.** | **8** | Óskar Pétursson | 8 |
| Dofri Snorrason | 5 | Alexander Magnúss. | 7 |
| Aron Bjarki Jósepss. | 7 | Jamie McCunnie | 7 |
| Grétar Sigfinnur Sig. | 7 | Ólafur Örn Bjarnas. | 7 |
| Gunnar Þór Gunn. | 4 | Jósef Kristinn Jósefs. | 4 |
| (46., Magnús Már | 7) | Matthías Örn Friðr. | 5 |
| Bjarni Guðjónsson | 5 | Orri Freyr Hjaltalín | 5 |
| Baldur Sigurðsson | 6 | (64., Ray Anthony | 5) |
| Viktor Bjarki Arnarss. | 5 | Jóhann Helgason | 6 |
| (67., Egill Jónsson | 5) | Scott Ramsay | 5 |
| Kjartan Henry Finnb. | 7 | (89., Hákon Ívar Ólaf. | -) |
| Björn Jónsson | 6 | Óli Baldur Bjarnason | 7 |
| Guðjón Baldvinsson | 6 | Magnús Björgvinsson | 7 |

**Maður leiksins*

## Lengjubikar kvenna í körfu

| | |
|---|---|
| Hamar-Stjarnan | 103-67 |
| Njarðvík-Valur | 65-64 |
| KR-Fjölnir | 80-38 |

**Fyrstu leikirnir** í Lengjubikar kvenna sem er spilaður í tveimur riðlum.

# Draumamark Óla Baldurs tryggði stig

**Grindvíkingar náðu í óvænt stig þegar þeir gerðu 1-1 jafntefli gegn KR í Vesturbænum í gær en stigið dugði engu að síður Vesturbæingum til að endurheimta toppsæti Pepsi-deildarinnar af Eyjamönnum.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar komu ákveðnir til leiks í gær og pressuðu Grindvíkinga hátt á vellinum. Margir brostu þegar stuðningsmenn Grindavíkur sungu „markið liggur í loftinu“ þegar þeirra menn fengu hornspyrnu eftir um 10 mínútna leik, nánast í fyrsta sinn sem þeir gulklæddu náðu að færa meirihluta leikmanna sinna yfir á vallarhelming KR.

„Við vorum að spila á móti toppliðinu og von á því að það yrði ákveðin pressa á okkur. Að þetta yrði svolítið erfitt. Mér fannst menn gera þetta ágætlega. Í fyrri hálfleik varði Óskar nokkrum sinnum en við fengum okkar tækifæri á móti,“ sagði Ólafur Örn Bjarnason, spilandi þjálfari Grindavíkur, um markalausan fyrri hálfleikinn.



**MARK GRÉTARS DUGÐI EKKI** KR-ingar fagna hér marki Grétars Sigfinns Sigurðarsonar sem dugði ekki til sigurs en kom Vesturbæingum aftur í toppsætið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KR-ingar komust yfir snemma í síðari hálfleiknum eftir vel útfærða hornspyrnu. Henni lauk með fyrirgjöf Bjarna Guðjónssonar á kollinn á fyrirliðanum Grétari Sigfinni Sigurðarsyni, sem skoraði. Í kjölfarið datt leikurinn aðeins niður en KR-ingar voru líklegri til þess að bæta við marki en Grindvíkingar að jafna.

Gestirnir sóttu þó í sig veðrið eftir því sem á leið og uppskáru mark af glæsilegri gerðinni. Þá sendi Alexander Magnússon boltann fyrir markið frá hægri á Óla Baldur Bjarnason sem sendi hann með hjólhestaspyrnu í markið.

„Þetta eru bara svona móment sem koma örsjaldan, nánast aldrei. Ég sneri baki í markið. Það kom hár bolti á mig og það var ekki mikið annað sem ég gat gert,“ sagði Óli Baldur um markið, sem hann sagði sitt fallegasta á ferlinum.

Bæði lið hefðu getað tryggt sér sigur á galopnum lokamínútum en allt kom fyrir ekki.

„Ég er ekki ánægður að ná ekki nema einu stigi hér á heimavelli. Miðað við gang leiksins hefði ég talið að við ættum að sigra en Grindvíkingar veittu okkur samt sem áður harða keppni,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR.

KR lyfti sér á toppinn með jafnteflinu, þar sem Eyjamenn lágu í Garðabænum. Þar sem ekkert lið er taplaust í sjö leikjum, sem er jöfnun á félagsmeti í efstu deild, og styrktu stöðu sína í fallbaráttunni.

**kolbeinntd@365.is**


RÝMINGAR-SÖLUNNI
Í INTERSPORT SMÁRALIND
LÝKUR UM HELGINA!
VERSLUNIN LOKAR Í SMÁRALIND!
ALLT Á AÐ SELJAST!
ENN MEIRI AFSLÁTTUR!
OPIÐ Í DAG, FÖSTUDAG FRÁ KL. 11:00-19:00
LAUGARDAG FRÁ KL. 11:00-18:00 OG SUNNUDAG FRÁ KL. 13:00-18:00
INTERSPORT
EXPO - www.expo.is


Keflavík, Breiðablik og Þór jöfn að stigum í 7. til 9. sæti:

# Langþráður sigur Þórsara í hús í gær

**FÓTBOLTI** Keflavík, Breiðablik og Þór eru öll jöfn að stigum í 7. til 9. sæti Pepsi-deildarinnar eftir úrslitin í 19. umferðinni í gær, þar sem öll þessi lið náðu í stig og komu sér í aðeins betri stöðu í fallbaráttunni. Þór vann langþráðan sigur en Keflavík og Breiðablik gerðu 1-1 jafntefli suður með sjó.

Þórsarar áttu 2-0 sigur gegn Fylki innilega verðskuldaðan í gær. Mörk um miðbik beggja hálfleikja dugðu Akureyringum, sem eru nánast búnir að bjarga sér frá falli fyrir vikið.

Þórsarar voru betri aðilinn lengst af en Fylkismönnum gekk illa að skapa sér færi. Þeir fengu tvö dauðafæri en meistaraleg markvarsla Srjdan Rajkovic kom í veg fyrir að þeir minnkuðu muninn undir lokin.

„Við lögðum mikið í þennan leik og uppskárum eftir því. Okkur var sama hvernig stigin kæmu ef það gengi eftir, eins og sást kannski á gæðum fótboltans,“ sagði Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs.

Keflavík og Breiðablik stigu hænuskref í átt að því að tryggja sér sæti í Pepsi-deildinni á næsta tímabili þegar liðin skildu jöfn, 1-1, í Keflavík.



**SVEINN ELÍAS JÓNSSON** Innsiglaði sigur Þórs á móti Fylki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bæði lið hefðu farið langt með að tryggja sæti sitt í deildinni að ári með sigri en sættust á skiptan hlut í leik þar sem bæði lið fengu færi til tryggja sér sigur.

„Ég hugsa að þetta verði dýrmætt stig þegar upp verður staðið,“ sagði Willum þjálfari Keflavíkur að leiknum loknum.

**- hþh, gmi**

| | |
|---|---|
| 1-1 | |
| Nettóvöllurinn, áhorf.: 623 | Gunnar Jarl Jónsson (7) |

*0-1 Tómas Óli Garðarsson (19.)*
*1-1 Jóhann Birnir Guðmundsson (43.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12-5 (8–2) |
| Varin skot | Ómar 1 – Sigmar 7 |
| Horn | 8–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–8 |
| Rangstöður | 3–3 |

| **KEFLAVÍK** 4–4–2 | | **BREIÐAB.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 7 | ***Sigmar Ingi Sig.** | **8** |
| Guðjón Árni Anton. | 4 | Guðm. Kristjánsson | 5 |
| Adam Larsson | 6 | Kári Ársælsson | 6 |
| Einar Orri Einarsson | 7 | Þórður Steinar Hreið. | 7 |
| Brynjar Guðmundss. | 6 | Kristinn Jónsson | 7 |
| Hilmar Geir Eiðsson | 5 | Finnur Orri Marg. | 6 |
| Frans Elvarsson | 6 | Rafn Andri Haraldss. | 5 |
| Andri Steinn Birgiss. | 7 | Andri Rafn Yeoman | 4 |
| Jóhann Birnir Guðm. | 6 | (69., Jökull Elísarb. | -) |
| (87., Grétar Hjartars. | -) | Tómas Óli Garðars. | 6 |
| Guðm. Steinarsson | 6 | (83., Olgeir Sigurg. | -) |
| (87., Magnús Þorst. | -) | Kristinn Steindórss. | 4 |
| Ísak Örn Þórðarson | 3 | Árni Vilhjálmsson | 5 |
| (69., Arnór Ingvi Tr. | 5) | (90., Arnar Már Bjö. | |

**Maður leiksins*

| | |
|---|---|
| 2-0 | |
| Þórsvöllur, áhorf.: 690 | Garðar Örn Hinriksson (7) |

*1-0 David Disztl (22.)*
*2-0 Sveinn Elías Jónsson (60.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–7 (3–2) |
| Varin skot | Srjdan 2 - Fjalar 1 |
| Horn | 5–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–13 |
| Rangstöður | 2–3 |

| **ÞÓR** 4–3–3 | | **FYLKIR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Srdjan Rajkovic | 7 | Fjalar Þorgeirsson | 4 |
| Gísli Páll Helgason | 6 | Trausti Björn Ríkh. | 5 |
| Þorsteinn Ingason | 6 | Valur Fannar Gíslas. | 4 |
| Janez Vrenko | 7 | Þórir Hannesson | 4 |
| Aleksandar Linta | 6 | (61., Davíð Þór Ásbj. | 4) |
| Clark Keltie | 5 | Tómas Þorsteinsson | 5 |
| Gunnar Már Guðm. | 7 | Ásgeir Börkur Ásg. | 4 |
| (90., Baldvin Ólafss. | -) | Baldur Bett | 3 |
| Ármann Pétur Æv. | 6 | (61., Elís Rafn Björn. | 4) |
| David Disztl | 6 | Hjörtur Hermannss. | 3 |
| (61., Sigurður Marinó | 5) | Albert Brynjar Ingas. | 6 |
| Sveinn Elías Jónsson | 6 | Rúrik Andri Þorf. | 3 |
| ***Jóhann Helgi Han.** | **7** | (46., Styrmir Erlend. | 4) |
| (90., Ragnar Haukss. | -) | Ásgeir Örn Arnþórss. | 4 |

**Maður leiksins*


ÍSLAND - NOREGUR
Á LAUGARDAG KL. 16:00
BARÁTTAN UM EM SÆTIÐ ER HAFIN!
STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STELPURNUM! ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!
SNÚA ...
MIÐASALA Á
MIDI.IS
KR. 1.000 FYRIR
17 ÁRA OG ELDRI
ÓKEYPIS FYRIR
16 ÁRA OG YNGRI
BORGUN
Lengjan
Coca-Cola
ICELANDAIR
KSÍ

> **Anne Hathaway**

„Ég hef sterka trú á jafnrétti. Það hefur enginn nokkurn tímann getað sagt mér að ég gæti ekki gert eitthvað vegna þess að ég er stelpa.“

***Anne Hathaway var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í kvikmyndinni Rachel Getting Married, sem segir frá ungri konu sem kemur heim úr meðferð til að vera viðstödd brúðkaup systur sinnar og er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON FÉKK HROLL

# *Engisprettufaraldurinn frá Ameríku*

Heimildarmyndin The Shock Doctrine sem RÚV sýndi á miðvikudagskvöldið opnaði augu mín fyrir einu; öllu sem Bandaríkin gera og segja verður að taka með miklum fyrirvara. Myndin varpaði nýju ljósi á skelfileg grimmdarverk einræðisherra í Suður-Ameríku og þar sér í lagi Pinochet, sem myrti og pyntaði samlanda sína í Síle. Samkvæmt heimildarmyndinni fékk hann byssuleyfið í vöggugjöf frá amerískum stjórnvöldum sem vildu vernda hag stórfyrirtækja sinna.



Það er nánast skelfilegt að hugsa til þess hversu marga dansa leiðtogar hins frjálsa heims hafa stigið með siðblindum sadistum. Og hversu oft við í hinum vestræna heimi höfum horft í hina áttina á meðan valdasjúkir einræðisherrar murka lífið úr sakleysingjum bara vegna þess að þeir höfðu lykilinn að einhverju sem okkur langaði í. The Shock Doctrine minnti mann rækilega á þá skyldu að taka ekki öllum hlutum sem gefnum. Bandaríkin bar líka á góma hjá kvikmyndagerðarmanninum Halldóri Þorgeirssyni í Kastljósinu. Hann er að gera heimildarmynd um Halldór Kiljan Laxness. Halldór Kiljan lenti á svörtum lista hjá Bandaríkjamönnum af því að hann hafði óæskilegar skoðanir þrátt fyrir að hafa selt hálfa milljón eintaka af Sjálfstæðu fólki í Ameríku. Halldór Þorgeirsson hélt því jafnframt fram að íslensk stjórnvöld hefðu farið þess á leit við bandaríska embættismenn hér á landi að stórveldið legði þeim lið við að leggja mannorð Halldórs í rúst.

Eftir kvöldið stendur þessi ónotatilfinning; Bandaríkin geta stundum verið eins og engisprettufaraldur í heimsyfirráðastefnu sinni. Og það er stundum eins og maður sé haldinn þeirri undarlegu sjálfspíningu að það sé gott að fá engisprettufaraldinn í heimsókn.

## RÚV

**14.55 Íslenski boltinn** (e)
**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (Little Einsteins)
**18.30 Galdrakrakkar** (36:47) (Wizard of Waverly Place)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** (Fjarðabyggð - Hafnarfjörður)
**21.15 Dæmdur piparsveinn** (Failure to Launch) Maður á fertugsaldri grunar foreldra sína um að hafa komið honum í kynni við draumadís í von um að losna við hann að heiman. Leikstjóri er Tom Dey. Bandarísk bíómynd frá 2006.
**22.55 Barnaby ræður gátuna – Af moldu ertu kominn** (5:8) (Midsomer Murders: Death and Dust) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.35 Aðskilnaður** (Away from Her) Kanadísk bíómynd frá 2006. Maður neyðist til að láta leggja konu sína inn á sjúkraheimili vegna alzheimerssjúkdóms eftir 40 ára hjónaband og þar verður hún ástfangin af öðrum manni. Leikstjóri er Sarah Polley. (e)
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**10.00 Don Juan de Marco**
**11.35 Vetrardagskrá Stöðvar 2**
**12.15 Slap Shot 3: The Junior League**
**14.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**16.00 Don Juan de Marco**
**17.35 Vetrardagskrá Stöðvar 2**
**18.15 Slap Shot 3: The Junior League**
**20.00 Rachel Getting Married**
**22.00 The Vanishing**
**00.00 Ocean's Eleven**
**02.00 I Love You Beth Cooper**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (34:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Royally Mad** (2:2)
**11.50 The Amazing Race** (4:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Rain man**
**15.10 Sorry I've Got No Head**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (13:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Týnda kynslóðin** (5:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.
**19.50 Herbie: Fully Loaded** Hressandi fjölskyldumynd um kappakstursbílinn Herbie sem hefur sjálfstæðan vilja. Herbie lætur illa að stjórn og kemur eiganda sínum oft í vandræði.
**21.30 The Boat That Rocked** Bresk grínmynd frá handritshöfundi Notting Hill, Love Actually og Bridget Jones myndanna. Hér segir frá ólöglegri útvarpsstöð úti á Norðursjó á sjöunda áratugnum.
**23.45 Face Off** Alríkislögreglumanninum Sean Archer tekst loks að hafa hendur í hári stórglæpamannsins Castors Troy. Það kostaði hins vegar sitt og Castor er vart hugað líf. Nú þarf Sean að leggja allt í sölurnar til að ná mikilvægum upplýsingum út úr bróður Castors.
**02.00 Home Fries** Herra Lever heldur fram hjá eiginkonunni en hún ætlar ekki að sitja með hendur í skauti og skipar sonum sínum að reyna með öllum tiltækum ráðum að komast að því hvað stúlkan heitir.
**03.30 The Number 23**
**05.05 Made of Honor**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.15 Pepsi mörkin**
**15.15 Stjarnan - ÍBV**
**17.05 Pepsi mörkin**
**18.15 Anderlecht - AEK** Útsending frá leik Anderlecht og AEK frá Aþenu í Evrópudeildinni.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Þáttur um liðin sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir næstu leiki um leið og ýmsir leikir eru krufðir til mergjar.
**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.
**21.00 Evrópudeildarmörkin** Öll mörkin og bestu tilþrifin í síðustu leikjum í Evrópudeildinni.
**21.50 24/7 Floyd Mayweather - Victor Ortiz** Skemmtileg þáttaröð þar sem hitað er upp fyrir einvígi hnefaleikakappanna Floyd Mayweather og Victor Oritz.
**22.20 24/7 Floyd Mayweather - Victor Ortiz**
**22.50 24/7 Floyd Mayweather - Victor Ortiz**
**23.25 UFC 115**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**
**16.50 Man. City - Wigan** Útsending frá leik Manchester City og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Stoke - Liverpool** Útsending frá leik Stoke City og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og spáð í spilin fyrir leikina.
**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**22.00 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1996**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Sunderland - Chelsea**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (1:14) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (28:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (1:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Being Erica** (4:12) (e)
**17.20 Rachael Ray**
**18.05 Parenthood** (4:22) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (9:50) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (35:50)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (13:24)
**20.10 According to Jim** (5:18)
**20.35 Mr. Sunshine** (5:13)
**21.00 The Bachelorette** (5:12) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem stúlka velur einn mann úr hópi 25 piparsveina. Ali og hinir níu piparsveinar sem eftir eru koma til Íslands.
**22.30 30 Rock** (3:23) (e)
**22.55 The Bridge** (11:13) (e) Bandarískir spennuþættir um lögreglumanninn Frank.
**23.40 Got To Dance** (3:21) (e)
**00.30 Bronson** (e)
**02.05 Smash Cuts** (31:52)
**02.25 Judging Amy** (7:23) (e)
**03.10 Will & Grace** (13:24) (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 BMW Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (32:45)
**13.45 BMW Championship** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights** (17:25)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (37:42)
**19.00 BMW Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (32:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (114:175)
**20.15 Chuck** (6:19) Chuck Bartowski er mættur aftur í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var venjulegt nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Heimsréttir Rikku** (4:8) Nýr og glæsilegur þáttur þar sem Rikka fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að taka fyrir í hverjum þætti þjóð sem á sér ríkulega matarhefð. Fræðir okkur um uppruna ýmissa rétta og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**22.25 The Closer** (8:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi karlanna í lögreglunni.
**23.10 The Good Guys** (8:20)
**23.55 Sons of Anarchy** (8:13)
**00.40 Týnda kynslóðin** (5:40)
**01.15 Chuck** (6:19)
**02.00 The Doctors** (114:175)
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Torfæran á Blönduósi var geggjuð.
**21.30 Eldað með Holta** Kristján Þór kann sennilega manna best að matreiða kjúkling.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.30**

### The Boat That Rocked

Bresk grínmynd frá handritshöfundi myndanna Notting Hill, Love Actually og Bridget Jones. Hér segir frá ólöglegri útvarpsstöð úti á Norðursjó á sjöunda áratugnum. Í helstu hlutverkum eru Kenneth Branagh, Philip Seymour Hoffman og Bill Nighy.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Leynfélagið á degi íslenskrar náttúru **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Í dagsins önn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Víðar úr víðáttunni **20.00** Leynifélagið **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**12.10** ,Allo ,Allo! **12.45** Inspector Lynley Mysteries **13.30** Inspector Lynley Mysteries **14.15** Keeping Up Appearances **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** ,Allo ,Allo! **15.50** ,Allo ,Allo! **16.25** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.30** Live at the Apollo **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Live at the Apollo **19.50** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.35** Live at the Apollo **21.20** The Graham Norton Show **22.05** Live at the Apollo **22.50** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.35** Live at the Apollo

## DR 1

**10.35** Dage i haven **11.05** Kongerigets Kager **11.35** Aftenshowet **12.30** Gintberg på kanten - Christiania **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Skjulte Stjerner **19.00** TV Avisen **19.30** Skjulte Stjerner **19.45** Taken **21.15** End Game **04.00** Noddy

## NRK 1

**11.05** En fiolin for Renaud Capucon **12.00** Nyheter **12.05** Bondi Beach **12.30** Solgt! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** En velutstyrt mann **21.50** Canal Road **22.35** Muse - A Seaside Rendezvous

## svt1

**12.00** Från Lark Rise till Candleford **13.00** Moraeus med mera **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Soptippens barn **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Juryn **22.25** Rapport **22.30** Studie i brott **00.35** Rapport **00.40** True Blood **01.40** Doobidoo **02.40** Rapport **02.45** Niklas Mat **03.15** Go'kväll







## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það er Popular með Eric Sade eða Wild Dances með Ruslönu. Helst bara bæði í einu.“*

Eyrún Elly Valsdóttir, formaður Eurovision-aðdáendaklúbbsins FÁSES.

# Biggi í Maus skrifar kvikmyndahandrit

„Það er virkilega gaman að hafa hans sýn enda kemur hann ekki úr kvikmyndagerðarstéttinni,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Baldvin Z. Seint á næsta ári hefjast tökur á nýrri íslenskri kvikmynd eftir handriti Baldvins og Birgis Arnar Steinarssonar, betur þekkts sem Bigga í Maus.

Þetta verður í fyrsta skipti sem skrif Birgis rata á hvíta tjaldið. „Þetta byrjaði þannig að ég hafði gengið með hugmynd í maganum frá því að ég kláraði Óróa en lenti í skelfilegri ritstíflu. Við Biggi vorum síðan að ræða saman og hann deildi því með mér að hann hefði alltaf dreymt um að skrifa kvikmyndahandrit.“ Baldvin bað Birgi um að leysa úr stíflunni fyrir sig og það gerði hann með glæsibrag. „Upp frá því byrjuðum við að vinna saman.“

Baldvin hefur haft í nægu að snúast á árinu, hann hefur verið á þönum um alla Evrópu að fylgja eftir kvikmynd sinni Óróa á kvikmyndahátíðum en myndin verður til að mynda frumsýnd í Þýskalandi á næstunni og verður þá sýnd í sjötíu kvikmyndahúsum í fimmtíu borgum. Þá er DVD-útgáfan væntanleg í næsta mánuði.

Baldvin hefur þó ekki náð því að fara á allar þær kvikmyndahátíðir sem honum hafa staðið til boða, enda verið önnum kafinn við upptökur á gamanþáttaröðinni Hæ Gosi! Baldvin er jafnframt einn af fjórum handritshöfundum Áramótaskaupsins í ár. Og nærvera hans í þeim hópi kom honum sjálfum á óvart. „Enda gerði ég eina þunglyndislegustu unglingamynd Íslands frá upphafi,“ segir Baldvin og hlær. **- fgg**



**NÝTT TVÍEYKI** Birgir Örn Steinarsson, Biggi í Maus, og Baldvin Z skrifa handrit að íslenskri kvikmynd sem fer í tökur seint á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




## ÁSGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR: HANN ER ALLTAF VELKOMINN Á NESIÐ

# Ben Stiller endurgerir sígilda kvikmynd á Íslandi

Bandaríski gamanleikarinn, leikstjórinn og framleiðandinn Ben Stiller undirbýr gerð kvikmyndar á Íslandi.

Um er að ræða endurgerð kvikmyndarinnar The Secret Life of Walter Mitty og hyggst Stiller bæði leikstýra myndinni og leika aðalhlutverkið. Handrit myndarinnar er eftir Steven Conrad og skrifað með það í huga að myndin gerist að hluta til hér á landi. Um gríðarlegt kynningartækifæri væri að ræða fyrir landið enda hefur Ísland oftast leikið hlutverk annarra landa í Hollywood-myndum.

Ben Stiller kom til landsins á miðvikudag og nýtti daginn meðal annars til að skoða mögulega tökustaði. Það sama var uppi á teningnum í gær, þegar ráðgert var að fara í þyrluferð um landið.

Fréttir af nærveru Stillers fóru eins og eldur í sinu um netið á miðvikudagskvöld, en hann fékk sér meðal annars að borða á Kolabrautinni í Hörpu og sást drekka macchiato á Café Babalú. Þá náði ung stúlka af Seltjarnarnesi mynd af leikaranum. Stiller, sem gistir á 101 hóteli, var hins vegar ekki eingöngu að dást að náttúrufegurðinni úti á Nesi heldur var hann að skoða heppilegan tökustað í svokallaðri Plútóbrekku, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, hitti Stiller ekki en segir að hann sé alltaf velkominn aftur. Sjálf segist hún vera aðdáandi leikarans. „Já, ég hef séð velflestar myndirnar hans.“ Framleiðslufyrirtækið True North aðstoðar Stiller við leitina hér á landi en Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, vildi ekkert tjá sig um dvöl Stillers eða aðkomu fyrirtækisins að neinu leyti í samtali við Fréttablaðið.

The Secret Life of Walter Mitty er byggð á samnefndri smásögu eftir James Thurber sem kom út árið 1939. Hún var kvikmynduð átta árum síðar af leikstjóranum Norman Z. McLeod og skartaði Danny Kaye og Virginiu Mayo í aðalhlutverkum. Lengi hefur staðið til að endurgera myndina, en meðal þeirra sem hafa sýnt því áhuga eru Steven Spielberg og Ron Howard.

Myndin segir frá téðum Mitty, sem beitir dagdraumum til að komast í gegnum tilbreytingarlausan hversdagsleika sinn. Líf hans tekur hins vegar stakkaskiptum þegar hann kynnist dularfullri konu sem lætur hann hafa svarta bók. Hún er sögð vera leiðarvísirinn að djásnum hollensku konungsfjölskyldunnar sem nasistar földu undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Í endurgerðinni eru krúnudjásnin falin á Íslandi. **freyrgigja@frettabladid.is**



**LEITAÐI Á SELTJARNARNESI** Ben Stiller gerði sér ferð út á Seltjarnarnes og skoðaði þar Plútóbrekkuna frægu í von um að finna hentugan tökustað. Hann hefur í hyggju að endurgera kvikmynd hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY




# Mjólkar kýr í Katalóníu

Hjördís Ólafsdóttir hefur verið búsett á Spáni undanfarin fimm ár og líkar vel. Hún starfar á bóndabæ í Katalóníu og segist ekki vilja flytja heim aftur í bráð.

Hjördís flutti ásamt þáverandi kærustu sinni til Spánar árið 2006 og bjó fyrsta árið í Barcelona. Henni þótti þó nóg um hávaðann og lætin sem fylgdu stórborginni og flutti í fjallaþorpið Olot þar sem hún býr enn. „Ég vinn á bóndabæ hér í grenndinni. Býlið var byggt til að skapa atvinnu fyrir geðfatlaða og þroskahefta og ég sé bæði um að aðstoða þá við sína vinnu og að mjólka kýrnar,“ segir Hjördís sem býr sjálf í miðbæ Olot ásamt konu sinni, hundum og köttum. „Ég veit eiginlega ekki hvernig ég endaði í Olot. Mér fannst Barcelona alltof stór og hávær og henni fylgdi mikið stress. Ég er frá Ísafirði sjálf og hef alltaf verið meira fyrir þorpsstemninguna.“

Hjördís gifti sig í júní og í tilefni þess var haldin stór og fjölþjóðleg veisla. Vinir Hjördísar sáu um skemmtiatriði og buðu upp á tónlist og dansatriði. „Við gerðum þetta bara eftir okkar höfði og giftum okkur hjá dómara á föstudegi en héldum svo veisluna á laugardegi. Vinur okkar, sem er trúður að atvinnu, brá sér í hlutverk prests og eftir athöfnina afklæddist hann kuflinum og var þá í veislufötum innan undir. Nokkrir vinir mínir komu alla leið frá Íslandi til að fagna með okkur og vinir konu minnar komu frá Spáni þannig að gestalistinn var mjög blandaður og fjögur tungumál töluð í veislunni, spænska, katalónska, íslenska og enska.“

Hjördís keypti sér hús í Olot fyrir skemmstu og segist ekki ætla að flytja aftur heim á næstunni. „Ég er gott sem orðin spænsk,“ segir hún og hlær. „Ég hef það mjög fínt hérna og vil vera hér áfram.“ **- sm**



**ÁNÆGÐ Í KATALÓNÍU** Hjördís Ólafsdóttir hefur verið búsett á Spáni í fimm ár. Hún býr í þorpinu Olot ásamt konu sinni og hundum þeirra og köttum.

**Ódýrast!**
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur

# Ofurdagur




# 5 kr.

## afsláttur af lítranum í dag*




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM46422

*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti, Afsláttarkorti eða staðgreiðslukorti Skeljungs. Gildir ekki með öðrum tilboðum og afsláttarkjörum.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Erfingi kominn í heiminn

Kokkurinn og veitingahúsaeigandinn **Hrefna Rósa Sætran** eignaðist sitt fyrsta barn um síðustu helgi. Hrefna og maður hennar, Björn Árnason ljósmyndari, eignuðust heilbrigðan dreng sem skilaði sér í heiminn 11. september eftir nokkurn barning. Drengurinn hefur þegar fengið nafnið Bertram Skuggi sem er í höfuðið á norskum afa hennar, Bertram Sætran.



### Á annan veg í öðru landi

Kvikmyndin Á annan veg hefur vakið nokkra athygli upp á síðkastið og fengið fína dóma hér heima. Aðstandendur kvikmyndarinnar hyggja nú á landvinninga í Evrópu og frumsýna myndina á kvikmyndahátíð í San Sebastian á Spáni eftir helgi. Aðalleikarar myndarinnar, þeir **Hilmar Guðjónsson** og Sveinn Ólafur Gunnarsson, munu fylgja myndinni úr hlaði ásamt Hafsteini Gunnari Sigurðssyni leikstjóra og framleiðendunum, Davíð Óskari Ólafssyni og Sindra Kjartanssyni. Myndin er tilnefnd til svokallaðra Kutxtaverðlauna sem veitt eru besta nýja leikstjóranum á hátíðinni. Töluverð eftirvænting ríkir í hópnum enda um virta kvikmyndahátíð að ræða og ekki loku fyrir það skotið að erlend dreifingarfyrirtæki hafi samband í kjölfarið.



**- hdm, mþl**

### Mest lesið vísir

1. Fóru í sund eftir skólaball
2. Nemendur misvel undirbúnir eftir skólum
3. Stiller drakk Macchiato á Skólavörðustíg
4. Veist þú um Ben Stiller?
5. Ráðleggur lottóvinningshafa að kaupa rauðvín
6. Keypti miðann á fimmtíu kall – fékk fimmtíu milljónir




